

Veðurstofureitur – SKIPULAGSLÝSING vegna nýs deiliskipulags á Veðurstofuhæð

Grænt húsnæði framtíðarinnar á Veðurstofuhæð
Variat -hagkvæmt húsnæði
Bjarg íbúðafélag





Veðurstofuhæð séð frá Öskjuhlíð (forsíða) og af frárein Kringlumýrarbrautar að Bústaðavegi (að ofan) – Ljósmyndir: Pétur Thomsen

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðdragandi og tilgangur deiliskipulagsáætlunar	3
Afmörkun, staðsetning og staðhættir - Núverandi aðstæður	4
Helstu forsendur og tengsl við aðrar áætlanir	6
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040	7
Hverfisskipulag borgarluta 3 - Hlíðar	7
Fyrri undirbúningsvinna - Önnur gögn	8
Umhverfisáhrif áætlunarinnar	9
Helstu viðfangsefni og áherslur við skipulagsgerð	9
Skipulagsferli	10
Helstu umsagnar- og samráðsaðilar	10

Inngangur

Eitt helsta markmiðið við gerð nýs deiliskipulags Veðurstofureits á Veðurstofuhæð er að byggja undir heildstætt nýtt íbúðahverfi á miðsvæði ásamt þjónustu með sterkum vistvænum áherslum í sátt við núverandi umhverfi. Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 segir að þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefjist skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á því hvaða forsendur búi að baki skipulagsgerðinni og hverjar skipulagsáherslur verði.

Aðdragandi og tilgangur deiliskipulags

Fyrir liggur "Samkomulag um Veðurstofuhæð", samþykkt í borgarráði 12. okt. 2017 og lagt fram undirritað í borgarráði 5. apríl 2018 ásamt bréfi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 2. apríl 2018, varðandi vinnu, markmið og lóðavilyrði. Í samkomulaginu segir m.a.:

Samkomulagið byggir á viljayfirlýsingu sem borgarstjóri og fjármála- og efnahagsráðherra undirrituðu 2. júní 2017, um að vinna sameiginlega að þróun og skipulagningu á lóðum í Reykjavík sem eru ýmist í eigu eða umráðum ríkisins. Reykjavíkurborg úthlutaði ríkinu á sínum tíma landsvæði á leigu vegna uppbyggingar Veðurstofu Íslands. Með umræddu samkomulagi hafa aðilar sammælt um að ríkið skili nú þeim hluta leigulóðarinnar sem Veðurstofan þarf ekki að nota undir starfsemi sína til framtíðar.

Í framhaldi af umræddum skilum á hluta lóðarinnar í ofangreindu samkomulagi hefur Reykjavíkurborg hafið undirbúning á gerð deiliskipulags fyrir Veðurstofureit svo þar megi koma fyrir íbúabyggð sem hentar námsmönnum, tekjulágum, ungu fólki til fyrstu kaupa og fólki á almennum fasteignamarkaði. Alls er gert ráð fyrir að byggingarmagn íbúða á Veðurstofuflötinni verði á bilinu 15.000-30.000m².

Efnt var til hugmyndaleitar í tengslum við sóknaráttak sem Reykjavíkurborg stóð fyrir árið 2018 um uppbyggingu hagkvæms húsnæðis fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur og niðurstöðu hópa og samstarfsaðila. Að endingu var ákveðið að ganga til samninga við Variat á byggingu íbúða úr forsmíðuðum viðareiningum á Veðurstofureit í fjórum stöðluðum einingastærðum. Í fyrravor fékkst niðurstaða í samkeppni á milli hönnunarteyma vegna vals á fyrirkomulagi „græns húsnæðis framtíðarinnar“ fyrir almennan markað á Veðurstofureit. Þá hefur verið samið við Bjarg íbúðafélag um uppbyggingu húsnæðis fyrir tekjulága á Veðurstofureit.

Í samningi Reykjavíkurborgar og fjármála- og efnahagsráðuneytis er þess getið að „gert verður ráð fyrir þeim möguleika að hægt verði að breyta núverandi húsnæði stofnunarinnar í íbúðir verði það talið hagstæður kostur fyrir stofnunina að flytja starfsemi sína úr núverandi húsnæði.“ Þá verði nýjum reit fyrir veðurmæla og aðstöðu því tengdu, í stað núverandi svæðis austan Veðurstofuhúss, komið fyrir á reit í Litlu Öskjuhlíð vestan Bústaðavegar nr. 7a (kaldavatnsgeymir Veitna ohf) og byggingarreitur að Bústaðavegi nr. 7 (fyrrum hús Landsvirkjunar / Landsnets) stækkaður fyrir framtíðaruppbyggingu Veðurstofunnar samanber samning Reykjavíkurborgar og Veðurstofunnar dags. 26. febrúar 2018. Í samningi segir enn fremur að Reykjavíkurborg muni tryggja að tekið verði fullt tillit til starfsemi Veðurstofunnar á svæðinu og uppbyggingu veðurstöðvakerfis til framtíðar.

Samkvæmt greinargerð í húsakönnun Borgarsögusafns frá 2021 hefur á svæðinu engin eiginleg deiliskipulagsgerð farið fram. Á svæðinu voru áður erfðafestulönd og óbyggt svæði en frá um 1960 hefur verið úthlutað þar lóðum úr borgarlandinu undir innviðatenda starfsemi og mannvirki, aðallega veitumannvirki. Eldri lega Bústaðavegar lá þvert yfir flötina. Svæðið hefur verið skilgreint sem stofnanasvæði að mestu frá því aðalskipulagið 1962-1983 kom út.

Í byrjun október 2021 hófst samanburðarmæling milli núverandi mælireits og nýs mælireits á Veðurstofuhæð á grunni deiliskipulags Golfskálareitar, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 29. maí 2019. Mælireitnum nýja var komið fyrir á húsgrunni fyrrum golfskála Golfklúbbs Íslands efst á Litlu Öskjuhlíð. Í haust líkur samkeyrslu mælireitanna og verður sá eldri lagður niður um leið og mæliskúr ásamt mælitækjum Geislavarna ríkisins fær nýjan stað rétt sunnan við nýja reitinn. Þá telst veðurstofuflötin tilbúin undir framkvæmdir með tilheyrandi raski.

Veðurstofuhæð M25

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Miðsvæði með áherslu á blandaða byggð. Íbúðir, samfélagsþjónusta þ.m.t. starfsemi Veðurstofu Íslands, skrifstofur, verslun og þjónusta.

Ekki er gert ráð fyrir gististöðum á svæðinu.

Á þeim hluta svæðisins þar sem íbúðarbyggð er ráðandi, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi, er heimilt að hafa íbúðir á jarðhæðum.

Stærð uppbyggingarreits skv. þemakorti (sjá að ofan innan rauðrar punktalínu): 4,5 ha

Stærð íbúðasvæðis á veðurstofuflöt (reitirnir þrír): 2,5 ha

Svæðisnýting / nýtingarhlutfall: 0,6 – 1,2

Hæðir húsa: 3-5

Byggingarmagn íbúðahúsnæðis miðað við reiti á veðurstofuflöt: 15.000 - 30.000m²

Áætlað byggingarmagn atvinnuhúsnæðis á svæðinu: 6.300m² (Veðurstofan og Veitur)

Veitingaflokkur: I og II. Ekki er gert ráð fyrir flokki III.

Spilasalur: nei

Gististaður – flokkur I

Matvöru- dagvöruverslanir: já

Tafla 3.2. Almenn viðmið um hámarksþéttleika íbúðarbyggðar og blandaðrar byggðar eftir staðsetningu í borginni, annars vegar vegna nálægðar við almenningssamgöngur og hins vegar vegna nálægðar við fjölbreyttan atvinnukjarna. Samþykkt deiliskipulags á svæðum sem njóta herra nýtingarhlutfalls vegna nálægðar við stöðvar Borgarlinu er háð því að fyrir liggja tímasett áætlanir um framkvæmdir við Borgarlinu á viðkomandi leið.

Flokkur nýtingar	Svæðisnýting**	Áhrifsvæði almenningssamgöngna (farlægð frá bíðstöðum*)	Bíðstöð byggð. Nálægð íbúðarbyggðar við fjölbreytta atvinnukjarna.**
I	> 1,5 Það samsvarar um 150 íbúðum á ha svæðis eða meira.	Innan við 150 m frá S1 stöð	Landskjarni (sbr. svæðiskipulag) og miðlæg miðsvæði með blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfssemi, miðsvæði M1-4 (þ.m.t. svæði M26 og M27), M8-M15 og önnur samgöngumiðað svæði (sbr. skýgreining svæðiskipulags) með blandaðri og fjölbreyttri byggð íbúða, þjónustu og atvinnustarfssemi.
II	1,2–1,5 Það samsvarar um 120 til 150 íbúðum á ha svæðis.	150–300 m frá S1 stöð 0–150 m frá S2 stöð	
III	0,6–1,2 Það samsvarar um 60 til 120 íbúðum á ha svæðis.	300–600 m frá S1 stöð 150–600 m frá S2 stöð 0–400 m frá S3 stöð	Önnur miðsvæði þar sem byggð er áhrifa á bíðstöð íbúða og atvinnustarfssemi.
IV	0,4–0,6 Það samsvarar um 40 til 80 íbúðum á ha svæðis.	400–600 m frá S3 stöð Innan við 400 m frá S4 stöð	
V	Yfirbragð og þéttleiki byggðar taki mið af næríggjandi byggð.	Önnur svæði utan ofangreindra áhrifsvæða.	

Samantekt á helstu heimildum samkvæmt Aðalskipulags Reykjavíkur 2023

Afmörkun, staðsetning og staðhættir

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Kringlumýrarbraut til austurs, Bústaðavegi til suðurs, núverandi íbúabyggð við Stigahlíð til norðurs og Háuhlíð til vesturs um opið svæði í Litlu Öskjuhlíð.




Skipulagssvæðið, yfirlitsmynd afmörkunar við Bústaðaveg, Stigahlíð, Kringlumýrarbraut og austurmörk Litlu Öskjuhlíðar


Lóð Veðurstofunnar er tæplega 30.600m² að stærð. Einungis er byggt á henni norðanverðri við aðkomu. Mælitæki og helgunarsvæði kringum þau eru á norðausturlóð sem er grasi gróin. Suðurhlutinn, um helmingur lóðar er óbyggður, en þar er byggingarreitur samkvæmt samþykktri afstöðumynd. Svæðið er nokkuð flatt að norðanverðu, en hallar til suðurs og austurs. Óspjallað birki- og holtagróður er að hluta á suðaustanverðri lóð, vinsælt meðal starfsfólks Veðurstofunnar í kaffihléum og meðal núverandi íbúa.

Göngustígur liggur vestan lóðar og tengir m.a. Suðurhlíðar og Hlíðahverfi um undirgöng undir Bústaðaveg. Síðustu þrjú ár hefur nýr göngu- og hjólastígur verið lagður meðfram Kringlumýrarbraut og Bústaðavegi og áfram í vesturátt gegnum ný undirgöng undir Litluhlíð. Stígur þessi verður næst framlengdur eftir Skógarhlíð. Öllu mjórri göngu- og hjólastígur var nýlega lagður sunnan Stigahlíðar við upprif hitaveitustokks. Akstursaðkoma er frá Bústaðavegi í eldra vegstæði Bústaðavegar um miðbik lóðanna nr. 7 og 7a, þar sem er einnig aðkoma að einum helsta kaldavatsgeymi Veitna ohf. Tryggja þarf áfram góða aðstöðu og aðkomu þar. Veðurstofan

er einnig til húsa í byggingu á lóð Bústaðavegar nr. 7 og verður þar líklega til frambúðar í stækkuðu húsnæði.



Mæliblað Bústaðavegur nr. 9 (akstursaðkoma hefur verið felld niður)



Mæliblað Bústaðavegur 7. Aðkoma að Bústaðavegi nr. 7 og 9

Helstu forsendur og tengsl við aðrar áætlanir

Ekki liggur fyrir lögformlegt deiliskipulag að svæðinu en samkvæmt afstöðumynd frá árinu 1999 fyrir lóð Veðurstofunnar og umhverfi er byggingarreitur á sunnanverðri lóðinni um 8000m² að stærð, 1 – 2,5 hæðir. Þar er einnig samþykkt bygging bráðabirgðahúsnaðis vestan aðalbyggingar til ákveðins árafjölda.




Afstöðumynd ásamt sneiðingum frá árinu 1999



Horft til vesturs að Veðurstofuhúsi, veðurmælasvæði um miðbik og íbúðarhús við Stigahlíð til hægri

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (AR2040)

Samkvæmt núgildandi aðalskipulagi er landnotkun reitsins skilgreind sem Miðsvæði (M25), skrifstofur og stofnanir. Áætlað byggingarmagn er á bilinu 15.000 – 30.000m².



Veðurstofureitur ásamt næsta umhverfi – Landnotkun er Miðsvæði samkvæmt þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

HverfisSKIPULAG borgarhluta 3 - Hlíðar

Tillögur að hverfisSKIPULAGI með hugmyndum að breyttri landnotkun og skipulagi á reitnum hafa m.a. verið kynntar á opnum samráðsfundum Reykjavíkurborgar í júní 2016, í hverfisgöngu 20. nóvember 2021 og sérstakri netkönnun sem stóð yfir frá 19. nóvember 2021 til 9. febrúar 2022 þar sem kynnt var greiningarvinna og fólki gafst kostur á að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum á sérstökum kynningarvef hverfisSKIPULAGSINS (Maptionnaire Citizen Engagement Platform). Á öllum stigum var gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði og íbúðum í bland í þriggja til fimm hæða byggð.

Fulltrúum Veðurstofunnar og Fjármálaráðuneytisins hefur tvívegis verið haldið upplýstum með kynningarfundum UM framvindu mála árin 2018 – 2019 og 2021.




Loftmynd af Veðurstofuhæð notuð sem skýringamynd deilt upp í reiti á sem fylgdi með netkönnun á kynningarvef HverfisSKIPULAGS



Almenningur gat merkt inn á kortið þá staði vakti athygli og skrifað athugasemdir

Fyrri undirbúningsvinna - Önnur gögn


Árin 2018-2019 fór fram greining á víkmörkum umferðarrýmdar Bústaðavegar og núverandi tengivegar við reitinn og kom í ljós að núverandi tenging mun anna umferðarmagni ökutækja.



Endurbætt útfærsla Verkfræðistofunnar EFLU á núverandi aðkomu inn á reitinn með minni halla og snjóbræðslu auk lagfæringar á núverandi gatnamótum svo auka megi öryggi allra vegfarenda

Í þeirri vinnu var gert ráð fyrir miðlægu bílastæðahúsi sem væri samnýtt af stafsmönnum Veburstofunnar á daginn og íbúum á kvöldin og um helgar. Frá þeim tíma sem liðinn er enn frekar gert ráð fyrir að íbúabyggðin nýja eigi að byggja undir græna vistvæna lífshætti og bíllausan lífsstíl. Uppfærðir hljóðvistarútreikningar við Bústaðavegin eru í vinnslu. Ljóst er þó að hljóðstig við Bústaðaveg og Kringlumýrarbraut er hátt og vænta má að beita þurfi sértækum lausnum til mótvægis við umferðarnið frá bílum við hönnun bygginga og frágang útsvæða.

Húsakönnun (skýrsla 208, dags. 25. mars 2021) og fornleifaskráning (skýrsla 209, dags. október 2022) Borgarsögusafns liggja fyrir. Þar kemur fram að höfuðstöðvar stofnunarinnar voru byggðar á árunum 1970 til 1973 og setur byggingin enn mikinn svip á hæðina. Varðveislumat Borgarsögusafns metur jafnt byggingarlistfræðilegt sem og menningarsögulegt gildi hússins hátt. Byggingin hefur því einnig hátt varðveislugildi.



Höfuðstöðvar Veðurstofu Íslands, aðalinngangur, snið og suðurgöfl – Hönnuður Skarphéðin Jóhannsson, uppdr. dags. 3. mars 1970

Umhverfisáhrif áætlunarinnar

Fyrirhuguð uppbygging er talin hafa jákvæð umhverfisáhrif. Svæðið sem íbúabyggðin mun rísa er að mestu raskað land. Þétting byggðar á Veðurstofuhæð mun aðlaga sig við núverandi byggð og byggja eins og kostur er undir umhverfisvænan bíllausan lífsstíl þar sem stutt er í almenningssamgöngur og innviði sem styrkja virka ferðamáta svo sækja megi daglega þjónustu.

Kostir Veðurstofureits er:

- nálægð við gróin íbúahverfi í Hlíðum og margþætta þjónustu á miðsvæði Kringlu
- nálægð við vinnustaði og skóla á mennta- og háskólastigi
- góð tengsl við fjölbreytilegar samgöngur
- góð tengsl við útivistarsvæði í Öskjuhlíð og Nauthólsvík

Helstu viðfangsefni og áherslur við skipulagsgerðina

- Vinna tillögu að nýrri heilsteyptri íbúðarbyggð sem fellur vel að umhverfinu og afmarka lóðir undir uppbygginguna.
- Að leita uppi styrkleika rýmisins á svæðinu og flétta saman við borgarsamhengið næst reitnum í Hlíðum og Kringlu.
- Að koma fyrir nýrri 7m breiðri tengingu sem þjónar öllum virkum ferðamátum undir Bústaðaveg og tengja saman norður–suðurás milli Stigahlíðar og Beykihlíðar/Birkihlíðar (Suðurver og Klettaskóli).

- Að skoða þróunar- og uppbyggingarmöguleika lóða á reitnum, hæðir húsa, stakstæð eða í klösum ásamt samnýtingu rýma.
- Að finna hæfilegt nýtingarhlutfall nýbygginga á reitnum.
- Að skoða bílastæðakröfur og bílastæðahús ásamt fyrirkomulagi á aðgengi ökutækja inn á íbúðareitinn. Gert er ráð fyrir mjög lágri bílastæðakröfu þar sem að hluta er um námsmannaíbúðir að ræða og samnýtingarmöguleikar eru á bílastæðum ásamt góðri tengingu við almenningssamgöngur.
- Að deiliahagkerfið eigi að geta þjónað öllum íbúum reitsins.
- Að staðsetja 5-7 íbúa sambýli fyrir fatlaða.
- Að skilgreina útivistarsvæði fyrir íbúa reitsins og núverandi nágretta.

Gert er ráð fyrir að:

- meðalstærð birts flatarmáls íbúða verði 90m² og fjölbreytt úrval íbúðagerða verði tryggt
- byggingarmagn á reitnum skiptist á milli Græns húsnæðis framtíðarinnar á veðurhæðinni, Variat - hagkvæms húsnæðis og Bjargs íbúðafélags
- starfsemi þjónustustofnunar á Veðurstofureit (Veðurstofa Íslands) muni alfarið færast yfir á lóð nr. 7 við Bústaðaveg með nýbyggingarreit vestan við núverandi byggingu
- nýr byggingarreitur Veitna ohf. undir framtíðarstækkun kaldvatnsgeymis verðir staðsettur sunnan við hlið núverandi geymis

Skipulagsferli

Tímasetning helstu verkáfanga og kynninga fyrir almenning:

2023

Febrúar – 27. apríl

Hugmyndaleit

Maí –

Lýsing fyrir deiliskipulag samþykkt til kynningar í skipulags- og samgönguráði

Júní – júlí

Deiliskipulagsdrög kynnt í skipulags- og samgönguráði, kynnt opinberlega og gerð aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar (skipulag í kynningu). Lýsing deiliskipulags send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum (sjá helstu umsagnaraðila að neðan).

2024

Febrúar – mars

Kynning fyrir auglýsingu samkv. 30. og 40. gr. skipulagslaga.

Febrúar – mars

Deiliskipulagstillaga samþ. í auglýsingu og kynningu .

Apríl – maí

Umsögn skipulagsfulltrúa vegna mögulegra athugasemda.

Maí – júní

Deiliskipulagstillaga samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði og borgarráði.

Júní – júlí

Tillögur sendar Skipulagsstofnun.

Júlí – ágúst

Deiliskipulag Veðurstofureits staðfest í B-deild stjórnartíðinda.

Helstu umsagnar- og samráðsaðilar

Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Borgarsögusafn, Veitur ohf, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, hverfisráð og íbúasamtök Hlíða.

Umhverfis- og skipulagssvið: Skrifstofa samgöngustjóra, Skrifstofa umhverfisgæða og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur /Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt

Veðurstofuhæð Húsakönnun

Alma Sigurðardóttir
Drífa Kristín Prastardóttir




Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 208

Veðurstofuhæð

Húsakönnun

Alma Sigurðardóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 208

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Alma Sigurðardóttir

Drífa Kristín Þrastardóttir

Mynd á forsíðu:

Horft suðaustur yfir Litluhlíð eða Minni-Öskjuhlíð (Veðurstofuhæð) á loftmynd frá 1946.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-39. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 208

Reykjavík 2021

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Saga svæðisins.....	5
1.1 Staðhættir og umhverfi.....	6
1.2 Gamli Bústaðavegur	7
1.3 Fossvogsblettir	8
1.4 Golfskáli Golfklúbbs Íslands.....	12
1.5 Reykjaæð.....	14
1.6 Herskálahverfið Bytown Camp (Bústaðakampur)	15
1.7 Vatnsgeymir Vatnsveitu Reykjavíkur	17
1.8 Höfuðstöðvar Veðurstofu Íslands.....	19
1.9 Hús Landsvirkjunar / Landsnets.....	21
1.10 Staða svæðisins í skipulagi.....	22
2. Húsaskrá Reykjavíkur	23
2.1 Húsaskrá: Veðurstofuhæð	25
3. Varðveislumat fyrir hús og mannvirki	35
Heimildaskrá	42

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á deiliskipulagssvæðinu Veðurstofuhæð (Þ35) sem nær yfir staðgreinireiti 1.731, 1.737 og 1.738 og afmarkast af Kringlumýrarbraut að austan, Bústaðavegi að sunnan, Háuhlíð að vestan og syðri lóðamörkum Menntaskólans við Hamrahlíð og syðstu húsa við Stigahlíð að norðan (sjá afmörkun svæðisins á mynd 1). Skýrslan er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna vinnu við gerð deiliskipulags á svæðinu, en hluti þess er skilgreindur sem þróunarsvæði (Þ35) í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og hluti sem opið svæði (OP - Litla-Öskjuhlíð).¹

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabíl gert húsakannanir² í samræmi við ákvæði 37. gr. **skipulagslaga nr. 123/2010**, þar sem segir:³

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.

Ákvæði um skráningu menningarminja er jafnframt að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.⁴

Húsakönnun er „byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.“⁵ Í húsakönnun tekur mat á varðveislugildi til eftirtalinna þátta: byggingarlistalegs gildis, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis, upprunaleika (upprunalegs gildis) og ástands. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi húsa.⁶

Fornleifaskráning hefur farið fram á hluta svæðisins, vegna nýs mæltreitar Veðurstofu Íslands, en unnið er að fornleifaskráningu fyrir heildarsvæðið sem verður gefin út í sérstakri skýrslu.⁷

Febrúar 2021,
María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsóknar,
Borgarsögusafn Reykjavíkur

¹ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. B-hluti: „Skipulag borgarhluta“ (Hlíðar, Holt, Norðurmýri - Borgarhluti 3), bls. 251 og 254.

² Sjá skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefur Borgarsögusafns. Vefslóð: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur.

³ Skipulagslög nr. 123/2010. Tóku gildi 1. janúar 2011. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn.

⁴ Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn.

⁵ Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2, bls. 4. Sjá vef Minjastofnunar: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarit.

⁶ Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun, bls. 4 og 33-34.

⁷ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lía Guðmundsdóttir: „Greinargerð um fornleifar á nýjum mæltreit Veðurstofu Íslands“. Bréf til Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18.2.2019 – Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lía Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla 209. Óútg. [væntanleg 2021].

1. Saga svæðisins

Hér fer á eftir umfjöllun um deiliskipulagssvæðið Veðurstofuhæð (Þ35) sem nær yfir staðgreinireiti 1.731, 1.737 og 1.738 og afmarkast af Kringlumýrarbraut að austan, Bústaðavegi að sunnan, Háuhlíð að vestan og syðri lóðamörkum Menntaskólans við Hamrahlíð og syðstu húsa við Stigahlíð að norðan (sjá afmörkun svæðisins á mynd 1).

Gerð er grein fyrir helstu atriðum í sögu svæðisins, eldri byggð og mannvirkjum og þróun svæðisins til dagsins í dag, en nánari umfjöllun um horfin mannvirki og aðrar minjar á svæðinu má finna í fornleifaskrá Borgarsögusafns.⁸



Mynd 1 Afmörkun deiliskipulagssvæðisins.⁹

⁸ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lía Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla 209. Óútg. [væntanleg 2021].

⁹ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 6.8.2020.

1.1 Staðhættir og umhverfi

Landsvæðið sem um ræðir er hæð eða hlíð sem liggur austan Öskjuhlíðar og í suðausturjaðri íbúðahverfisins Hlíða. Þessi hæð hefur í gegnum tíðina verið þekkt undir ýmsum nöfnum, lengst af sem *Litlahlíð*, *Litla-Öskjuhlíð* eða *Minni-Öskjuhlíð*, um tíma einnig sem *Golfskálahæð* og í seinni tíð sem *Veðurstofuhæð*.

Á vesturhluta svæðisins, þar sem hæðin rís hæst, er opið, óbyggt svæði og grýtt klapparholt, þar sem meðal annars eru ummerki eftir jökulrof ísaldarjökuls. Svæðið hefur lengi verið útivistarsvæði íbúa í Hlíðahverfi, útsýnisstaður og leiksvæði barna. Þar er að finna umhverfislistaverkið *Streymi tímans* eftir Sólveigu Aðalsteinsdóttur (2012), þar sem gróðurhulu hefur að hluta verið svipt af hinum jökulsorfnu klöppum, svokölluðum hvalböckum.¹⁰ Lítið eitt sunnar stóð áður bronsafsteypa af skúlptúr Ásmundar Sveinssonar, *Vatnsberanum*, sem flutt var í Lækjargötu árið 2011.¹¹

Á mið- og austurhluta svæðisins, sem skilgreint er sem stofnanasvæði (S) og þróunarsvæði (Þ35), eru lóðir þar sem byggð hafa verið hús og önnur mannvirki opinberra stofnana eins og Veðurstofu Íslands, sem eru hluti af mikilvægum innviðum borgarinnar og landsins alls.



Mynd 2 Loftmynd af svæðinu frá í júlí 2020.¹²

¹⁰ Vefur Listasafns Reykjavíkur: listasafnreykjavikur.is → Safneign → List í almannarými → Steymi tímans. Sótt 25.1.2021.

¹¹ Vefur Listasafns Reykjavíkur: listasafnreykjavikur.is → Safneign → List í almannarými → Vatnsberinn. Sótt 26.1.2021.

¹² Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Lágflugsloftmynd frá 27.7.2020. Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Myndefni.



Mynd 3 Mynd tekin til austurs yfir Litluhlíð frá Perlunni í desember 2020.¹³

Norðan og vestan svæðisins liggur íbúðarhverfið Hlíðar. Elsti hluti Hlíðahverfis sunnan Miklubrautar, var skipulagður og byggður á árunum 1945-1950, en sú byggð sem liggur næst Veðurstofuhæð, við göturnar Háuhlíð og Stigahlíð, tók að rísa á 6. og 7. áratugi 20. aldar. Einbýlishúshverfið við Stigahlíð sunnan Hamrahlíðar var skipulagt í tvennu lagi, fyrst Stigahlíð að austan á 7. áratugnum og síðan Stigahlíð að vestan upp úr 1980.¹⁴ Fyrir á svæðinu stóð íbúðarhús sem byggt var á erfðafestulandi, Norðurmýrarbletti 35, árið 1937 en það stendur enn á lóðinni Stigahlíð 68 (sjá húsverndarkort). Á þessu svæði stendur einnig bygging Menntaskólans við Hamrahlíð, sem reist var á árunum 1965-1970.

Vestan og sunnan svæðisins, handan Bústaðavegar, liggur útivistarsvæðið í Öskjuhlíð og íbúðarhverfið Suðurhlíðar, sem byggðist upp á árunum 1982-1983, en deiliskipulag fyrir hverfið var samþykkt árið 1982.¹⁵

1.2 Gamli Bústaðavegur

Bústaðavegur, sem nú afmarkar deiliskipulagssvæðið að sunnanverðu, lá upphaflega norðar og þvert í gegnum svæðið sem hér er til umfjöllunar. Gata sem liggur nú innan svæðisins, frá Bústaðavegi að bílastæðum við Veðurstofuna, liggur að hluta þar sem gamli vegurinn lá áður.


Gamli Bústaðavegurinn var upphaflega lagður 1932 og lá frá veginum sem kallaðist Hafnafjarðarvegur eða Reykjanesbraut, þar sem nú er Skógarhlíð, austur að Útvarpsstöðvarvegi / Breiðholtsvegi við Elliðaár.

Vestasti hluti vegarins, sem lá um svæðið sem hér er fjallað um, lagðist af á árunum 1965-1970, þegar klárað var að leggja Kringlumýrarbraut til suðurs og gamli vegurinn slitnaði í sundur. Nýr vesturhluti Bústaðavegar, sem liggur sunnan með skipulagssvæðinu og yfir Kringlumýrarbraut á brú, var gerður í áföngum á árunum 1980-1990.

¹³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: Ónúmeruð mynd (hluti). Ljósmyndari: Pétur Thomsen. Mynd úr verkefninu "Myndræn skráning - borg í breytingum" sem unnið var fyrir Borgarsögusafn og Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur 2020.

¹⁴ Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir. „Skipulag sunnan Hamrahlíðar, einbýlishúshverfi“. Uppdráttur Örnólfs Hall og Aðalsteins Richter, dags. 27.08.1961. „Deiliskipulag einbýlishúsalóða vestan Stigahlíðar“. Uppdráttur Aðalsteins Richter, dags. 18.07.1983. Sjá vef: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Stigahlíð. Sótt 18. mars 2013.

¹⁵ Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Bygðarkönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*, bls. 35.



Mynd 4 Loftmynd frá 1954 sem sýnir legu gamla Bústaðavegar miðað við núverandi byggð og götur.¹⁶

1.3 Fossvogsblettir

Á svæðinu sem hér er til umfjöllunar stóðu áður nokkur hús sem reist voru á erfðafestublettum sem töldust til Fossvogsbletta. Erfðafestublettir voru landskikar sem bæjaryfirvöld úthlutuðu til eignar gegn árlegri leigu og voru ætlaðir sem sumarbústaða- og ræktunarlönd. Ræktun jókst mikið í kjölfarið og bústofn Reykvíkinga stækkaði.¹⁷ Á flestum erfðafestulöndunum risu hús, sem sum hver standa enn í dag en önnur eru horfin.


Uppbygging á Fossvogsblettum hófst í kjölfar atvinnubótavinnu á vegum Reykjavíkurbæjar árið 1935 þar sem flokkur manna ræsti fram mýrarnar í Fossvogi. Grafnir voru skurðir eftir Fossvogsdal og einnig voru lagðir vegir um svæðið. Fossvogsblettum var í framhaldi úthlutað en þar risu aðallega sumarhús og röðuðu þau sér flest sunnan með Fossvogsvegi og Bústaðavegi.¹⁸

Þeir erfðafestublettir sem hér koma við sögu eru Fossvogsblettir númer 51, 52, 54 og 55, sem lágu sunnan með gamla Bústaðavegi og því sunnanvert á svæðinu sem hér um ræðir (sjá kort á mynd 2). Þeim var úthlutað á árunum 1935-1936 og þar risu nokkur hús sem flest stóðu til um 1970-1980.

¹⁶ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd af Reykjavík 1954. Borgarvefsja: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun.

¹⁷ Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 39 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti, bls. 47-49 – Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 40.

¹⁸ Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 250-251 – *Morgunblaðið*, 5. október 1933, bls. 2 – Vigfús Guðmundsson: „Búnaðarmál í Reykjavík“. *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, bls. 162



1947



1954



1979



1990

Mynd 5 Kort og loftmyndir sem sýna svæðið á mismunandi tímabilum. Rauð lína sýnir afmörkun núverandi deiliskipulagssvæðis. Á loftmyndum sést staðsetning húsa sem stóðu á Fossvogsblettum 51-55, ásamt golfskála Golfklúbbs Íslands sem stóð norðan Bústaðavegar.¹⁹

Fossvogsblettur 51 var austastur af þessum blettum og var hluti hans þar sem nú er suðausturhorn deiliskipulagssvæðisins. Þar var byggður sumarbústaður árið 1939, forskalað timburhús með lágu risi, sem stóð nálægt því þar sem nú liggur rampur frá Kringlumýrarbraut upp á Bústaðaveg. Seinna var einnig byggður bílskúr og tveir geymsluskúrar á blettinum.²⁰ Húsið og skúrarnir voru rifnir á tímabilinu 1968-1971, en nokkur ummerki frá erfðafestutíma má enn finna á svæðinu, svo sem steiptan grunn íbúðarhússins, garðlög og ræktunarreit, en lágur kjarrgróður setur nú svip á svæðið.

Fossvogsblettur 52 var stór blettur sem náði frá gamla Bústaðavegi suður að gömlu Reykjanesbraut/Hafnarfjarðarvegi (þar sem nú er gatan Suðurhlíð). Norðurhluti blettsins var þar sem nú er autt svæði sunnan við hús og bílastæði Veðurstofu Íslands (Bústaðaveg 9). Á Fossvogsbletti 52 risu nokkur hús en ekkert þeirra stóð á þeim hluta blettsins sem fellur innan deiliskipulagssvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Þessi hús, tvö íbúðarhús og hænsahús, stóðu á þeim slóðum þar sem gatan Beykihlíð liggur nú, sunnan núverandi Bústaðavegar (í grennd við Beykihlíð 2, 25 og 27) og voru rifin um 1970-1980.²¹

¹⁹ Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak. Sjá vef skjalavers Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Borgarsögusafn Reykjavíkur → Leitarorð: „1947“ – Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir af Reykjavík 1954, 1979 og 1990. Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun.

²⁰ Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 51 (E/519); Skjöl byggingarnefndar (B). Fossvogsblettur 51 (B/3530); Brunabótavirðingar 1937-1942 (aðf. 747) og 1943-1945 (aðf. 749). Hús Guðna Bjarnasonar við Bústaðaveg (Fossvogsblettur 51) (brnr. 3736), virðingar dags. 21.11.1939, 1.4.1942 og 10.5.1945.

²¹ Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 52 (E/520); Brunabótavirðingar 1947-1950 (aðf. 4340). Hús Guðjargar Myrvang við Reykjanesbraut (Fossvogsblettur 52) (brnr. 4851), virðing



Mynd 6 Svæðið á korti frá 1947, þar sem sjá má afmörkun Fossvogsbletta og hús sem þar stóðu, sunnan með gamla Bústaðavegi.²²

Fossvogsblettur 54 lá vestan Fossvogsbletts 52 og sunnan hans var Fossvogsblettur 53, sem fellur að mestu utan svæðisins sem hér er fjallað um. Núverandi hús og lóð að Bústaðavegi 7 falla innan þess svæðis sem Fossvogsblettur 54 tók til. Þar stóð áður íbúðarhúsið *Hvassafell* (þar sem nú er vesturhluti hússins Bústaðavegar 7), ásamt bílskúr og tveimur geymsluskúrum (sjá mynd 7). Húsið var reist árið 1937 sem sumarbústaður úr timbri og var seinna stækkað og forskalað.²³ Það var fjarlæggt á árunum 1976-1979.²⁴

Fossvogsblettur 55 var vestast á svæðinu sem hér um ræðir og var þríhyrningslaga spilda í kverkinni þar sem gamli Bústaðavegur greindist frá gömlu Reykjanesbraut / Hafnarfjarðarvegi. Þar stóð íbúðarhús sem upphaflega var byggt sem sumarbústaður úr timbri árið 1936, en var seinna endurbyggt að hluta og stækkað, hækkað og forskalað (sjá mynd 8).²⁵

dags. 29.9.1947. Hús Gísla Hannessonar við Reykjanesbraut (Fossvogsblettur 52) (brnr. 4979), virðing dags. 6.2.1948.

²² Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak. Sjá vef skjalavers Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Borgarsögusafn Reykjavíkur → Leitarorð: „1947“.

²³ Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 54 (E/522); Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Fossvogsblett 54 (B/3249); Brunabótavirðingar 1937-1942 (aðf. 747). Hús Magnúsar Brynjólfssonar, Hvassafell við Bústaðaveg (brnr. 3440), virðing dags. 21.12.1937.

²⁴ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SPÓ ÁBS 1458. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson – Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd af Reykjavík 1979. Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun.

²⁵ Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 55 (E/523); Brunabótavirðingar 1933-1937 (aðf. 746) og 1943-1945 (aðf. 749). Hús Sigurðar Kristjánssonar við Bústaðaveg, Fossvogsb. 55

Það stóð fram yfir 1984, en var fjarlægt einhvern tíma fyrir 1990.²⁶ Lítið eitt austar á blettinum, þar sem nú liggur gata frá Bústaðavegi sem síðan sveigir til austurs að Veðurstofunni, stóð um tíma skúrbygging, hugsanlega bílskúr eða hæsnahús.



Mynd 7 Íbúðarhúsið *Hvassafell* á Fossvogsbletti 54 árið 1976.²⁷



Mynd 8 Íbúðarhúsið á Fossvogsbletti 55 um 1970-1975.²⁸

(bnr. 3447), virðingar dags. 21.10.1936 og 9.9.1944 – Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SPÓ ÁBS 1457. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson.

²⁶ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir af Reykjavík 1984 og 1990. Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun.


²⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SPÓ ÁBS 1458. Ljósmyndari: Sveinn Þórðarson.

²⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SPÓ ÁBS 1457. Ljósmyndari: Sveinn Þórðarson.

Um tíma stóðu nokkrir kofar eða skúrar á ótilgreindum bletti norðan Fossvogsblettis 55, við afleggjara sem lá frá gamla Bústaðavegi að golfskála Golfklúbbs Reykjavíkur, en hann stóð norðvestan við vatnsgeyminn sem reistur var á svæðinu 1963-1965 (Bústaðavegur 7a, mhl. 01). Þessir skúrar, hugsanlega vinnuskúrar, sjást á loftmynd frá 1954 en eru flestir horfnir 1965.²⁹

1.4 Golfskáli Golfklúbbs Íslands

Árið 1937 fékk Golfklúbbur Íslands (síðar Golfklúbbur Reykjavíkur) leyfi til að byggja golfskála á leigulandi sínu í Litluhlíð. Á sama tíma var Golfklúbbnum úthlutað landi undir golfvöll í *Mjóumýri* syðst í Kringlumýri. Þar var gerður níuholu golfvöllur sem var vígður, ásamt golfskalanum í Litluhlíð, í ágúst 1938 að viðstöddum Friðriki krónprinsi Danmerkur og Íslands og Ingiríði krónprinsessu.³⁰ Skálanum var valinn staður norðan gamla Bústaðavegar, efst á hæðarbungu Litluhlíðar, sem er vestanvert á svæðinu sem hér er til umfjöllunar (sjá mynd 9). Eftir tilkomu golfskálans var einnig farið að kalla svæðið *Golfskálahæð*.




Mynd 9 Staðsetning golfskálans á loftmynd frá 1954. Gular útlínur sýna núverandi byggð (2021).³¹

²⁹ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd af Reykjavík 1954 og 1965. Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun.

³⁰ *Kylfingur*, 4. árg. 1938, 1. tbl., bls. 2-3 – *Morgunblaðið*, 18. maí 1937, bls. 7 – *Alþýðublaðið*, 29.7.1938, bls. 4 – *Fálkinn*, 11. árg. 1938, 39. tbl., bls. 3 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur: Bærin vaknar 1870-1940*. Síðari hluti, bls. 159.

³¹ Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd af Reykjavík 1954. Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun.

Skálinn var að mestu fullbyggður í ágúst 1937 en fullgerður að frágangi í mars 1938.³² Hann var einlyftur með lágu risi og útskotum, byggður úr steinsteypu. Í honum var meðal annars æfingasalur, búningsklefar, eldhús og aðstaða fyrir kennara og húsvörð, eins og sést á teikningu Sigmundar Halldórssonar að húsinu frá 1937 (sjá mynd 10).³³ Undir hluta hússins var einnig kjallari og samkvæmt blaðagreinum frá 1938 var þar nýstárlegt „finnskt baðstofubað“ eða gufubað, sem ekki var gert ráð fyrir á teikningu af húsinu.³⁴



Mynd 10 Teikning Sigmundar Halldórssonar að golfskálanum frá 6. mars 1937.³⁵

Golfskálinn var einnig notaður til almenns samkomuhalds og sem veitingastaður, en eftir að Golfklúbburinn flutti í Grafarholtið árið 1970 fékk skátafélagið Hamrabúar húsið til afnota og hafði þar aðsetur til ársins 1975.³⁶ Skálinn sést á ljósmynd sem til er frá 1976 en ekki á loftmynd frá 1979 og hefur því verið rifinn á árunum 1976-1979.³⁷

³² Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar 1937-1942 (aðf. 747). Hús Golfklúbbs Íslands við Bústaðaveg (brnr. 3527), virðingar dags. 21.8.1937 og 21.3.1938.

³³ Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Bústaðavegur 7. Teikning sp. 11.3.1937 (BN 33/37). Sjá vef: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> – Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar 1937-1942 (aðf. 747). Hús Golfklúbbs Íslands við Bústaðaveg (brnr. 3527), virðing dags. 21.8.1937.

³⁴ *Fálkinn*, 11. árg. 1938, 39. tbl., bls. 3 – *Kylfingur*, 4. árg. 1938, 1. tbl., bls. 3.

³⁵ Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Bústaðavegur 7. Teikning sp. 11.3.1937 (BN 33/37). Sjá vef: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb>.

³⁶ *Vísir*, 15.6.1970, bls. 16.

³⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SPÓ ÁBS 1446. Ljósmyndari: Sveinn Þórðarson – Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd af Reykjavík 1979. Borgarvefsja: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun → Reykjavík árið 1979.



Mynd 11 Austurhlíð golfskálans á ljósmynd sem tekin var á jeppasýningu Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 19. nóvember 1955.³⁸

1.5 Reykjaæð

Um svipað leyti og golfklúbburinn tók í notkun golfvöll sinn og golfskálann í Litluhlíð voru lögð drög að lagningu aðalæðar Hitaveitu Reykjavíkur, svokallaðrar *Reykjaæðar*, í gegnum svæðið. Reykjaæð var lögð á árunum 1939-1943 frá Reykjum í Mosfellssveit vestur í nýreista safngeyma í Öskjuhlíð.³⁹ Æðin var lögð eftir Bústaðaholti endilöngu, áfram til vesturs um svæðið sem hér er til umfjöllunar, norðan við og nokkurn veginn samhliða Bústaðavegi, framhjá golfskálanum og áfram í átt að tönkunum í Öskjuhlíð (sjá á myndum 6 og 9). Upphaflega lá öll æðin ofanjarðar í steiptum stokki með hvelfdu loki og hefur stokkurinn víða þjónað mikilvægu hlutverki sem göngustígur í gegnum tíðina. Þar sem stokkurinn lá hafa nú víðast hvar verið lagðar nýjar leiðslur í jörðu og gamli stokkurinn grafinn niður eða jafnaður við jörðu. Á svæðinu sem hér um ræðir liggur stokkurinn enn að hluta ofanjarðar á sínum upprunalega stað en þó ekki með sínu uppunalega lagi, með hvelfdu loki.

³⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: RVI 435 11. Ljósmyndari: Ragnar Vignir.

³⁹ Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Seinni hluti, bls. 82-83 - Lúðvík Kristjánsson: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 304-306 – Lögberg, 31.8.1939, bls. 1.



Mynd 12 Hitaveitustokkurinn á mynd tekinni til austurs frá Veðurstofuhæð árið 2018.⁴⁰

1.6 Herskálahverfið Bytown Camp (Bústaðakampur)

Á hernámsárunum voru reist tvö herskálahverfi á þeim slóðum þar sem nú eru mislæg gatanamót Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar. Annað var norðan við gamla Bústaðavegin, *Bytown Camp*, en hitt var sunnan við veginn, *Bunker Hill Camp* (sjá mynd 13).⁴¹ Vestasti hlutinn af herskálahverfinu Bytown Camp var innan deiliskipulagssvæðisins sem hér er til umfjöllunar, en hverfið náði lengra til austurs. Bunker Hill Camp var nánast beint á mótinu en aðeins austar.⁴² Bytown Camp, sem seinna var farið að kalla Bústaðakamp, var kanadískt offiserahverfi, talsvert ólíkt öðrum herskálahverfum því þar voru hús en ekki bragar.⁴³

Húsnæðisekla á 5. og 6. áratugnum varð til þess að eftir að hernámsliðið hætti að nota braggana fóru Reykvíkingar að búa í þeim. Samkvæmt samantekt á fjölda braggabúa í Reykjavík uppúr manntölum og íbúaskrá, bjó fólk í Bústaðakampi frá 1946 til 1968, flestir árið 1956, eða 152 einstaklingar.⁴⁴ Árið 1946 var ástand braggaíbúða þar talið gott, íbúar þar að mestu lausir við braggalyktina og í stærsta húsinu var stórt og gott vaskahús sem íbúar skiptust á að nota.⁴⁵

⁴⁰ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Mynd tekin á vettvangi 9.11.2018. Ljósmyndari: Margrét Björk Magnúsdóttir.

⁴¹ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 24-25. Sjá nánar: Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lía Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla 209. Rvk. 2021.

⁴² Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd af Reykjavík 1954 og lágflugsloftmynd 17.7.2018. Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun / Myndefni.

⁴³ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 99.

⁴⁴ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 80.

⁴⁵ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 97, 101, 114.

Hús sem tilheyrðu Bústaðakampi, þar á meðal nokkur sem stóðu vestast á svæðinu sem hér er fjallað um, stóðu allt fram á seinni hluta 7. áratugar 20. aldar, en voru fjarlægð þegar þá var haldið áfram lagningu Kringlumýrarbrautar til suðurs.⁴⁶



Mynd 13 Loftmynd frá 1946 þar sem horft til suðausturs yfir Litluhlíð eða Minni-Öskjuhlíð. Sjá má golfskála Golffélags Íslands efst á hæðarbungunni, hitaveitustokkinn sem liggur í gegnum svæðið og herskálhverfin *Bytown Camp* og *Bunker Hill Camp*, hvort sínum megin við gamla Bústaðaveg.⁴⁷



Mynd 14 Hús í Bústaðakampi árið 1962.⁴⁸

⁴⁶ Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir af Reykjavík 1965 og 1971. Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun.

⁴⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-39. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.

⁴⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV 018 026 4-5. Ljósmyndari: S.J.

1.7 Vatnsgeymir Vatnsveitu Reykjavíkur

Takmörkuð miðlunargeta í veitukerfi bæjarins á 5. og 6. áratugnum varð til þess að reisa þurfti nýjan kaldvatnsgeymi í bænum. Vatnsgeymar sem fyrir voru á Rauðarárholti stóðu þá ekki lengur nógu hátt til að vatnsþrýstingur í hæstu byggðum væri nægur, auk þess sem brýnt var orðið að auka geymarými Vatnsveitunnar. Í lok 6. áratugarins var nýjum vatnsgeymi valinn staður á hæðinni skammt suðaustan golfskálans í Litluhlíð.⁴⁹ Árið 1959 var efnt til hugmyndasamkeppni um útlit vatnsgeyma í Litluhlíð og bárust fimm tillögur. Valin var tillaga Gunnars Hanssonar, Helga H. Árnasonar, Stefáns Ólafssonar og verkfræðifyrirtækisins Larsen & Nielsen, sem gerði ráð fyrir fjórum geymum sem ætlað var að mynda eina heild.⁵⁰

Framkvæmdir við vatnsgeymi í Litluhlíð hófust þó ekki fyrr en á árunum 1962-1963. Þá var samið við sprengingaflokk hjá Grjótnámi Reykjavíkurborgar um að sprengja fyrir vatnsgeyminum niður í blágrýtisstálið í Litluhlíð, en valinn var staður þar sem áður hafði verið stundað grjótnám. Stórar vinnuvélar voru notaðar til að bora og sprengja djúp skörð í bergið og jarðýtur notaðar til að ýta björgum í burtu. Þrjú þúsund rúmmetrar af grjóti voru rýmdir fyrir byggingunni en hluti af grjótinu var nýttur til fyllingar meðfram geyminum.⁵¹ Á sama tíma var unnið að lagningu nýrra vatnsæða frá hinum fyrirhugaða nýja geymi meðfram Kringlumýrarbraut og Miklubraut.⁵²



Mynd 15 Unnið að byggingu vatnsgeymisins í Litluhlíð í febrúar 1964.⁵³


⁴⁹ Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, bls. 241-242 – *Vísir*, 9.9.1959, bls. 1; 2.10.1959, bls. 7.

⁵⁰ Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, bls. 242-243 – *Morgunblaðið*, 16.12.1959, bls. 24.

⁵¹ Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, bls. 243 – *Alþýðublaðið*, 21.5.1964, bls. 16 – *Tíminn*, 16.7.1963, bls. 1.

⁵² *Morgunblaðið*, 16.5.1962, bls. 10 og 23.

⁵³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV vatn-1. Ljósmynd: Þjóðviljnn. Birt í *Þjóðviljanum* 26.2.1964, bls. 1.



Mynd 16 Ein af teikningum Sigurðar Björnssonar, Gunnars M. Steinsen og Hafliða Jónssonar af vatnsgeyminum og umhverfi hans, sem samþykktar voru af byggingarnefnd í febrúar 1963.⁵⁴

Í febrúar 1963 samþykkti byggingarnefnd teikningar að vatnsgeyminum, en þar var horfið frá hugmyndum verðlaunatilögunnar um fjóra geyma sem mynduðu eina heild og í staðinn gert ráð fyrir niðurgrafinni byggingu með tveimur vatnshólfum og lokahúsi við austurenda (sjá mynd 16). Gert var ráð fyrir að byggingin yrði hulin grasivöxnum jarðvegi á hliðum, nema að austanverðu þar sem gengið er inn lokahúsið, en þar var komið fyrir háum og einkennandi súlnagöngum með sjö steinsteiptum súlum. Undir teikningarnar rituðu Sigurður Björnsson, og Gunnar M. Steinsen, verkfræðingar og Hafliði Jónsson garðyrkjustjóri, en Hafliði hannaði skipulag lóðar og frágang umhverfis við bygginguna.⁵⁵ Vorið 1963 hóf byggingarfélagið Brú hf. smíði á geyminum. Tafir urðu á verkinu en vinnu við syðra hólfið, þar sem vatn rennur inn í geyminn, lauk í janúar 1965. Nyrðra hólfið var tekið í notkun í mars sama ár.⁵⁶

Vatnsgeymirinn er um 2000 fermetrar að flatarmáli og getur rúmað yfir 9000 rúmmetra af vatni. Til samanburðar má nefna að gömlu geymarnir á Rauðarárholti tóku um 2000 rúmmetra. Nýi geymirinn stóð auk þess um 9 metrum hærra en gömlu geymarnir (54 m yfir sjávarmáli) og vatnsborð hans átti að geta náð upp í 60 metra hæð en vatnsborð gömlu geymanna náði hæst í 53 metra. Vatnsprýstingur og afkastageta veitukerfis Vatnsveitunnar jókst því til muna með nýja geyminum í Litluhlíð.⁵⁷

⁵⁴ Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Bústaðavegur 7a. Teikning sp. 27.2.1963 (BN 49/63). Sjá vef: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb>.

⁵⁵ Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Bústaðavegur 7a. Teikningar sp. 27.2.1963 (BN 49/63). Sjá vef: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> - *Timinn*, 16.7.1963, bls. 1 og 15.

⁵⁶ Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, bls. 244 – *Þjóðviljinn*, 26.2.1964, bls. 1 – *Vísir*, 12.6.1965, bls. 16.

⁵⁷ Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, bls. 243-245 – *Þjóðviljinn*, 2.10.1959, bls. 5 - *Alþýðublaðið*, 21.5.1964, bls. 16; 26.7.1964, bls. 16.

Árið 1986 var byggt steinsteypt tækjahús fyrir Póst- og símamálastofnun (nú Póst- og fjarskiptastofnun) nálægt norðausturhorni vatnsgeymisins (Bústaðavegur 7a, mhl. 02). Við útlitshönnun þess virðist hafa verið horft til vatnsgeymisins, en hraunaðir fletir á veggjum hússins hafa svipað form og súlnagöngin á austurhlið vatnsgeymisins.



Mynd 17 Vatnsgeymirinn og tækjahús Póst- og fjarskiptastofnunar á Veðurstofuhæð í nóvember 2018.⁵⁸

1.8 Höfuðstöðvar Veðurstofu Íslands

Á árunum 1970-1973 var reist hús fyrir höfuðstöðvar Veðurstofu Íslands á svæðinu austan við vatnsgeymi Vatnsveitunnar. Húsið stendur á um 3 hektara lóð Veðurstofunnar (Bústaðaveg 9) sem tekur yfir austurhelming deiliskipulagssvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Lóðina leigði ríkið af Reykjavíkurborg. Húsið var formlega tekið í notkun í lok árs 1973 og var húsnæðið til mikilla bóta fyrir starfsemi Veðurstofunnar sem áður hafði búið við þröngan húsakost, en bygging sérstakrar og sérhannaðrar Veðurstofubyggingar hafði lengi verið á dagskrá.⁵⁹

Húsið var byggt eftir teikningum Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts (sjá mynd 17), en teikningarnar voru samþykktar 12. mars 1970, degi fyrir andlát Skarphéðins og undirritaðar af Ulrich Stahr arkitekt, sem starfaði á teiknistofu Skarphéðins á árunum 1964-1971.⁶⁰ Að Skarphéðni látnum sáu arkitektarnir Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson um hönnun innréttinga í húsið.⁶¹ Ólafur er jafnframt hönnuður breytinga sem


⁵⁸ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Mynd tekin á vettvangi 9.11.2018. Ljósmyndari: Margrét Björk Magnúsdóttir.

⁵⁹ *Veðrið*, 14. árg.1969, 1. tbl., bls. 3 – *Timinn*, 1.12.1973, bls. 5 – Hilmar Garðarsson: *Saga Veðurstofu Íslands*, bls. 216-225.

⁶⁰ Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Bústaðavegur 9. Teikning sp. 12.3.1970 (BN 26/70). Sjá vef: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotowebeikning> –*Arkitektatal*, bls. 477-478.

⁶¹ *Timinn*, 1.12.1973, bls. 5.

gerðar voru á húsinu á árunum 1995-1996, þegar inndregin 3. hæð hússins var m.a. stækkuð og byggð ofan á húsið lítilli þakbygging, sem gert var ráð fyrir á upphaflegum teikningum Skarphéðins.⁶²



Mynd 18 Teikning Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts af Veðurstofu Íslands (austurhlið) 3. mars árið 1970.⁶³

Þess má geta að um 250 metrum norðvestur af húsi Veðurstofunnar stendur annað höfundaverk Skarphéðins Jóhannssonar, Menntaskólinn við Hamrahlíð, sem byggður var á árunum 1965-1970. Líkt og hús Veðurstofunnar einkenna stórir steinsteyptir fletir og lárétt gluggabönd þá byggingu, en hún var friðuð af menntamálaráðherra árið 2008.

Bygging Veðurstofunnar að Bústaðavegi 9 setti og setur enn svip á svæðið, sem í seinni tíð hefur verið nefnt *Veðurstofuhæð*, enda rís Veðurstofuhúsið hærra en önnur hús á svæðinu og stendur á stórri lóð sem er að öðru leyti að mestu óbyggð. Á svæðinu austan hússins hefur frá upphafi verið mæltreitur Veðurstofunnar, þar sem gerðar hafa verið samfelldar veðurathuganir í áratugi. Mæltreiturinn verður nú færður á nýja lóð vestar á svæðinu, norðvestan vatnsgeymis Vatnsveitunnar, þar sem golfskáli Golfklúbbs Íslands stóð áður, samkvæmt deiliskipulagi sem samþykkt var 26. apríl 2019. Árið 2000 var byggt einingahús á lóðinni vestan Veðurstofuhússins, sem ætlað var sem bráðabirgðahús undir skrifstofu, en það stendur enn á lóðinni (2021).

⁶² Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Bústaðavegur 9. Teikningar sp. 26.5.1995 (BN 386/95) 28.3.1996 (BN 216/96). Sjá vef: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotowebeikning>.

⁶³ Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Bústaðavegur 9. Teikning sp. 12.3.1970 (BN 26/70). Sjá vef: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotowebeikning>.



Mynd 19 Hús Veðurstofunnar, austurhlið, á mynd frá 2018.⁶⁴

1.9 Hús Landsvirkjunar / Landsnets

Á árunum 1988-1989 var reist hús fyrir stjórnstöð Landsvirkjunar á svæðinu, suðvestan við Veðurstofuhúsið, á lóð sem fékk númerið Bústaðavegur 7. Þar stóð áður íbúðarhúsið *Hvassafell* (Fossvogsblettur 54), sem áður er nefnt. Hús Landsvirkjunar var byggt til að hýsa nýjan tölvuvæddan fjarstýri- og fjargæslubúnað fyrir afl- og spennistöðvar Landsvirkjunar sunnan- og norðanlands og var tekið í notkun haustið 1989.⁶⁵ Húsið teiknuðu arkitektarnir Guðmundur Kr. Kristinsson og Ferdinand Alfredsson og er það dæmi um vandaða og vel hannaða byggingu með sérhæft hlutverk.

Árið 1989 efndi Landsvirkjun til hugmyndasamkeppni um útilistaverk á lóðinni og var það málmskúlpúr Hafsteins Austmann, *Spenna*, sem bar sigur úr býtum.⁶⁶ Verkinu var komið fyrir á lóðinni vestan við húsið þar sem það stendur enn.

Í ársbyrjun 2005 fluttist rekstur stjórnstöðvarinnar við Bústaðaveg til Landsnets, nýs fyrirtækis sem er að stærstum hluta í eigu Landsvirkjunar og var stofnað til að sjá um flutning raforku.⁶⁷

Árið 2011 festi íslenska ríkið kaup á húsinu fyrir Veðurstofu Íslands, sem þurfti aukið húsnæði eftir sameiningu við Vatnamælingar árið 2009. Veðurstofan flutti í kjölfarið hluta af starfsemi sinni í húsið, stoðsvið, skrifstofu forstjóra og bókasafn.⁶⁸ Áform hafa síðan verið um að byggja við húsið.

⁶⁴ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Mynd tekin á vettvangi 9.11.2018. Ljósmyndari: Margrét Björk Magnúsdóttir.

⁶⁵ *Morgunblaðið*, 20.1.2988, bls. 22 – Halldór Jónatansson: „Landsvirkjun í aldarfjórðung“. *Sveitarstjórnarmál*, 50. árg. 1990, 3. tbl., bls. 138.

⁶⁶ *Tíminn*, 19.1.1989, bls. 3 – *DV*, 20.1.1989, bls. 31 – *Morgunblaðið*, 28.11.2005 (Fasteignablaðið), bls. 56 – Vefur Listasafns Reykjavíkur: listasafnreykjavikur.is → Safneign → List í almannarými → *Spenna*. Sótt 20.1.2021.

⁶⁷ *Morgunblaðið*, 30.12.2004, bls. 4.

⁶⁸ *Fréttablaðið*, 16.5.2011, bls. 14 – Vefur Stjórnarráðs Íslands: stjoernarradid.is → Efst á baugi → Fréttir → Fréttir dags. 19.12.2007 og 20.12.2011.



Mynd 20 Útsýni til suðausturs, frá vatnsgeyminum yfir hús Landsvirkjunar / Landsnets, á mynd frá 2018.⁶⁹

1.10 Staða svæðisins í skipulagi

Svæðið hefur ekki áður verið deiliskipulagt. Þar voru áður erfðafestulönd og óbyggt svæði, en frá um 1960 hefur verið úthlutað þar lóðum úr borgarlandinu undir innviðatengda starfsemi og mannvirki, eins og rakið hefur verið hér að ofan. Meðal annars úthlutaði Reykjavíkurborg ríkinu þar landsvæði á leigu undir starfsemi Veðurstofu Íslands.

Svæðið hefur verið skilgreint sem stofnanasvæði að mestu frá því aðalskipulagið 1962-1983 kom út, en í nágildandi aðalskipulagi er mið- og austurhluti svæðisins skilgreindur sem þróunarsvæði (Þ35) og vesturhlutinn (vestan lóðanna Bústaðavegar 7 og 7a), sem opið svæði og hverfisgarður (OP – Litla-Öskjuhlíð), þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi ræktun.⁷⁰

Árið 2017 undirrituðu ríkið og Reykjavíkurborg viljayfirlýsingu um að vinna að endurskipulagningu lóða í Reykjavík sem verið hefðu á forsjá ríkisins síðustu áratugi. Í kjölfarið var gert samkomulag milli Reykjavíkurborgar og ríkis um að ríkið skilaði þeim hluta af lóð Veðurstofunnar sem stofnunin þyrfti ekki að nota undir starfsemi sína í framtíðinni.⁷¹ Í framhaldi af því er nú unnið að skipulagi íbúðarbyggðar á svæðinu (2021).

⁶⁹ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Mynd tekin á vettvangi 9.11.2018. Ljósmyndari: Margrét Björk Magnúsdóttir.

⁷⁰ *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. B-hluti: „Skipulag borgarhluta“ (Hlíðar, Holt, Norðurmyri - Borgarhluti 3), bls. 251 og 254.

⁷¹ *Sjómannaskólareitur (Þ32) – Veðurstofuhæð (Þ35). Verklýsing vegna breytinga á aðalskipulagi*, dags. apríl 2018. Reykjavíkurborg, Umhverfis- og skipulagssvið. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Skipulag í kynningu → 09.05.2018 til 28.05.2018 – *Veðurstofuhæð - nýr mælireitur*. Deiliskipulagsuppráttur sp. 26.4.2019. Sjá Skipulagssjá Reykjavíkurborgar: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/>.

2. Húsaskrá Reykjavíkur

Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur um hús í Reykjavík, sem haldið er utan um á Borgarsögusafni Reykjavíkur (áður Árbæjarsafni / Minjasafni Reykjavíkur).

Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra. Við skráninguna er unnið eftir leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu.⁷²

Húsaskráin byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi, svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar, hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sagan er skráð af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.


Hér fer á eftir ítarleg skrá yfir þau hús sem standa í dag (2021) innan deiliskipulags-svæðisins Veðurstofuhæðar (Þ35) ásamt varðveislumati.

⁷² *Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019.

2.1 Húsaskrá: Veðurstofuhæð ⁷³

⁷³ Byggingarár eru samkvæmt skráningu Borgarsögusafns í húsaskrá en þar er stuðst við brunavirðingar. Hafi húsin ekki verið brunavirt er notast við byggingarár samkvæmt Fasteignaskrá (sjá vef Þjóðskrár Íslands: <http://www.skra.is>), nema aðrar heimildir séu um byggingarár.

Fyrsti eigandi Landsvirkjun

Hönnun Guðmundur Kr. Kristinsson og Upphafleg notkun
Ferdinand Alfredsson Stjórnstöð**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Málmur
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Ál
Undirstöður	Steinsteypt

Upphaflegt útlitKjallari
Tvílyft**Helstu breytingar**2011 Gluggabreyting
Innra skipulagi br.
2015 Tækjabúnaður á lóð**Hönnuðir breytinga**Guðjón Magnússon arkitekt
Þorvarður L. Björgvinsson bygg.fr.**Saga**

Húsið var byggt á árunum 1988-1989 til að hýsa stjórnstöð Landsvirkjunar og var tekið í notkun haustið 1989. Það var teiknað af arkitektunum Guðmundi Kr. Kristinssyni og Ferdinand Alfredssyni. Húsið stendur þar sem íbúðarhúsið *Hvassafell* (Fossvogsblettur 54) stóð áður, en það var fjarlægð á árunum 1976-1979 (sjá loftmyndir Borgarvefsjá).

Í ársbyrjun 2005 tók Landsnet, fyrirtæki að stærstum hluta í eigu Landsvirkjunar, við rekstri stjórnstöðvarinnar við Bústaðaveg. Árið 2011 festi íslenska ríkið kaup á húsinu fyrir Veðurstofu Íslands, sem flutti þangað hluta af starfsemi sinni.

Litlar breytingar hafa verið gerðar á húsinu. Gluggar voru síkkaðir á suðurhlíð og notkun vinnuherbergja breytt eftir teikningum Guðjóns Magnússonar, arkitekts hjá Arkform, árið 2011.

Breytingar hafa verið gerðar á lóð hússins. Fljótlega eftir byggingu þess efndi Landsvirkjun til hugmyndasamkeppni um útilistaverk á lóðinni (1989) og var það málmuskúptúr Hafsteins Austmann, *Spenna*, sem bar sigur úr býtum. Verkinu var komið fyrir á lóðinni vestan við húsið (1990), þar sem það stendur enn. Árið 1996 voru reist skilti með innbyggðu ljósi á lóðinni. Árið 2015 var komið fyrir tækjabúnaði fyrir Veðurstofu Íslands við austurgafli hússins og skjólgirðingu í kringum hann.

Varðveislumat**Byggingarlist:****Hátt.** Vandað hús frá níunda áratugi 20. aldar, sérhannað undir innviðatengda starfsemi og tækjabúnað.**Menningsögulegt gildi:****Miðlungs.** Tengist sögu Landsvirkjunar og innviðauppyggingar í landinu.**Umhverfisgildi:****Miðlungs.** Byggingin er lítt sjáanleg frá götu (Bústaðavegi) sökum gróðurs (við suðurhlíð hússins). Hún er hluti af þyrpingu mannvirkja sem staðsett eru í miðju svæðis (Veðurstofuhæðar) sem er að öðru leyti að mestu óbyggt.**Upprunaleg gerð:****Hátt.** Húsið er upprunalegt að gerð og útliti.**Varðveislugildi:****Húsið hefur hátt varðveislugildi, er dæmi um vandaða og vel hannaða byggingu með sérhæft hlutverk. Æskilegt er að sýna aðgát við hönnun breytinga og viðygginga við húsið.**


Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun

Gunnar M. Steinsen og
Sigurður Björnsson verkfr.

Upphafleg notkun

Vatnsgeymir



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Steinar
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

2020 Endurbætur á glugg.
Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Sigurbjartur Loftsson

bygg.fr.

Saga

Um er að ræða vatnsgeymi sem Vatnsveita Reykjavíkur reisti á árunum 1963-1965 eftir teikningum verkfræðinganna Gunnars M. Steinsen og Sigurðar Björnssonar, en Hafliði Jónsson garðyrkjustjóri hannaði skipulag og frágang lóðarinnar umhverfis bygginguna. Byggingarferlið hófst með undirbúning svæðisins árið 1962 þar sem sprengingaflokkur hjá Grjótnámi Reykjavíkur fjarlægði þrjú þúsund rúmmetrar af grjóti. Hluti þess var nýttur til fyllingar meðfram byggingunni.

Byggingin stendur ofarlega á hæðinni sem kölluð hefur verið Litlahlíð eða Minni-Öskjuhlíð (nú Veðurstofuhæð) og hýsir vatnsgeymi með tveimur vatnshólfum og lokahús við austurenda. Byggingin er að mestu niðurgráfin og hliðarnar klæddar með jarðvegi og torfi, nema austurhlíð, sem er prýdd háum súlnagöngum með sjö steinsteyptum súlum og stálgrindverki meðfram þakbrún. Þar sem byggingin er felld inn í hæðina er hún lítt sjáanleg frá götu og nærliggjandi umhverfi. Vatnsgeymirinn í Litluhlíð er um 2000 fermetrar að flatarmáli og getur rúmað yfir 9000 rúmmetra af vatni, en afkastageta veitukerfis Vatnsveitunnar jókst til muna með tilkomu hans. Geymirinn, sem er nú í eigu Veitna ohf., er enn í notkun og er tengdur lögnum frá dælustöðvum.

Ekki virðast hafa verið gerðar útlitsbreytingar á byggingunni í gegnum tíðina, en í júní 2020 fékkst leyfi til að endurnýja glugga og þússningu á útveggjum og setja þar yfir einangrun og slétta hvíta áklæðningu. Ekki var gert ráð fyrir að klæða á súlurnar á framhliðinni á þann hátt.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs. Bygging sérhönnuð undir vatnsgeymi og lokahús, stílhrein með klassískum áhrifum.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt gildi. Byggingin hefur gildi fyrir innviðasögu Reykjavíkurborgar.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Byggingin fellur vel að nærliggjandi umhverfi þar sem hún er niðurgráfin inn í hlíð að stórum hluta. Hún er hluti af þyrpingu mannvirkja sem staðsett eru í miðju svæðis (Veðurstofuhæðar) sem er að öðru leyti að mestu óbyggt.


Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Byggingin virðist upprunaleg að gerð og útliti.

Varðveislugildi:

Byggingin hefur miðlungs varðveislugildi. Vert er að benda á menningarsögulegt gildi hennar.

Fyrsti eigandi Póst- og símamálastofnun Hönnun Jósef Reynis arkitekt

Upphafleg notkun
Tækjahús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múr / hraunað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Þakstál
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Um er að ræða tækjahús sem reist var eftir teikningu Jósef Reynis arkitekts fyrir Póst- og símamálastofnun (nú Póst- og fjarskiptastofnun) árið 1986. Um leið voru reist tvö há fjarskiptamöstur á lóðinni.

Húsið stendur nálægt norðausturhorni vatnsgeymis Vatnsveitu Reykjavíkur (mhl. 01). Má ætla að hraunaðir fletir á veggjum byggingarinnar vísi í súlnagöng sem einkenna austurhlíð vatnsgeymisbyggingarinnar (mhl. 01).

Annað af tveimur háum möstrum á lóðinni er staðsett við norðurhlíð byggingarinnar, hitt sunnar á lóðinni.

Varðveislumat**Byggingarlist:**

Miðlungs gildi. Einfalt steinsteyp tækjahús hannað með hliðsjón af útliti eldri vatnsgeymisbyggingar á lóðinni.

Menningarsögulegt gildi: Lág. Tengist sögu fjarskiptamála.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Húsið er hluti af þyrpingu mannvirkja sem staðsett eru í miðju svæðis (Veðurstofuhæðar) sem er að öðru leyti að mestu óbyggt.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Húsið virðist upprunalegt að gerð og útliti.

Varðveislugildi:


Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Íslandssími ehf

Hönnun Skúli Skúlason verkfræðingur

Upphafleg notkun

Jarðstöð

**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Torf
Undirstöður	Steinsteypt

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Íslandssími reisti mannvirkið, sem er jarðstöð, árið 2000 eftir teikningum Skúla Skúlasonar verkfræðings. Jarðstöðin er staðsett á lóð Veitna ohf. við Bústaðaveg 7a og er innfeld í jarðhalla á svæðinu. Hún stendur skammt sunnan við suðvesturhorn vatnsgeymisbyggingar Veitna (mhl. 01). Hvítir fjarskiptadiskar úr trefjaplasi hvíla á stálfótum á byggingunni. Tveggja metra há stálgirðing umkringir jarðstöðina að ofanverðu.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt steinsteypt mannvirki fyrir jarðstöð.

Meningarsögulegt gildi: Lágt. Mannvirki fyrir fjarskipti.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Jarðstöðin er að stórum hluta neðanjarðar og fellur því ágætlega að umhverfi sínu. Áfastir hvítir fjarskiptadiskar og stálgrindverk umhverfis efri hluta mannvirkisins eru töluvert áberandi frá götu (Bústaðavegi).

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Mannvirkið virðist upprunalegt að gerð og útliti.

Varðveislugildi: Mannvirkið hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Veðurstofa Íslands


Hönnun

Skarphéðinn Jóhannsson

Upphafleg notkun

arkitekt

Skrifstofa



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Hraunað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	
Undirstöður	Steinsteypt

Upphaflegt útlit

Þrílyft
Kjallari

Helstu breytingar

1995	Svalir
	Gluggabreyting
1996	Viðbygging 3. h.
	Inndregin þakbygg.

Hönnuðir breytinga

Ólafur Sigurðsson	arkitekt
Ólafur Sigurðsson	arkitekt
Ólafur Sigurðsson	arkitekt

Saga

Byggingin var reist á árunum 1970-1973 undir starfsemi Veðurstofu Íslands og hýsir höfuðstöðvar hennar, skrifstofur og tækjabúnað. Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt er hönnuður hússins en teikningar hans að húsinu voru samþykktar 12. mars 1970, degi fyrir andlát hans og undir þær ritar samstarfsmaður hans Ulrich Stahr arkitekt.

Á árunum 1995-1996 voru gerðar breytingar á húsinu eftir teikningum Ólafs Sigurðssonar arkitekts. Árið 1995 var bætt við svölum frá 2. hæð á suðurgafli hússins, ásamt nýrri hurð og glugga. Árið 1996 var inndregin 3. hæð hússins stækkuð um 5 metra til norðurs og jafnframt bætt við lítilli þakbyggingu ofan á 3. hæðina, sem gert var ráð fyrir á upphaflegum teikningum Skarphéðins frá 1970. Allur frágangur á gluggum og yfirborði steypu (sem er hraunað) tók mið af útliti eldra húss.

Veðurstofan hlaut Fegrunarviðurkenningu Reykjavíkurborgar árið 1990 fyrir frágang lóðar og fegrun umhverfis síns.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Hátt. Skrifstofuhús opinberrar stofnunar, hannað í módernískum anda. Ein af síðustu byggingunum sem Skarphéðinn Jóhannsson hannaði á farsælum ferli sínum. Gott dæmi um eitt af stærri höfundaverkum hans þar sem hreinir fletir og lárétt gluggabönd spila lykilhlutverk.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt. Höfuðstöðvar Veðurstofu Íslands í tæpa hálfra öld. Hýsir enn upphaflega starfsemi.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Byggingin er hluti af þyrpingu mannvirkja sem staðsett eru í miðju svæðis. Hún er áberandi frá Bústaðavegi og hefur orðið einskonar kennileiti fyrir svæðið sem í dag (2020) sem er oft kallað Veðurstofuhæð.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Byggingin var lengd að hluta og hækkuð 1995-1996. Breytingarnar falla vel að upprunalegri hönnun, gerð og útliti.


Varðveislugildi:

Byggingin hefur hátt varðveislugildi. Ein af síðustu byggingunum sem hannaðar voru á farsælum ferli Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts. Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: *Einstök hús, húsaáðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Fyrsti eigandi Veðurstofa Íslands
Fasteignir Ríkissjóðs

Hönnun Guðjón Magnússon arkitekt

Upphafleg notkun
Skrifstofa



Upphafleg gerð

Tegund Timburgrind
Klæðning Timbur
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Bráðabyrgða

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið sem hér um ræðir er einingahús sem upphaflega var reist sem bráðabirgðaskrifstofuhús til fimm ára fyrir Veðurstofu Íslands. Húsið stendur við norðvesturhorn aðalbyggingar Veðurstofunnar (sjá mhl. 01) og tengjast húsin með göngustíg. Sameiginleg bílastæði húsana eru suðvestan við þau.

Húsið stendur á bráðabirgðaundirstöðum þar sem upphaflega var um tímabundna lausn á húsnæðisvanda stofnunarinnar að ræða.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt, timburklætt einingahús.


Menningarsögulegt gildi: Lágt. Tengist starfsemi Veðurstofu Íslands.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Húsið stendur á gróðursælum reit norðvestan við aðalbyggingu Veðurstofu Íslands og liggur göngustígur á milli húsanna. Er hluti af þyrpingu mannvirkja sem staðsett eru í miðju svæðis (Veðurstofuhæðar) sem er að öðru leyti að mestu óbyggt.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið virðist upprunalegt að gerð og útliti.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt varðveislugildi. Um er að ræða einingahús reist til bráðabirgða.

Fyrsti eigandi Geislavarnir ríkisins

Hönnun Ragnar Ómarsson
byggingafræðingurUpphafleg notkun
Tækjahús

Upphafleg gerð

Tegund	Timburgrind
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steinsteypt

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Tækjahús sem hýsir mælitæki fyrir Geislavarnir ríkisins, staðsett austan við aðalbyggingu Veðurstofu Íslands (mhl. 01). Það er reist eftir teikningum Ragnars Ómarssonar byggingafræðings. Húsið stendur nálægt núverandi mælireit Veðurstofunnar, sem verið hefur austanvert á lóðinni frá 1973, en verður nú fluttur á nýja lóð norðvestan vatnsgeymis Vatnsveitunnar (Bústaðavegi 7a), samkvæmt deiliskipulagi sp. 26.4.2019.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt hús byggt úr forsmíðuðum timburgrindareiningum.

Meningarsögulegt gildi: Lágt. Tengist starfsemi Geislavarna ríkisins.

Umhverfisgildi: Lágt. Húsið stendur stakstætt austan við þyrpingu mannvirkja sem staðsett eru í miðju svæðis (Veðurstofuhæðar) sem er að öðru leyti að mestu óbyggt.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið virðist upprunalegt að gerð.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt varðveislugildi.

3. Varðveislumat fyrir hús og mannvirki

Í varðveislumati húsakönnunar er gerð grein fyrir *verndarstöðu* viðkomandi húsa og mannvirkja gagnvart lögum og gildandi deiliskipulagi sveitarfélags, þ.e. hvort hús eru friðlýst, friðuð, umsagnarskyld eða hverfisvernduð. Friðlýsing húsa og friðun húsa sem eru 100 ára og eldri byggir á lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Þar er jafnframt kveðið á um umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1925 og fyrr.⁷⁴ Hverfisvernd er skilgreind í skipulagslögum nr. 123/2010.⁷⁵

Í húsakönnunum eru einnig, á grundvelli varðveislumats og niðurstöðu um varðveislugildi, gerðar tillögur um hverfisverndun húsa eða heilda sem síðan geta hlotið staðfestingu í deiliskipulagi. Hverfisvernd húsa og mannvirkja í Reykjavík byggir m.a. á borgarverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem sett er fram í aðalskipulagi. Í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030* er sett fram núgildandi borgarverndarstefna Reykjavíkurborgar og skilgreindir þeir verndunarflokkar sem byggt er á við hverfisverndun húsa og byggðaheilda í Reykjavík.⁷⁶ Þar er jafnframt allt svæðið innan gömlu Hringbrautar / Snorrabrautar skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Um verndun á því svæði er auk þess stuðst við eldri húsverndarstefnu (Húsverndarskrá Reykjavíkur) sem gefin var út með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.⁷⁷

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við leiðbeiningar Minjastofnunar um gerð byggða- og húsakannana og skráningu húsa og mannvirkja.⁷⁸ Metnir eru eftirfarandi þættir og gildi hvers og eins metið *hátt, miðlungs* eða *lágt*: *Byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunaleiki (upprunalegt gildi) og tæknilegt ástand*. Niðurstaða varðveislumats, þ.e. varðveislugildi húss, byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þýngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Verndunarflokkar sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012:

Friðlýst hús og mannvirki - BLÁR FLOKKUR

Hús og mannvirki sem friðlýst eru með ákvörðun ráðherra samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú einnig friðlýst.⁷⁹ Um friðlýsingu segir í 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“

⁷⁴ *Lög um menningarminjar* nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn.

⁷⁵ *Skipulagslög* nr. 123/2010. Tóku gildi 1.1.2011. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn.

⁷⁶ *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. A-hluti: „Borg fyrir fólk“ og C-hluti: „Fylgiskjöl“ - „Aðalskipulag - Borgarverndarstefna“. Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur> → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.

⁷⁷ *Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

⁷⁸ *Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2, bls. 33-34.

⁷⁹ Friðlýst hús eru á skrá hjá Minjastofnun Íslands og þar er getið um friðunarár og hvaða hluti byggingar er friðaður, sjá: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðlýst hús og mannvirki → Reykjavík.

Friðuð hús og mannvirki - FJÓLUBLÁR FLOKKUR

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/201.⁸⁰ Gildir nú um *hús byggð 1921 eða fyrr* samkvæmt Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Athuga skal að heimildir geta verið um annað byggingarár en það sem gefið er upp í Fasteignaskrá.⁸¹

Umsagnarskyld hús - APPELSÍNUGULUR FLOKKUR

Hús sem hvorki eru friðuð né friðlýst en byggð 1925 eða fyrr, og kirkjur reistar 1940 eða fyrr, eru umsagnarskyld samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e. eigendum þeirra er skylt að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Ákvæði um hverfisvernd í skipulagslögum nr. 123/2010:

I. kafli, 2. gr.: „*Hverfisvernd*: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.“

IV. kafli, 12. gr.: „Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.“

Verndunarflokkar sem byggja á hverfisvernd skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og borgarverndarstefnu Reykjavíkur í AR 2010-2030:⁸²

Einstök hús, húsaðir og götumyndir - RAUÐUR FLOKKUR

Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.⁸³

Samstæður húsa og heildir - GULUR FLOKKUR

Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.⁸⁴

⁸⁰ Sjá einnig vef Minjastofnunar Íslands: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðuð hús og mannvirki → Reykjavík.

⁸¹ Komi upp vafamál í tengslum við byggingarár húsa í Reykjavík má leita upplýsinga hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur í gegnum netfangið minjavarsla@reykjavik.is.

⁸² *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. C-hluti: „Fylgiskjöl““. Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur> → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.

⁸³ Áður: **grænn** flokkur: Verndun 20. aldar bygginga, **rauður** flokkur: Tillaga að friðun og **dökkgulur** flokkur: Verndun götumynda, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

⁸⁴ Áður: **ljósgulur** flokkur: Verndun byggðamynsturs og **milligulur** flokkur: Verndun svæða, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

Veðurstofuhæð (Þ35)

Varðveislumat húsa og mannvirkja⁸⁵

Á deiliskipulagssvæðinu standa í dag sjö hús og mannvirki sem mynda þyrpingu á miðhluta svæðisins. Um er að ræða hús og mannvirki af ólíkum toga sem eiga það sameiginlegt að hafa verið reist undir innviðatengda starfsemi á vegum opinberra stofnana og fyrirtækja.

Veigamest þeirra og mest áberandi eru skrifstofuhús Veðurstofu Íslands, Bústaðavegur 9, og stjórnstöð Landsvirkjunar (Landsnets), Bústaðavegur 7. Önnur mannvirki eru vatnsgeymir, tækjahús, bráðabirgðaskrifstofuhús og jarðstöð.

Umrædd hús og mannvirki hafa risið á svæðinu á yfir 50 ára tímabili, eru ólík að gerð og endurspegla mismunandi hlutverk og byggingarstíla. Elsta byggingin er steinsteyptur vatnsgeymir Vatnsveitu Reykjavíkur (Bústaðavegur 7a, mhl. 01) sem reistur var á árunum 1963-1965. Geymirinn er umfangsmikill að stærð en að mestu niðurgrafinn og klæddur með jarðvegi og torfi. Með tilkomu hans jókst afkastageta Vatnsveitunnar til muna og þáttur hans í innviðasögu borgarinnar er því mikilvægur. Um áratug eftir að hafist var handa við byggingu vatnsgeymisins eða snemma á 8. áratug 20. aldar, var skrifstofuhús Veðurstofunnar (Bústaðavegur 9) reist, austan vatnsgeymisins. Húsið er sérhannað til að hýsa höfuðstöðvar, skrifstofur og tækjabúnað opinberrar stofnunar og er gott dæmi um eitt af stærri höfundarverkum Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts, hannað í módernískum anda. Tvö hús, tækjahús Póst- og símamálastofnunar (Bústaðavegur 7a, mhl. 02) og stjórnstöð Landsvirkjunar (Bústaðavegur 7) voru reist á síðari hluta 9. áratugarins, hvort tveggja hús sem sérhönnuð voru undir sértæka starfsemi og tækjabúnað. Ekki voru reist fleiri mannvirki á svæðinu fyrr en um 2000, en frá þeim tíma er timburhús á lóð Veðurstofunnar sem reist var sem bráðabirgðaskrifstofuhúsnæði (Bústaðavegur 9, mhl. 02) og jarðstöð sem upphaflega var reist fyrir Íslandssíma (Bústaðavegur 7a, mhl. 03). Yngsta húsið innan svæðisins er lítið tækjahús sem reist var fyrir Geislavarnir ríkisins á lóð Veðurstofunnar árið 2009 (Bústaðavegur 9, mhl. 03).


Verndarstaða húsa og mannvirkja skv. lögum um menningarminjar:

Ekkert þeirra húsa eða mannvirkja sem standa innan deiliskipulagssvæðisins í dag (2021) er friðlýst eða fellur undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 um friðun eða umsagnarskyldu vegna aldurs.⁸⁶

⁸⁵ Borgarsögusafn (áður Árbæjarsafn) hefur unnið út frá því að tillögur um hverfisverndun húsa og heilda sem settar eru fram í húsakönnunum safnsins séu viðbót við og endurskoðun á húsverndarstefnu Reykjavíkur, eða svokallaðri Húsverndarskrá Reykjavíkur. Húsverndarskrá Reykjavíkur var upphaflega gefin út í þemaheftinu *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar* sem fylgdi *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Þar segir: „Húsverndarskráin er grunnur að framtíðarstefnumótun í húsverndarmálum í Reykjavík og mun hún verða staðsett á Árbæjarsafni. Tillögur um verndun og friðun eru gerðar á grundvelli hennar og mun hún verða yfirfarin með reglulegu millibili“ (bls. 9). Tillögur um hverfisverndun sem settar eru fram í húsakönnunum Borgarsögusafns (á húsverndarkortum) eru nú færðar inn í Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR) og eru sýnilegar í Borgarvefsjá.

⁸⁶ Sjá *Lög um menningarminjar* nr. 80/2012, V. og VI. kafla.

HÚS OG MANNVIRKI VERNDUÐ SAMKVÆMT LÖGUM Veðurstofuhæð (P35)



Tillögur Borgarsögusafns um hverfisverndun húsa og heilda:⁸⁷

RAUÐUR FLOKKUR: *Einstök hús, húsaradur og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Bústaðavegur 9 (mhl. 01) – Skrifstofuhús Veðurstofu Íslands - b. 1973

Skrifstofuhús Veðurstofu Íslands er áberandi frá Bústaðavegi og hefur orðið einskonar kennileiti fyrir svæðið sem er oft kallað Veðurstofuhæð. Byggingin er í módernískum anda og er ein af síðustu byggingunum sem Skarphédinn Jóhannsson hannaði á farsælum ferli sínum. Hún er gott dæmi um eitt af stærri höfundaverkum hans þar sem hreinir fletir og lárétt gluggabönd spila lykilhlutverk.

Fyrir hús sem vernduð eru í rauðum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu⁸⁸ eiga við um rauðan flokk: *Byggingar sem lagt er til að friða*, grænan flokk: *Verndun 20. aldar bygginga* og dökkgulan flokk: *Verndun götumynda, húsarada og húsa með umhverfisgildi:*

- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*
- *Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.*
- *Útlit húsa verði fært til upprunalegs horfs, þar sem breytingar eru til lýta.*


Bent er á menningarsögulegt gildi vatnsgeymisins við Bústaðaveg 7a og byggingarlistarlegt gildi stjórnstöðvarhúss Landsvirkjunar við Bústaðaveg 7. Æskilegt er að sýna aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga við þessi hús.

⁸⁷ Borgarsögusafn (áður Árbæjarsafn) hefur unnið út frá því að að tillögur um verndun húsa og heilda sem settar eru fram í byggða- og húsakönnunum safnsins séu viðbót við og endurskoðun á húsverndarstefnu Reykjavíkur, eða svokallaðri Húsverndarskrá Reykjavíkur. Húsverndarskrá Reykjavíkur var gefin út í þemaheftinu *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar* sem fylgdi *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Þar segir: “Húsverndarskráin er grunnur að framtíðarstefnumótun í húsverndarmálum í Reykjavík og mun hún verða staðsett á Árbæjarsafni. Tillögur um verndun og friðun eru gerðar á grundvelli hennar og mun hún verða yfirfarin með reglulegu millibili” (bls. 9).


⁸⁸ *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

TILLÖGUR UM HVERFISVERND

Veðurstofuhæð



Byggingartímabil húsa á deiliskipulagssvæðinu



Varðveislugildi húsa á deiliskipulagssvæðinu



Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir

Borgarskjalsafn Reykjavíkur:

Brunabótavirðingar 1937-1942 (aðf. 747).

Brunabótavirðingar 1943-1945 (aðf. 749).

Brunabótavirðingar 1947-1950 (aðf. 4340).

Skjöl byggingarnefndar (B).

Fossvogsblettur 51 (B/3530), Fossvogsblettur 54 (B/3249).

Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E).

Fossvogsblettir 51 (E/519), 52 (E/520), 54 (E/522) og 55 (E/523).

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).

Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lía Guðmundsdóttir: „Greinargerð um fornleifar á nýjum mælireit Veðurstofu Íslands og aðkomuvegi í Minni Öskjuhlíð“.
Bréf til Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18.2.2019.

Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lía Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð*.

Fornleifaskrá. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla 209. Óútg. [væntanleg 2021].

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Kortasafn.

Ýmis kort og uppdrættir.

Rafræn gögn.

Ljósmyndir teknar við vettvangskönnun.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Ljósmyndir úr safneign.

Skjalaver Reykjavíkurborgar:

Skipulagsuppdrættir.

Teikningasafn byggingarfulltrúans í Reykjavík.

Prentaðar / útgefnar heimildir

Aðalskipulag Reykjavíkur 1962–83. Reykjavíkurborg. Reykjavík 1966.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1984-2004. Borgarskipulag Reykjavíkur. Reykjavík 1988.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1990-2010. Borgarskipulag Reykjavíkur. Reykjavík 1991.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016. Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík. Reykjavík 1997.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur. Reykjavík 2013.

Alþýðublaðið, 29.7.1938; 21.05.1964; 26.7.1964.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lía Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 164. Reykjavík 2014.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lía Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 163. Reykjavík 2013.

DV, 20.1.1989.

Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri og seinni hluti. Reykjavík 1998.

Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. Reykjavík 2000.

Fálkinn, 11. árg. 1938, 39. tbl.

Fréttablaðið, 16.5.2011.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Fyrri og síðari hluti. Reykjavík 1991 og 1994.

Halldór Jónatansson: „Landsvirkjun í aldarfjórðung“. *Sveitarstjórnarmál*, 50. árg. 1990, 3. tbl., bls. 132-140.

Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*. Umsjón útgáfu: Kolbeinn Bjarnason og Lýður Björnsson. Orkuveita Reykjavíkur. Reykjavík 2007.

Hilmar Garðarsson: *Saga Veðurstofu Íslands*. Reykjavík 1999.

Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019. Sjá vef Minjastofnunar: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarit.

Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998. *Kylfingur*, 4. árg. 1938, 1. tbl.

Lúðvík Kristjánsson: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Reykjavík 1952.

Lögberg, 31.8.1939.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn.

Morgunblaðið, 5. október 1933; 18. maí 1937; 16.12.1959; 16.5.1962; 30.12.2004; 28.11.2005 (Fasteignablaðið).

Sjómannaskólareitur (Þ32) – Veðurstofuhæð (Þ35). Verklýsing vegna breytinga á aðalskipulagi, dags. apríl 2018. Reykjavíkurborg, Umhverfis- og skipulagssvið. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Skipulag í kynningu → 09.05.2018 til 28.05.2018.

Skipulagslög nr. 123/2010. Tóku gildi 1.1.2011. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn.

Tíminn, 16.7.1963; 1.12.1973; 19.1.1989.

Veðrið, 14. árg.1969, 1. tbl.

Veðurstofuhæð - nýr mælireitir. Deiliskipulagsuppdráttur sp. 26.4.2019. Sjá Skipulagssjá Reykjavíkurborgar: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/>.

Vigfús Guðmundsson: „Búnaðarmál í Reykjavík“. *Þættir úr sögu Reykjavíkur gefnir út vegna 150 ára afmælis Reykjavíkurborgar*. Reykjavík 1936. Bls. 140-171.

Vísir, 9.9.1959; 2.10.1959; 12.6.1965; 15.6.1970.

Þjóðviljinn, 2.10.1959; 26.2.1964.

Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin. Búskapur í Reykjavík 1870–1950*. Ritröð: Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík 1986.

Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Skipulagssjá Reykjavíkurborgar: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/>.

Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsupprættir; Aðalupprættir.

Tímaritavefur Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns: <http://timarit.is/>.

Vefur Alþingis: <http://www.althingi.is/> → Lagasafn.

Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefslóð: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur.

Vefur Listasafns Reykjavíkur: listasafnreykjavikur.is → Safneign → List í almannarými → Steymi tímans / Vatnsberinn / Spenna. Sótt í jan. 2021.

Vefur Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/>.

Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Veðurstofuhæð. Sótt 25. nóv. 2020.

Vefur skjalavers Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsupprættir; Aðalupprættir; Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Vefur Stjórnarráðs Íslands: stjornarradid.is → Efst á baugi → Fréttir → Fréttir dags. 19.12.2007 og 20.12.2011.

Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is/> → Leita að fasteign.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 160 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri, Seljamýri, Öskjuhlíð*. Byggðakönnun. *Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdarefirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.
- 169 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
- 170 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Framkvæmdarefirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.
- 173 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.
- 174 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.
- 175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð*. Rvk. 2016.
- 176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi*. Rvk. 2016.
- 177 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitur*. Rvk. 2016.
- 178 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*. Rvk. 2017.
- 180 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 181 María Gísladóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Ellidárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.
- 184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitir. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.
- 185 Anna María Bogadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 186 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.
- 187 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*. Rvk. 2017.
- 188 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Rvk. 2018.
- 189 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsveggar frá Leirvogsa að Hvalfirði*. Rvk. 2018.
- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfnsvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfssdóttir, Björn Ari Órvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Amundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellidárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 205 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 206 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 207 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsveggar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.

Veðurstofuhæð

Fornleifaskrá

Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Líska Guðmundsdóttir




Reykjavík 2022

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 209

Veðurstofuhæð

Fornleifaskrá

Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Lís Guðmundsdóttir



Reykjavík 2022

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 209

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Lía Guðmundsdóttir

Mynd á forsíðu:

Ungmennafélagspiltar gera skíðabraut í Öskjuhlíð.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur. ÁBS 1 802. Ljósmyndari óþekktur, 1910.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 209

Reykjavík 2022

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Saga svæðisins	4
1.1 Staðhættir og örnefni	5
1.2. Í landi Reykjavíkur	8
1.2.1 Gamli vegir	8
1.2.2 Skíðasvæði í Litlu-Öskjuhlíð	11
1.2.3 Erfðafesta	12
1.2.4 Golf	13
1.2.5 Veitur	14
1.2.6 Hernámsárin	16
2. Almenn um verndun menningarminja	20
3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja	21
4. Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar	23
4.1 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar á deiliskipulagssvæðinu	23
Reykjavík 5-215 Skíðasvæði Minni-Öskjuhlíð	23
Reykjavík 5-216 Skotbyrgi	25
Reykjavík 5-217 Skotbyrgi	26
Reykjavík 5-386 Bytown Camp, Bústaðakampur	27
Reykjavík 5-507 Golfskáli Golfklúbbs Íslands	28
Reykjavík 5-620 Byssustæði	30
Reykjavík 5-621 Skotgröf	32
Reykjavík 5-622 Skotgröf	33
Reykjavík 5-623 Skotgröf	34
Reykjavík 5-624 Skotgröf	35
Reykjavík 5-627 Garðlag, ræktunarreit	36
Reykjavík 5-628 Fossvogsblettur 51, grunnur	38
Reykjavík 5-629 Garðlag, lóðamörk	40
Reykjavík 5-630 Gamli Bústaðavegurinn	41
Reykjavík 5-631 Vegur að Golfskála	43
Reykjavík 5-632 Vegur að golfvelli	44
Reykjavík 5-633 Lítil hús við Bústaðaveg	45
Reykjavík 5-634 Fossvogsblettur 55, erfðafestuland	46
Reykjavík 5-635 Fossvogsblettur 55, íbúðarhús	47
Reykjavík 5-636 Fossvogsblettur 55, hús	48

Reykjavík 5-637 Fossvogsblettur 54, erfðafestuland	49
Reykjavík 5-638 Hvassafell, Fossvogsbletti 54	50
Reykjavík 5-639 Fossvogsblettur 51, erfðafestuland	51
Reykjavík 5-640 Undirstaða.....	52
Reykjavík 5-641 Vegur.....	53
Reykjavík 5-642 Hornstólpi á girðingu.....	53
Reykjavík 5-643 Fossvogsblettur 52, erfðafestuland	54
Reykjavík 5-652 Vegur að Fossvogsbletti 55	56
Reykjavík 5-653 Streymi tímans, umhverfislistaverk	56
Reykjavík 5-654 Öskjuhlíðarvöllur.....	57
Reykjavík 5-663 Fossvogsblettur 51, skúrar.....	58
Reykjavík 5-664 Fossvogsblettur 54, skúr	58
Reykjavík 5-665 Fossvogsblettur 54.....	58
Reykjavík 5-733 Reykjaæð, hitaveitulögn	59
Reykjavík 5-738 Borhola.....	59
4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar.....	60
Fornleifar á skráningarsvæðinu.....	60
Yngri minjar á skráningarsvæðinu.....	60
Herminjar á skráningarsvæðinu	61
Niðurstöður/Samantekt	61
Menningarmerkingar, tillögur	62
5. Heimildaskrá.....	63
Óprentaðar / Óútgefnar heimildir / Skjöl.....	63
Prentaðar / Útgefnar heimildir.....	63
Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar	64
Viðauki 1, Minjakort.....	65
Viðauki 2, Minjatafla fyrir skráningarsvæðið	66

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa og yngri minja á deiliskipulagssvæði sem nefnt hefur verið *Veðurstofuhæð (p35)*¹ á Minni-Öskjuhlíð norðan við Bústaðaveg og vestan við Kringlumýrarbraut, sjá afmörkun svæðisins á mynd 1. Fornleifaskráningin var unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna deiliskipulagsgerðar.

Skráningin er unnin eftir kröfum Minjastofnunar Íslands um skráningu fornleifa fyrir gerð deiliskipulags í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.² Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **1987**. Vettvangsrannsókn fór fram haustið 2018. Árið 2019 var skilað inn greinargerð um fornleifar fyrir hluta af deiliskipulagssvæðinu *Veðurstofuhæð p35* fyrir nýjan mæltreit Veðurstofu Íslands á vestanverðri hæðinni og hefur skráningin verið endurskoðuð eftir þá framkvæmd.³

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar samkvæmt ákvæðum um skráningu menningarminja í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt og áður en gefið er út leyfi til framkvæmda. Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð og hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins.⁴

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks sem felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati. Fornleifaskráning aflar þannig aukinnar þekkingar á fornleifum og er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

September 2022

María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókn,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

¹ *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Sjómannaskólareitur (p32), Veðurstofuhæð (p35). Breytt landnotkun. Fjölgun íbúða. Verklýsing vegna breytinga á aðalskipulagi.* Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting nr. 28. Apríl 2018. Reykjavíkurborg.


² Minjastofnun Íslands: *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

³ Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lía Guðmundsdóttir: *Greinargerð um fornleifar á nýjum mæltreit Veðurstofu Íslands og aðkomuvegi í Minni-Öskjuhlíð.* Dagsett 18. febrúar 2019.

⁴ Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013, 1. kafli, 3. gr. og 6. kafli, 22. gr.

1. Saga svæðisins

Hér fer á eftir umfjöllun um fornleifar og yngri minjar á deiliskipulagssvæðinu *Veðurstofuhæð* (Þ35) sem afmarkast af Kringlumýrarbraut að austan, Bústaðavegi að sunnan og suðvestan, að norðan af götunni Háuhlíð, að norðaustan af lóðarmörkum Menntaskólans við Hamrahlíð sem og lóðarmörkum við Stigahlíð, sjá mynd 1.⁵



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins „Veðurstofuhæð (Þ35)“, svört brotalína.⁶

Minjar á svæðinu tilheyra jörðinni Reykjavík (181285-5) og eru skráðar undir hana í gagnasafnið Sarp.⁷ Verkefnanúmer sem Minjastofnun úthlutaði fyrir þetta svæði er 1987. Vettvangsrannsókn var gerð í nóvember 2018 og í ágúst 2022 og þá voru minjar skráðar, ljósmyndaðar og mældar með landmælingatæki. Ljósmyndir og kort í skýrslunni eru eftir höfunda nema annað sé tekið fram.

⁵ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Sjómannaskólareitur (Þ32), Veðurstofuhæð (Þ35). Breytt landnotkun. Fjölgun íbúða. Verklýsing vegna breytinga á aðalskipulagi. Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting nr. 28. Apríl 2018. Reykjavíkurborg.


⁶ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

⁷ Sarpur er menningarsögulegur gagnagrunnur sem Borgarsögusafn Reykjavíkur skráir safnkost og fornleifar í, sjá sarpur.is

1.1 Staðhættir og örnefni

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla og eru minjar skráðar undir þær eftir jarðaskiptingu sem tíðkaðist um 1835-1845. Það landsvæði sem nú er skilgreint sem *Veðurstofuhæð* tilheyrði áður bújörðinni Reykjavík, sjá mynd 2.

Svæðið hefur í gegnum tíðina gengið undir nokkrum nöfnum. Á korti frá því um 1850 er hæðin nefnd *Minni-Öskjuhlíð*.⁸ Í auglýsingu um þjóðhátíð á Öskjuhlíð 2. ágúst 1874 segir að miklir flugeldar eigi að vera „kl. 1½ á *Litlu Öskjuhlíð*“.⁹ Svæðið hefur líka verið nefnt *Litla Hlíð* og í einu orði *Litlahlíð*.¹⁰ Eftir að golfskáli Golfklúbbs Íslands var reistur þar 1938 var hún kennd við hann og nefnd *Golfskálahæð* og golfskálinn sagður vera í *Litluhlíð*. Árið 1962, þegar unnið var að byggingu vatnsgeymisins, var hún nefnd *Litla Hlíð*.¹¹ Nú síðast hefur hæðin verið kennd við Veðurstofu Íslands og kölluð *Veðurstofuhæð* eins og samnefnt deiliskipulag ber með sér. Hér er nafnið **Minni-Öskjuhlíð** notað um svæðið.



Mynd 2. Landamerki lögbýla eins og þau voru árið 1703, ásamt örnefnum í gamla bæjarlandinu.

Minni-Öskjuhlíð er stórgrýtt og klettótt hæð austan við Öskjuhlíð, umfangsminni en álíka há, 60 m.y.s., mótuð af ísaldarjökulum. Efst á hæðinni má sjá ummerki eftir jökulrof ísaldarjökulsins, hvalbök með jökulrákum sem gefa til kynna skriðstefnu jökulsins. Þetta eru einstakar ísaldarminjar, sem Sólveig Aðalsteinsdóttir gerði sýnilegar með því að fjarlægja gróðurhuluna af klöppunum árið 2012 með umhverfisverkinu *Streymi tímans*.¹² Þaðan er einstakt útsýni yfir borgina og sjá má fjallahringinn án þess að færa sig úr stað. Þar er nú áningarstaður og upplýsingar um verkið.

⁸ Borgarsögusafn Reykjavíkur. Kortasafn: Kort Björns Gunnlaugssonar af Reykjavík og nágrenni um 1850.

⁹ *Víkverji*, 1. ágúst 1874, bls. 150.

¹⁰ Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 147.

¹¹ *Morgunblaðið*, 16. maí 1962, bls. 1.

¹² Listasafn Reykjavíkur: Sólveig Aðalsteinsdóttir: *Streymi tímans*, 2012.



Mynd 3. Umhverfislistaverkið „Streymi tímans“, efst á Minni-Öskjuhlíð. Hvalbök sem Sólveig Aðalsteinsdóttir lyfti hulunni af. Einstakar ísaldarminjar á frábærum útsýnisstað.



Mynd 4. Áningarstaður við hvalbökin, ísaldarminjar og umhverfislistaverk Sólveigar Aðalsteinsdóttur.

Um 30 m suðvestur af *Streymi tímans* eru klappir þar sem listaverkið *Vatnsberinn*, bronsstytta Ásmundar Sveinssonar, stóð til skamms tíma. Fegrunarfélag Reykjavíkur keypti styttuna árið 1948 og vildi láta hana standa í Bakarabrekkunni við Lækjargötu, en fékk ekki. Tæpum tuttugu árum síðar, 1967, var henni komið fyrir í Minni-Öskjuhlíð þar sem hún stóð til 15. ágúst 2011 þegar hún var flutt í Bakarabrekkuna við Lækjargötu.¹³

Annað útilistaverk stendur við Bústaðaveg, málmskúlpútur Hafsteins Austmanns, *Spenna*, frá árinu 1989.¹⁴

Hæðin hefur haft notagildi í gegnum tíðina, í fyrstu sem beitoland og til samgangna. Síðar til útivistar, búsetu og innviðauppbyggingar. Á norðanverðri hæðinni var gerð skíðabraut árið 1908 og árið 1936 var úthlutað nokkrum erfðafestulöndum á sunnanverðri hæðinni. Árið 1937 fékk Golfklúbbur Reykjavíkur leigt land á hæðinni og norðan við hana, í Mjóumýri, fyrir klúbbhús og golfvöll. Hitaveitan lagði þar Reykjaæðina á árunum 1939-1943 og á hernámsárunum hafði setuliðið töliverð umsvif á hæðinni. Kaldavatnsgeymir var gerður þar 1962 og á árunum 1970-1973 var reist hús fyrir Veðurstofu Íslands. Landsvirkjun reisti þar hús sem tekið var í notkun 1989 og starfsemi Veðurstofunnar var flutt í árið 2011.

¹³ Listasafn Reykjavíkur: Ásmundur Sveinsson: *Vatnsberinn*, 1937.

¹⁴ Listasafn Reykjavíkur: Hafsteinn Austmann: *Spenna*, 1989.



Mynd 5. „Vatnsberanum“ eftir Ásmund Sveinsson komið fyrir á klöpp á Minni-Öskjuhlíð árið 1967.¹⁵



Mynd 6. „Spenna“, málmskúlptúr Hafsteins Austmanns frá 1989 við Bústaðaveg.

¹⁵ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. ÞJV myndlist 5. Ljósmyndari Guðgeir Magnússon. Öskjuhlíð í ágúst 1967.

1.2. Í landi Reykjavíkur

Mýrlent var í kringum Minni-Öskjuhlíð áður fyrr. Norður af var Arnarhólsmýri, austan við voru Kringlumýri og Mjóamýri en Leynimýri suðvestan við, sjá mynd 7. Mýrar þessar voru beittar og úr þeim var stunginn mór.



Mynd 7. Umrætt svæði á korti Björns Gunnlaugssonar frá 1850 og hlíðin merkt Minni-Öskjuhlíð.¹⁶

1.2.1 Gamli vegir

Vegna þess hve mýrar voru víðlendrar umhverfis Reykjavík var ekki greið leið frá kaupstaðnum nema yfir holtin. Flest bendir til að Öskjuhlíðin hafi verið í þjóðbraut í nokkrar aldir. Leiðir sem lágu um Vestur- og Suðurland komu saman við Ártún og lágu þaðan fram hjá Bústöðum að Öskjuhlíð og að þeim vegi lá þjóðleiðin frá Bessastöðum um Fossvogsbott og eru þessar leiðir merktar inn á kort frá 1831, sjá mynd 8. Árið 1870 lét bæjarstjórn Reykjavíkur gera nýjan þjóðveg á svipuðum slóðum og gamla leiðin.¹⁷

¹⁶ Borgarsögusafn Reykjavíkur. Kortasafn: Kort Björns Gunnlaugssonar af Reykjavík og nágrenni um 1850 (hluti).

¹⁷ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: Öskjuhlíð. Náttúra og saga, bls. 28.



Mynd 8. Þjóðleiðir, mýrar og holt eru merkt inn á kort frá árinu 1831. Þjóðleiðir eru merktar sem svartar heilar línur. Ein lá frá Ártúni að Bústaðum eftir Bústaðahálsi með Minni-Öskjuhlíð að sunnan og yfir Öskjuhlíðarháls að Skólavörðuholti. Önnur leið lá frá Álftanesi að Arnarnesi, þaðan að Kópavogi, síðan að Öskjuhlíð og sameinaðist þar fyrirnefndu leiðinni.¹⁸

Á korti af Reykjavík frá 1903¹⁹ er vegurinn frá Skólavörðuholti til suðurs nefndur Hafnarfjarðarvegur, en þá lá vegurinn til Hafnarfjarðar um Öskjuhlíðarháls og Fossvogsbotn, en gamla þjóðleiðin frá Ártúni yfir Elliðaár lá norðan við Bústaði að þessum vegi sunnan við Minni-Öskjuhlíð, sjá mynd 9.²⁰


Gera má ráð fyrir að Minni-Öskjuhlíð hafi verið nýtt sem beitiland fyrir búpening Reykvíkinga áður fyrr, rétt eins og mýrarnar þar í kring.²¹

¹⁸ Hluti af korti Björns Gunnlaugssonar frá 1831. Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn: Íslandskort: Gullbríngu og Kjósar Sýsla, með nockrum parti af Árnessýslu, mæld og teiknað að tilhlutan hins íslenska Bókmentafélags, árið 1831.

¹⁹ Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Íslandskort: Dönsku Herföngjaráðskortin: Sérkort: Reykjavík, 1903.

²⁰ Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Íslandskort: Dönsku Herföngjaráðskortin: 27 NA. Reykjavík, 1909.

²¹ Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*, bls. 12.



Mynd 9. Hluti af korti frá árinu 1908.²² Þá lá vagnavegur til Hafnarfjarðar frá Skólavörðuholti um Fossvogsbotn, merktur með tvöfaldri svartri línu, en gamla þjóðleiðin frá Bústaðum er merkt sem vegur eða gata, einföld svört lína eftir Bústaðaholti.

Eins og fyrr segir lá gamla þjóðleiðin fyrir sunnan Minni-Öskjuhlíð og yfir Öskjuhlíðarháls en gamli Bústaðavegurinn lá hins vegar eftir deiliskipulagssvæðinu. Hann var upphaflega lagður árið 1932 frá Útvarpsstöðvarvegi/Breiðholtsvegi við Elliðaárna að gömlu Reykjanesbrautinni sem hafði það nafn til ársins 1983 en var áður nefnd Hafnarfjarðarvegur, þar sem nú heitir Skógarhlíð og Suðurhlíð.²³



Mynd 10. Hluti af korti frá 1936 sem sýnir hvar Bústaðavegurinn var lagður árið 1932 frá Útvarpsstöðvarvegi við Elliðaár að Hafnarfjarðarvegi og norðan við elstu leiðina.²⁴

²² Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Íslandskort: Dönsku Herforingjaráðskortin: 27 NA. Reykjavík.

²³ Páll Línal: Reykjavík. Sögustaður við Sund, 3. bindi, bls. 13.

²⁴ Landmælingar Íslands: Kortasafn. Uppdráttur Íslands, 27 Reykjavík N.A. Geodætisk Institut, Copenhagen and Reykjavík 1936.



Mynd 11. Hluti af loftmynd frá 1985, horft til austurs. Fremst eru gömlu vatnstankarnir á Öskjuhlíð, þá tveir nýrri geymar, síðan gamla Reykjanesbrautin/Hafnarfjarðarvegurinn. Austar er Minni-Öskjuhlíð þar sem Reykjaæðin liggur í stökk norðan við vatnstankinn og hús Veðurstofunnar sem er efst á myndinni hægra megin, en gamli Bústaðavegurinn er sunnan við Veðurstofuna og enn sunnar er svo núverandi Bústaðavegur og húsið á Fossvogsbletti 55.²⁵

1.2.2 Skíðasvæði í Litlu-Öskjuhlíð

Þann 25. ágúst 1908 hófu Ungmennafélag Reykjavíkur og Ungmennafélagið lðunn að ryðja urðina norðanmegin í Minni-Öskjuhlíð fyrir skíðabraut sem til stóð að yrði 135 faðma löng. Brekkan var frekar hallalítill en breikkaði þegar neðar dró og fyrir neðan hana var stór, sléttur flötur.²⁶ Þetta var stærsta framkvæmd félaganna sem voru mjög öflug á þessum tíma.

Einn félagsmanna, Magnús Guðbrandsson, greindi frá því „að brautin hafi byrjað 150-200 m austan við Bústaðavegin, þar sem gatan Háahlíð er nú. Hún hafi síðan endað þar sem lóð Hlíðaskóla er nú.“²⁷ Brautin er teiknuð inn á kort frá því um 1930.²⁸ Brautin virðist ekki hafa verið mikið notuð því í janúar 1910 hefur *Ísafold* það eftir Norðmanni að skíðabrautin væri því miður ekki eins góð og skyldi en skíðabrekkan fyrir ofan Ártún væru hins vegar góðar.²⁹ Ungmennafélagar voru samt sem áður hvattir til að muna eftir vinnu við Skíðabrautina í auglýsingu 16. maí 1914.³⁰ Í grein í Morgunblaðinu 15. janúar 1915 kemur fram að skíðabrautin hafi verið lítið notuð fyrir skíðahlaup og lagt til að staðurinn verið frekar gerður að gróðrarstöð. Talið var að brautin væri of langt í burtu og því ætti að gera aðra ofan við Skólavörðuna þar sem var grjótnám fyrir hafnargarðana.³¹ Í janúar 1916 var aftur hvatt til þess að gera skíðabraut á Skólavörðuholti.³² Um sumarið lauk vinnu við brautina og búið var að ryðja mestöllu grjótninu úr brautinni og ljúka við neðri hluta hennar og gera bráðabirgða-undirstöðu að stökkbrún.³³

²⁵ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 Reykjavík Öskjuhlíð 1. Ljósmyndari Kristján A. Einarsson.

²⁶ *Unga Ísland*, 1. nóvember 1908, bls. 85.

²⁷ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 7.

²⁸ *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn. Öskjuhlíð - sennilega frá 1930.

²⁹ *Ísafold*, 15. janúar 1910, bls. 8.

³⁰ *Morgunblaðið*, 16. maí 1914, bls. 898.

³¹ *Morgunblaðið*, 15. janúar 1915, bls. 2.

³² *Morgunblaðið*, 13. janúar 1916, bls. 1-2.

³³ *Ípróttblaðið*, 8. árg. 1944, 1-2. tbl., bls. 23.



Mynd 12. Félagar í Ungmennafélaginu gera skíðabraut í Minni-Öskjuhlíð árið 1910. Í baksýn má sjá bæinn Eskihlíð til hægri og Hafnarfjarðarveg, fjær er stórt hvítt hús, Kennaraskólinn, og byggðin við Tjörnina, á Landakoti og Þingholt til hægri.³⁴

1.2.3 Erfðafesta

Útdeiling erfðafestulanda í Reykjavík hófst árið 1859 í stað leigu á túnnum og lóðablettum. Markmiðið með erfðafestunni var að gefa bæjarbúum kost á landi til ræktunar og voru löndin afhent til eignar gegn árlegri leigu. Ræktun jókst mikið í kjölfarið og bústofn Reykvíkinga stækkaði.³⁵ Á flestum erfðafestulöndunum risu hús og sum hver standa enn í dag en önnur eru horfin. Þetta stuðlaði í raun að dreifingu byggðar í Reykjavík og sums staðar urðu til sjálfstæðir byggðarkjarnar sem urðu síðar úthverfi.³⁶

Fjögur erfðafestulönd, *Fossvogsblettir*, voru áður á deiliskipulagssvæðinu Veðurstofuhæð þ35.³⁷ Allnokkrar minjar eru skráðar í tengslum við blettina, bæði sjáanleg ummerki og eftir heimildum.

Árið 1935 lét Reykjavíkurbær ræsa fram mýrarnar í Fossvogi og leggja vegi í atvinnubótavinnu. Í kjölfarið var úthlutað erfðafestulöndum, svokölluðum Fossvogsblettum, 56 löndum sem lágu niður í Fossvogsdal á milli Reykjanesbrautar, Bústaðavegar og Réttarholtsvegar.³⁸ Erfðafestulönd sem hér koma við sögu eru Fossvogsblettir númer 51, 52, 54 og 55.³⁹ Þeim var úthlutað á árunum 1935-1936. Í 8. gr. í „*Leigusamningum um erfðafestuland til ræktunar, án bygginga*“ kemur fram að leigutaka sé heimilt að gera í landinu „sumarskýli eftir uppdrætti, sem byggingarnefnd samþykkir, eigi stærra en

³⁴ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS 1 802. Ljósmyndari óþekktur, 1910. Ungmennafélagspiltar gera skíðabraut í Öskjuhlíð.

³⁵ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti, bls. 47-48.


³⁶ Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*, bls. 13.

³⁷ Lesa má nánar um erfðafestu í skýrslu nr. 164 *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti* og skýrslu nr. 208 *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*.

³⁸ Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*, bls. 23.

³⁹ Kort frá 1947 eftir Ágúst Böðvarsson, kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

25 ferm að grunnfleti“ og í 9. gr. er kveðið á um forkaupsrétt bæjarstjórnar ef leigutaki vill selja af hendi erfðafesturétt sinn.⁴⁰



Mynd 13. Hluti af korti sem sýnir erfðafestubletti árið 1947 með afmörkun deiliskipulagssvæðisins.⁴¹

1.2.4 Golf

Golfklúbbur Íslands var stofnaður 14. desember 1934 og var þá sá eini á landinu, en nafninu var breytt árið 1947 í Golfklúbbur Reykjavíkur þegar fleiri golfklúbbar voru stofnaðir.⁴² Fyrsti golfvöllurinn var vígður árið 1935 á *Olsens-túni* í landi *Austurhlíðar* í Laugardal, þar sem nú er Laugardalsvöllur.⁴³

Árið 1937 fékk Golfklúbbur Íslands úthlutað nýju landi undir golfvöll í *Mjóumýri* syðst í *Kringlumýri*.⁴⁴ Þar var gerður níu holu golfvöllur og byggður golfskáli á Minni-Öskjuhlíð, 50 m norðvestan við vatnstankinn á Bústaðavegi 7A, og var svæðið þá kallað *Golfskálahæð*. Hennar konunglega tign Ingrid krónprinsessa Íslands og Danmerkur vígði skálann og golfvöllinn 1. ágúst 1938 og varð hún fyrsti heiðursfélagi klúbbsins.⁴⁵

Á teikningu af golfvellinum frá 1938 má sjá að gert var ráð fyrir einum teig á austanverðu deiliskipulagssvæðinu, fyrstu holu sunnan við stokkinn austan við vatnstankinn þar sem hús Veðurstofunnar eru á Bústaðavegi 8 og 9 og gamli mælireitur Veðurstofunnar var. Golfvöllurinn sem

⁴⁰ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55) (E/523). Leigusamningur um erfðafestuland til ræktunar, án bygginga, dagsettur 22. maí 1936.

⁴¹ *Skjalaver Reykjavíkurborgar*. Hluti af korti „Reykjavík 1947“.

⁴² Golfklúbbur Reykjavíkur: Vefsíða. *Um Golfklúbb Reykjavíkur*.


⁴³ Sarpur: *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Fornleifar: 181165-180. Laugarnes. Guðjón Friðriksson: *Alfræði Reykjavíkur*.

⁴⁴ *Skjalaver Reykjavíkurborgar*. Aðaluppdrættir: Leitarorð: Golfskáli. Teikning: *Golfskáli Golfklúbbs Íslands*. 1937-03-11. Bústaðavegur 7, 33/37. Hönnuður: Sigmundur Halldórsson, 6. mars 1937. Teikning var samþykkt á fundi byggingarnefndar 11. mars 1937.

⁴⁵ *Alþýðublaðið*, 29. júlí 1938. *Kylfingur*, 1. september 1938, bls. 2-6.

nefndur var Öskjuhlíðarvöllur var í landi jarðanna Reykjavíkur og Laugarness og er skráður undir þær báðar í Sarpi.⁴⁶

Golfskálinn var einnig notaður til almenns samkomuhalds og sem veitingastaður, en eftir að Golfklúbburinn flutti í Grafarholtið árið 1970 fengu skátar húsið til afnota til ársins 1975.⁴⁷ Skálinn var rifinn einhvern tímann á tímabilinu 1975-79.



Mynd 14. Teikning af landi Golfklúbbs Íslands með golfvellingum í Mjóumýri frá 1938 sett yfir nýlega loftmynd, deiliskipulagssvæðið er afmarkað með rauðri brotalínu.⁴⁸

1.2.5 Veitur

Reykjaæðin eða hitaveitustokkur liggur eftir endilöngu deiliskipulagssvæðinu, þessir hitaveitustokkar voru aðal samgöngustígar áður fyrr. Stokkurinn, sem er steinsteyptur, geymir aðalæð hitaveitunnar, Reykjaæð, sem var lögð á árunum 1939-1943 frá Reykjum í Mosfellssveit vestur í safngeymana á Öskjuhlíð.⁴⁹ Fyrsta Reykjaæðin, Reykjaæð I, var 350 mm sver stálleiðsla í steypum stokki, tvöföld, og aðalefnið til einangrunar var reiðingur, torf. Ný æð, Reykjaæð II, var lögð 1972 til 1973.⁵⁰ Steyptu lokin á stokknum á fyrstu æðinni voru bogalaga en urðu síðar flöt.


⁴⁶ Sarpur: *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Fornleifar: 181165-108. Laugarness.

⁴⁷ Guðjón Friðriksson: *Alfræði Reykjavíkur*. Vefsíða.

⁴⁸ Golfklúbbur Reykjavíkur. Ljósmyndavefur GR: Saga golfvalla og móta: Ýmis kort (safnmappa). Teikning: *Land Golfklúbbs Íslands*. Plan no. 2 by Walt Arneson. Dagsett: Reykjavík 28.10.38 með undirskriftinni S.J. Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Lágflugsloftmynd 17/7/2018.

⁴⁹ Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*, bls. 30.

⁵⁰ Sveinn Þórðarson og Þorgils Jónasson: *Um hitaveitur á Íslandi*, bls. 19.



Mynd 15. Stokkurinn/Reykjaæðin á loftmynd frá 1946, horft til suðausturs. Lengst til hægri er Reykjanesbrautin/Hafnarfjarðarvegurinn. Austar er svo Golfskálinn og golfvöllurinn austur af Efrihlíð. Sunnan við stokkinn er fjarskiptastöð hersins eða Camp Leynimýri og Bytown Camp, síðar nefndur Bústaðakampur. Sunnar er svo Bústaðavegur en sunnan við hann er Bunker Hill Camp og Fossvogsblettir. Efst í vinstra horninu er Mjóumýrarvegur og malarnáman. Neðan við malarnámuna eru ræktunarreitir nefndir Kringlumýrargarðar. Neðst á myndinni er íbúðarhúsið Varmahlíð og herskálahverfið Camp Liberty.⁵¹



Mynd 16. Ljósmynd frá því um 1942 sem sýnir verkamenn einangra hitaveiturör í hitaveitustokk með torfi norðan í Öskjuhlíð. Í baksýn sjást Hlíðarnar, Pólarinn og Landspítalinn.⁵²

⁵¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. ÁBS LS 33-39. Ljósmyndari Sigurhans Vignir. Hluti af loftmynd sem tekin var 6. mars 1946.

⁵² Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 1997 233 004 2-1. Ljósmyndari óþekktur, um 1942.



Mynd 17. Stokkurinn/Reykjaæð, horft til suðausturs að Ofanleiti.

Á deiliskipulagssvæðinu er niðurgrafinn 10 þúsund rúmmetra kaldvatnsgeymir sem var tekinn í gagnið árið 1963. Byrjað var að sprengja fyrir honum á Minni-Öskjuhlíð norðaustur af Golfskálanum árið 1962.⁵³



Mynd 18. Kaldavatnsgeymir á Minni-Öskjuhlíð, Bústaðavegi 7a, horft til norðurs.

1.2.6 Hernámsárin

Á hernámsárunum voru reist tvö herskálaverfi þar sem nú eru mislæg gatnamót Bústaðavegs og Kringlumýrarbrautar. Annað var norðan við gamla Bústaðavegin, *Bytown Camp* (sem síðar varð *Bústaðakampur*), en hitt var sunnan við veginn, *Bunker Hill Camp*.⁵⁴ Vestasti hlutinn af herskálaverfinu Bytown Camp var innan deiliskipulagssvæðisins en náði lengra til austurs. Bunker Hill Camp

⁵³ *Tíminn*, 16. júlí 1963, bls. 1 og 15. *Morgunblaðið*, 16. maí 1962, bls. 1 og 23.

⁵⁴ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25, 99.

var nánast beint á móti en aðeins austar.⁵⁵ Við Minni-Öskjuhlíð lágu tveir fjölfarnir vegir eins og fyrr segir, Bústaðavegur og Reykjanesbraut, áður Hafnarfjarðarvegur. Sérstök áhersla var lögð á það hjá setuliðinu að gæta að allri umferð á svæðinu, reist voru skotbyrgi og önnur mannvirki til að sinna þessari gæslu og standa þau enn (5-216 og 5-217). Á amerískum kortum var Bústaðavegur nefndur Edwards Road, á gatnamótum Bústaðavegar og Grensásvegur var Piccadilly Circus, Reykjanesbrautin/Hafnarfjarðarvegur var nefndur Hafnarfjörður Road og Minni-Öskjuhlíð Red House Hill, en þá var Golfskálinn rauðmálaður.⁵⁶

Húsnæðisekla á fimmta og sjötta áratugnum varð til þess að eftir að hernámsliðið hætti að nota braggana fóru Reykvíkingar að búa í þeim. Samkvæmt samantekt Eggerts Þórs Bernharðssonar á fjölda braggabúa í Reykjavík upp úr manntölum og íbúaskrár bjó fólk í Bústaðakampi, Bytown Camp, frá 1946 til 1968, flestir árið 1956, eða 152 einstaklingar.⁵⁷ Árið 1946 var ástand braggaíbúða þar talið gott, íbúarnir að mestu lausir við braggalyktina og í stærsta húsinu var stórt og gott vaskahús sem íbúar skiptust á að nota. Börn í kampinum notuðu skotbyrgin til að leika sér í, til dæmis í búðarleik og afgreiddu í gegnum rifurnar, skotraufarnar. Maður sem ólst upp í Bústaðakampi í upphafi sjötta áratugarins sagði frá því að af og til hefði hann fundið heilu hrúgurnar af skotfærum.⁵⁸



Mynd 19. Hluti úr mynd (10.06.1941) sem sýnir braggabyggð frá Howitzer Hill (Öskjuhlíð) að Piccadilly Circus, sem voru gatnamót Grensásvegur og Bústaðavegar. Efst á myndinni er Camp Liberty eða Craven. Við Bústaðaveg er Bytown Camp sem síðar varð Bústaðakampur.⁵⁹



Mynd 20. Bústaðakampur árið 1962.⁶⁰ Horft til austurs

⁵⁵ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Lágflugsmýnd 17/7 2018 og Reykjavík 1954.

⁵⁶ Landmælingar Íslands: A.M.S. C861 110 Reykjavík, 1943,1:25.000 og Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: Erlend nöfn á Innnesjum.

⁵⁷ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 80.


⁵⁸ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 174.

⁵⁹ Landmælingar Íslands: Hluti af loftmynd Raf-90-1908, tekin 10.07.1941.

⁶⁰ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV 018 026 4-5. Ljósmyndari S.J., 1962.



Mynd 21. Hús í Bústaðakampi árið 1962, horft til norðurs.⁶¹



Mynd 22. Loftmynd frá 1954 af Minni-Öskjuhlíð og þar má sjá herskálaverfin og gömlu býlin. Rauð brotalína sýnir afmörkun deiliskipulagssvæðisins Veðurstofuhæð þ35.⁶²

⁶¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. ÞJV 018 026 5-2. Ljósmyndari S.J., 1962.

⁶² Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd. Reykjavík árið 1954.



Mynd 23. Loftmynd frá 1951. Efst á myndinni er golfvöllurinn í Mjóumýri og fyrir neðan, þvert yfir myndina, er hitaveitustokkurinn. Neðar og sunnan við hann eru hús í Bústaðakampi, áður Bytown Camp, þá gamli Bústaðavegurinn. Vinstra megin er erfðafestubletturinn, Fossvogsblettur 51 en þar má enn sjá garðlög, grunn hússins og hellulögn fyrir sunnan það. Austan við íbúðarhúsið er vegur sem lá frá Bústaðaveginum að Reykjanesbrautinni/Hafnarfjarðarveginum, en austan við veginn og sunnan við Bústaðavegin var Bunker Hill Camp þar sem er stór braggi og ummerki eftir fleiri mannvirki.⁶³

⁶³ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 89.

2. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.⁶⁴

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirlögd þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

⁶⁴ Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almenn er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2022) eru um 3.800 minjastaðir skráðir.

Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegt gagnasafn.⁶⁵ Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845 og fram kemur í Jarðatali J. Johnsen. Á þessu svæði eru minjar skráðar undir jörðina Reykjavík. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer sem fengið er úr Jarðatali J. Johnsen frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar sem er hlaupandi tala innan jarðar *Reykjavík 181285-5-1*. Hér eru einungis notaðar tvær síðastnefndu tölurnar (5-1) í Sarpsnúmerinu.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **1987**. Í skýrslunni fá allar minjar nafn jarðarinnar og Johnsen-númer jarðarinnar, ásamt hlaupandi tölu: **Reykjavík 5-1**.

Við skráningu menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið. Rýnt er í ornefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir og gerð er vettvangsrannsókn. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar hnitsettar og mældar upp með landmælingatæki og

⁶⁵ Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn. Sjá sarpur.is

ljósmyndaðar. Þegar heimild er fyrir minjum en þær finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og ætti því að sýna aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum. Eldri minjastaðir kunna að hafa raskast eða jafnvel eyðst vegna seinni tíma framkvæmda. Þá er hlutverki og tegund minja lýst og reynt að áætla hvaða hlutverk minjar hafa haft, út frá útliti og staðsetningu, og lagt mat á ástand þeirra. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsupprætti, sem sóttir eru í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar.⁶⁶ Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri, sjá töflu 1. Elstu minjarnar eru friðaðar fornleifar 100 ára og eldri og hafa 15 m friðhelgað svæði.⁶⁷ Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit en þær verða friðaðar á næstu árum. Herminjar frá árunum 1940-1945 eru mikilvægur hluti af menningarsögu þjóðarinnar og eru flokkaðar sérstaklega. Þær eru merktar með bláum lit en eru að verða fágætar. Aldur minja er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1. Aldursflokkar.

Flokkur	Tegund minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1919-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Fornleifar innan og rétt við áætlað framkvæmdasvæði voru skráðar og mældar upp með Trimble Geo7 staðsetningartæki. Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

Sérstaklega er hér gætt að herminjum þar sem þær fara að verða fágætar og eru mikilvægur hluti af menningarsögu þjóðarinnar.


⁶⁶ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá, vefþjónusta Reykjavíkurborgar.

⁶⁷ Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 3. gr. og 22. gr.

4. Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

4.1 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar á deiliskipulagssvæðinu

Í fornleifaskránni er fjallað um minjar á deiliskipulagssvæðinu Veðurstofuhæð þ35, sjá afmörkun á mynd 1 og 22. Fornleifaskráningin tekur til minja sem sjást á yfirborði og einnig þeirra sem eru horfnar sem eru skráðar eftir heimildum en geta leynst undir sverði. Minjar á svæðinu eru skráðar undir jörðina Reykjavík (181285-5).



Mynd 24. Skráðar minjar á og við deiliskipulagssvæðið Veðurstofuhæð þ35.

Reykjavík 5-215 Skíðasvæði Minni-Öskjuhlíð

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-215		Skíðasvæði	Heimild	●1908	358342	406171	110	12	Ómetið	Já

Staðhættir: Skíðabraut var gerð í norðanverðri Minni-Öskjuhlíð í byrjun 20. aldar. Brautin byrjaði þar sem gatan Háahlíð er nú fyrir sunnan hús nr. 18 og lá niður hlíðina og endaði þar sem lóð Hlíðarskóla er, Hamrahlíð 2. Þann 25. ágúst 1908 byrjuðu Ungmennafélag Reykjavíkur og Ungmennafélagið Iðunn að ryðja urðina norðan megin í Minni-Öskjuhlíð fyrir skíðabraut sem til stóð að yrði 135 faðma löng. Brekkan var frekar hallalítill en breikkaði þegar neðar dró og fyrir neðan hana var stór sléttur flötur, sjá mynd 12.⁶⁸ Þetta var stærsta framkvæmd félaganna sem voru mjög öflug á þessum tíma. Einn félagsmanni, Magnús Guðbrandsson, greindi frá því „að brautin hafi byrjað 150-200 m austan við Bústaðavegin.“⁶⁹ Brautin virðist ekki hafa verið mikið notuð því í janúar 1910 hefur Ísafold það eftir Norðmanni að skíðabrautin væri því miður ekki eins góð og skyldi en skíðabrekkurnar fyrir ofan Ártún

⁶⁸ *Unga Ísland*, 1. nóvember 1908, bls. 85. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS 1 802. Ljósmyndari óþekktur, 1910. Ungmennafélagspiltar gera skíðabraut í Öskjuhlíð.

⁶⁹ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 7.

væru hinsvegar góðar.⁷⁰ Í auglýsingu 16. maí 1914 voru ungmennafélagar hvattir til að muna eftir vinnu við skíðabrautina.⁷¹ Ári síðar kemur fram í grein í Morgunblaðinu 15. janúar 1915 að skíðabrautin hafi verið lítið notuð fyrir skíðahlaup og lagt til að staðurinn verði frekar gerður að gróðrarstöð. Talið var að brautin væri of langt í burtu og að gera ætti aðra ofan við Skólavörðuna þar sem var grjótnám fyrir hafnargarðana.⁷² Í janúar 1916 var svo aftur hvatt til þess að gera skíðabraut á Skólavörðuholti þar sem talið var að mætti gera alveg jafn góða braut og í Öskjuhlíð og þar væru meiri líkur á að festi snjó.⁷³ Brautin er teiknuð á kort frá 1932-33 og er staðsett eftir því.⁷⁴

Lýsing: Horfin.



Mynd 25. Skíðabraut (5-215) í Minni-Öskjuhlíð, staðsett og teiknuð eftir korti frá 1932-33.⁷⁵

⁷⁰ Ísafold, 15. janúar 1910, bls. 8.

⁷¹ Morgunblaðið, 16. maí 1914, bls. 898.

⁷² Morgunblaðið, 15. janúar 1915, bls. 2.

⁷³ Morgunblaðið, 13. janúar 1916, bls. 1-2.

⁷⁴ Skjalaver Reykjavíkurborgar. 1116002.tif: Rauðará-Öskjuhlíð-Vatnsmýri 1933. Bolli Thoroddsen.

⁷⁵ Skjalaver Reykjavíkurborgar. 1116002.tif: Rauðará-Öskjuhlíð-Vatnsmýri 1933. Bolli Thoroddsen.

Reykjavík 5-216 Skotbyrgi

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-216		Herminjar Skotbyrgi	Skotbyrgi Steypa	●1940	358337	406105	2,8	2,4	Gott	Nei


Staðhættir: Skotbyrgi er ofarlega í suðvestanverðri Minni-Öskjuhlíð, um 48 m norðvestur af öðru skotbyrgi (5-217) og um 100 m vestur af vatnsgeyminum, Bústaðavegi 7A. Mjög gott útsýni er þaðan og þarna hefur verið stundað eftirlit með umferðinni inn í bæinn um Hafnarfjarðarveginn.

Lýsing: Niðurgrafið, mosavaxið, ferhyrnt skotbyrgi. Veggir eru hlaðnir úr steiptum hleðslusteinum, um 1,5 m á hæð. Ofan á er steinsteipt plata, þak, með fláa að framanverðu. Mjó skotrauf er á framhlið, suðvestan megin, um 20 cm á breidd. Grafið hefur verið fyrir byrginu inn í brekkuna og er gengið niður í það á bakhlið norðaustan megin. Hleðslur eru beggja vegna við inngang. Hrunið hefur úr veggheðslu austan megin. Mikill gróður er á svæðinu; gras, lúpína og trjágróður.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 26. Skotbyrgi (5-216) í Minni-Öskjuhlíð, horft til norðausturs.



Mynd 27. Teikning eftir uppmælingu á ummáli skotbyrgis (5-216) og niðurgrefti að inngangi.



Mynd 28. Skotbyrgi (5-216), horft til suðurs að Bústaðavegi.



Mynd 29. Skotbyrgi (5-216), horft til norðvesturs.

Reykjavík 5-217 Skotbyrgi

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-217		Herminjar Skotbyrgi	Skotbyrgi Steypa	•1940	358385	406089	3	2,6	Gott	Nei


Staðhættir: Skotbyrgi er ofarlega í suðvestanverðri Minni-Öskjuhlíð, um 48 m suðaustur af skotbyrgi (5-216) og um 51 m vestur af vatnsgeyminum, Bústaðavegi 7A. Vestan við byrgið er niðurgrafið hringlaga svæði (5-620), sem hefur verið byssustæði. Mjög gott útsýni er frá þessum stað.

Lýsing: Mosavaxið, ferhyrnt skotbyrgi. Veggir eru hlaðnir úr steiptum hleðslusteinum, um 1,5 m á hæð. Ofan á er steipt plata, þak, með fláa að framanverðu. Mjó skotrauf er á framhlið, um 30 cm á breidd. Hrúnið hefur úr veggjum. Grafið hefur verið fyrir byrginu inn í brekkuna og er gengið niður í það á bakhlið norðaustan megin. Lágur hleðslur eru beggja vegna við inngang. Veggjakrot er að innan og utan. Mikill gróður er á svæðinu; gras, lúpína og trjágróður.

Hættumat: Mikil hættu. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 30. Skotbyrgi (5-217) í Minni-Öskjuhlíð, horft til norðausturs að vatnsgeymi.



Mynd 31. Teikning eftir uppmælingu á ummáli skotbyrgis (5-217) og niðurgreftri að inngangi.



Mynd 32. Skotbyrgi (5-217), horft til suðurs að Bústaðavegi.



Mynd 33. Skotbyrgi (5-217), horft inn í það til suðvesturs.

Reykjavík 5-386 Bytown Camp, Bústaðakampur

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-386	Bytown Camp	Herbækistöð, Herminjar	Heimild	•1940	358511	406016			Ómetið	Já

Staðhættir: Bytown Camp, síðar Bústaðakampur, var við norðanverðan Bústaðaveg, um 100 m austan við hús Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 7. Þetta herskálahverfi var fyrir kanadíska offisera og var talsvert ólíkt öðrum herskálahverfum því þar voru húsin byggð með valmaþaki.⁷⁶ Þar voru höfuðstöðvar undirfylkis fótgönguliðs.⁷⁷ Húsnæðisekla á fimmta og sjötta áratugnum varð til þess að eftir að hernámsliðið hætti að nota braggana fóru Reykvíkingar að búa í þeim. Samkvæmt samantekt Eggerts Þórs Bernharðssonar á fjölda braggabúa í Reykjavík upp úr manntölum og íbúaskrár bjó fólk í Bústaðakampi, Bytown Camp, frá 1946 til 1968, flestir árið 1956, eða 152 einstaklingar.⁷⁸ Árið 1946 var ástand braggaíbúða þar talið gott, íbúarnir að mestu lausir við braggalyktina og í stærsta húsinu var stórt og gott vaskahús sem íbúar skiptust á að nota. Börn í kampinum notuðu skotbyrgin til að leika sér, til dæmis í búðarleik og afgreiddu í gegnum rifurnar, skotraufarnar. Maður sem ólst upp í Bústaðakampi í upphafi sjötta áratugarins sagði frá því að af og til hefði hann fundið heilu hrúgurnar af skotfærum.⁷⁹ Hluti af kampinum var austast á deiliskipulagssvæðinu, sjá mynd 34. Húsin stóðu þegar loftmynd var tekin 1965 en voru horfin þegar loftmynd var tekin 1971.

Lýsing: Húsin eru horfin og engin ummerki á yfirborði en leifar þeirra gætu komið í ljós við jarðrask.



Mynd 34. Útlínur húsa í Bytown Camp, Bústaðakampi, teiknaðar eftir loftmyndum, á nýlegri loftmynd.⁸⁰

⁷⁶ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 99.

⁷⁷ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 125.

⁷⁸ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 80.


⁷⁹ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 174.

⁸⁰ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Lágflugsmýnd 17/7/2018.

Reykjavík 5-507 Golfskáli Golfklúbbs Íslands

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-507	Golfskáli Golfklúbbs Íslands	Félags- heimili	Heimild	●1937- 1976	358400	406148	17,4	17	Ómetið	Já

Staðhættir: Árið 1937 fékk Golfklúbbur Íslands, síðar Golfklúbbur Reykjavíkur, leyfi til að byggja einlyftan golfskála á leigulandi sínu í Öskjuhlíð norðaustanverðri, þar sem kallað er *Minni-Öskjuhlíð*, *Litlahlíð* eða *Litla Öskjuhlíð*.⁸¹ Hennar konunglega tign, Ingrid krónprinsessa Íslands og Danmerkur, vígði skálann og golfvöllinn 1. ágúst 1938.⁸² Skálinn stóð norðvestan við þar sem hús Veðurstofunnar við Bústaðaveg eru nú (Bústaðavegur 7-9). Eftir það var hlíðin nefnd *Golfskálahæð*. Á teikningu af húsinu kemur fram að í golfskálanum var æfingasalur, búningsklefar, eldhús ásamt aðstöðu fyrir kennara og húsvörð. Húsið var ekki alveg byggt eftir þessari teikningu því í blaðgrein kemur fram að undir húsinu var líka kjallari með þá nýstárlegri nýjung: „finnsku baðstofubaði“ eða gufubaði.⁸³ Byggingarmeistarar hússins voru þeir Olgeir Sigurðsson trésmiður og Jón Bergsteinsson múrsmiður.⁸⁴ Golfskálinn var einnig notaður til almenns samkomuhalds og sem veitingastaður, en eftir að Golfklúbburinn flutti í Grafarholtið árið 1970 fengu skátar húsið til afnota til ársins 1975.⁸⁵ Húsið var svo rífið á árunum 1975-79.



Mynd 35. Teikning Sigmundar Halldórssonar arkitekts af golfskála Golfklúbbs Íslands frá 1937.⁸⁶

⁸¹ *Skjalaver Reykjavíkurborgar*. Aðaluppdrættir: Leitarorð: Golfskáli. Teikning: 1937-03-11. Bústaðavegur 7,033/37. Teikning var samþykkt á fundi byggingarnefndar 11. mars 1937.

⁸² *Alþýðublaðið*, 29. júlí 1938. *Kylfingur*, 1. september 1938.

⁸³ *Fálkinn*, 1. október 1938, bls. 3.

⁸⁴ *Skjalaver Reykjavíkurborgar*. Aðaluppdrættir: Leitarorð: Golfskáli. Teikning: 1937-03-11. Bústaðavegur 7. Teikning var samþykkt á fundi byggingarnefndar 11. mars 1937.

⁸⁵ Guðjón Friðriksson: *Alfræði Reykjavíkur*. Vefsíða.

⁸⁶ *Skjalaver Reykjavíkurborgar*. Aðaluppdrættir: Leitarorð: Golfskáli. Teikning 1937-03-11. Bústaðavegur 7. Teikning var samþykkt á fundi byggingarnefndar 11. mars 1937.




Mynd 36. Golfskáli Golfklúbbs Íslands í Minni-Öskjuhlíð 19. nóvember 1955. Ljósmyndin var tekin á jeppasýningu fyrir Bifreiðar og Landbúnaðarvélar. Fremst er vegur (5-631) sem lá að golfvellið.⁸⁷

Til skamms tíma mátti greina ummerki eftir húsið, steypuleifar og járnör þar sem það stóð og norðvestan við voru hugsanlega leifar af girðingu. Þar hefur nú verið gerður nýr mælireitur Veðurstofu Íslands sem kemur í stað þess sem var austar á svæðinu. Vestan við reitinn eru tveir litlir steypdir klumpar á kaf í lúpínu, annað er horfið.

Lýsing: Horfið. **Hættumat:** Engin hættu.

⁸⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. RVI 435 11. Ljósmyndari: Ragnar Vignir, 19. nóvember 1955.



Mynd 37. Golfskálinn stóð þar sem nú er mælireitur Veðurstofunnar.

Reykjavík 5-620 Byssustæði

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-620		Herminjar Byssustæði	Niðurgröftur Rutt svæði	•1940	358365	406090	23	23	Gott	Nei

Staðhættir: Ofarlega í suðvesturhlíð Minni-Öskjuhlíðar norðan Bústaðavegar er hringlaga, rutt svæði, grafið inn í hlíðina. Það er 1,5 m suðvestan við steipt skotbyrgi (5-217) og um 50 m vestan við vatnsgeyminn, Bústaðavegi 7A. Þegar svæðið var gert hefur verið grafinn inn í hlíðina hálfhringur, sem er greinilegur á loftmynd frá árinu 1954.⁸⁸ Á loftmyndinni virðist hafa verið annað svipað svæði vestan við, suðaustan við skotbyrgi (5-216), en er ekki greinilegt. Svæðið hefur sennilega verið notað sem byssustæði fyrir loftvarnarbyssur á hernámsárunum.


Lýsing: Hringlaga, rutt svæði sem grafið hefur verið inn í hlíðina. Vel greinilegt þrátt fyrir mikinn gróður, kafgras, lúpinu og tré.

Hættumat: Mikil hættu. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.

⁸⁸ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík 1954.



Mynd 38. Niðurgrafið og rutt hringlaga svæði (5-620) vestan við skotbyrgi (5-216) og ofan við, vinstra megin við miðju er annað af tveimur steinsteiptum skotbyrgjum (5-217). Horft til suðausturs yfir svæðið að vatnstanki.



Mynd 39. Byssustæði (5-620), hringlaga rutt svæði teiknað eftir uppmælingu á nýlegri loftmynd.⁸⁹

⁸⁹ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Lágflugsloftmynd 17/7/2018.

Reykjavík 5-621 Skotgröf

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-621		Herminjar Skotgröf	Skotgröf	•1940	358321	406108	8,6	7	Gott	Nei


Staðhættir: Skotgröf er ofarlega í suðvestanverðri Minni-Öskjuhlíð norðan við Bústaðaveg. Hún er 11 m vestur af steyptu skotbyrgi (5-216) og 118 m vestur af vatnsgeyminum, Bústaðavegi 7A. Mjög gott útsýni er frá henni.

Lýsing: Skotgröfin er hringlaga, niðurgrafin í miðju um 60 cm og rutt upp í kring. Klappir eru fyrir ofan hana og mosavaxið stórgryti í henni miðri. Vel greinileg þrátt fyrir mikinn gróður á svæðinu; gras, lúpínu og trjágróður.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 40. Skotgröf (5-621) í suðurhlíð Minni-Öskjuhlíðar, horft til vesturs að Bústaðavegi og Perlunni.



Mynd 41. Skotgröf (5-621) í Minni-Öskjuhlíð, teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 42. Skotgröf (5-621), horft til suðurs.

Reykjavík 5-622 Skotgröf

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-622		Herminjar Skotgröf	Skotgröf	●1940	358280	406197	16,5	6	Gott	Nei


Staðhættir: Skotgröf í norðvestanverðri Minni-Öskjuhlíð, beint á mótí Háuhlíð 20, ofan og sunnan við götuna.

Lýsing: Skotgröfin er ílöng og liggur nánast í norður-suður, með op í norðvestur. Niðurgrafin og mokað hefur verið upp í hliðarnar. Vel greinileg þrátt fyrir mikinn gróður; mosa, gras, lúpínu og tré.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 43. Skotgröf (5-622) sunnan við götuna Háuhlíð, á mótí húsi nr. 20, horft til suðausturs.



Mynd 44. Skotgröf (5-622), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 45. Skotgröf (5-622), horft til suðausturs eftir inngangi.



Mynd 46. Skotgröf (5-622), horft til norðurs að Háuhlíð 18.

Reykjavík 5-623 Skotgröf

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-623		Herminjar, Skotgröf	Niðurgröftur	•1940	358356	406203	10	7	Sæmilegt	Nei


Staðhættir: Í norðanverðri Minni-Öskjuhlíð er skotgröf, beint suður af Háuhlíð 12. Um 28 m sunnan og ofan við götuna, 54 m vestur af göngustíg og 65 m austur af skotgröf (5-623).

Lýsing: Skotgröfin er neðan við klettastall. Hún er ílöng og liggur í norðvestur-suðaustur, opnast í norðvestur. Niðurgrafin með klöppunum og mokað hefur verið upp í hliðarnar. Vel greinileg þrátt fyrir mikinn gróður; mosa, gras, lúpínu og tré.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 47. Skotgröf (5-623), horft til suðurs.



Mynd 48. Skotgröf (5-623), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 49. Skotgröf (5-623) sunnan og ofan við Háuhlíð, horft til suðvesturs.

Reykjavík 5-624 Skotgröf

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-624		Herminjar, Skotgröf	Niðurgröftur	●1940	358427	406164	19	6	Sæmilegt	Nei


Staðhættir: Í austanverðri Minni-Öskjuhlíð er skotgröf. Hún er 60 m norður af vatnsgeyminum, Bústaðavegi 7A, og 5 m ofan og vestan við malbikaðan göngustíg. Um 4 m sunnan við skotgröfina er borhola í steiptum ferningi og frá henni liggur frárennslisskurður í norðaustur, undir göngustíginn.

Lýsing: Skotgröfin er ílöng, liggur í austurvestur, niðurgrafin um 50 cm með hringlaga svæðum til endanna. Mikill gróður er á svæðinu; kafgras, lúpína og tré.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 50. Skotgröf (5-624) í Minni-Öskjuhlíð, horft til austurs.



Mynd 51. Teikning af skotgröf (5-624), eftir uppmælingu.



Mynd 52. Skotgröf (5-624), horft til norðvesturs.


Reykjavík 5-627 Garðlag, ræktunarreitir

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-627	Fossvogsblettur 51	Girðing	Garðlag	1936	358712	405912	74	4	Gott	Nei

Staðhættir: Um 130 m suðaustan við hús Veðurstofunnar, Bústaðaveg 9, og um 40 m norðan við núverandi Bústaðaveg er garðlag (5-627) þar sem áður var erfðafestulandið Fossvogsblettur 51 við gamla Bústaðavegin (5-630).

Lýsing: Garðlagið er L-laga og hefur verið hluti af girðingu á norðanverðum lóðamörkum Fossvogsblettis 51. Liggur frá vegi (5-641) um 36,5 m til norðvesturs, beygir þá til suðvesturs og er vel greinilegt á 34 m kafla. Garðlagið er úr jarðvegi og stórgrýti. Í kverkinni, þar sem garðurinn beygir, er upphlaðinn ræktunarreitir, um 9x5 m, sem hefur verið afgirtur. Á garðlaginu eru nokkrir girðingarstaurar úr flötu járni með stönsuðum götum og á suðausturhorni ræktunarreitsins eru leifar af girðingu, neti. Ræktunarreiturinn gæti hafa verið gerður seinna en garðlagið. Mikill gróður er á svæðinu; kafgras, lúpína og tré.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 53. Minjar á Fossvogsbletti 51, teiknaðar eftir uppmælingu og eftir loftmynd (brotalína).



Mynd 54. Garðlag (5-627) á Fossvogsbletti 51 sem liggur með gamla Bústaðaveginum, horft frá ræktunarreit til austurs að Neðstaleiti.



Mynd 55. Garðlag (5-627) og girðingarleifar við Fossvogsblett 51, horft eftir garðlaginu til suðvesturs.



Mynd 56. Ræktunarreitir við garðlagið (5-627), girðingarleifar á horninu í forgrunni, horft til norðurs.

Reykjavík 5-628 Fossvoogsblettur 51, grunnur

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Astand	Horfin
5-628	Fossvoogsblettur 51	Húsgrunnur	Húsgrunnur	●1939-1968	358731	405893	10	5,7	Gott	Nei

Staðhættir: Um 153 m suðaustan við hús Veðurstofunnar, Bústaðavegi 9, og um 53 m norður af núverandi Bústaðavegi er grunnur íbúðarhúss sem stóð á Fossvoogsbletti 51 með hellulagðri gangstétt fyrir framan, sunnan við. Sjá mynd við skráningu 5-627.

Þann 16. mars 1939 sótti Guðni Bjarnason erfðafestuhafi um leyfi til að byggja 25,33 m² sumarskýli á erfðafestulandi sínu og 5. maí 1939 var honum tilkynnt að hann fengi leyfi til að byggja 25,33 m² sumarbústað úr timbri á Fossvoogsbletti 51.⁹⁰ Þá um haustið, 21. nóvember, var gert brunabótamat á nýjum sumarbústað 6,0 m á lengd og 3,4 m á breidd með útskoti 3,4 m á lengd og 1,5 m á breidd. Bústaðurinn var byggður úr bindingi, klæddur utan með borðum og veggir múraðir að utan með skeljasandi. Þakið var með risi úr borðviði, pappa og bárujárni. Steinsteypdur grunnur var undir húsinu en í því var trégólf. Tvö íbúðarherbergi voru í húsinu, eldhús og anddyri. Að innan var það þiljað með trétexi og ýmist málað eða veggfóðrað.⁹¹ Þegar brunabótamat var gert 1942 var búið að bæta við inngönguskúr sem var byggður eins og húsið, 2,6 m á lengd og 1,5 m á breidd með skápaki, og byggja geymsluskúr úr bindingi sem klæddur var utan með pappa, 5,4 m á lengd og 1,8 m á breidd með skápaki. Húsin voru óbreytt þegar brunabótamat var gert 1945 og 1948.⁹² Þann 4. nóvember 1964 samþykkti borgarráð ályktun þess efnis að Fossvoogsblettur nr. 51 yrði tekinn úr erfðafestu vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda en gaf leyfi til þess að hús mættu standa þar til annað yrði

⁹⁰ Borgarskjalasafn. Skjöl Byggingarnefndar (B). Fossvoogsblettur 51 (B/3530). Bréf dagsett 5. maí 1939 og bréf dagsett 16/3 1939, samþykkt 30/3 1939.

⁹¹ Borgarskjalasafn. Brunabótavirðingar. Bók 21-06-37 til 21-04-1942. Aðfnr. 747. Hús Guðna Bjarnasonar við Bústaðaveg (Fossvoogsblettur 51) brunabótanúmer 3736, bls. 252.

⁹² Borgarskjalasafn. Skjöl Byggingarnefndar (B). Fossvoogsblettur 51 (B/3530). Brunabótamat: brunabótanúmer 3736. Bústaðavegur (Fossvoogsblettur 51). 1/4/1942, 20/4/1948/1/4/1951.

ákveðið.⁹³ Þá var Hannes Sveinsson erfðafestuhafi að Fossvogsbletti 51. Húseignin var metin 18. mars 1967 og var þá: Einlyft 50 m² timburhús með lágu risi, forskalað að utan með bárujárn á þaki. Bílskúr úr bárujárni og tveir geymsluskúrar úr tré. Stærð útihúsanna var um 37 m² og um 70 m².⁹⁴ Hannes bauð borgarsjóði erfðafestu sína ásamt skúrum til kaups 12. maí 1967.⁹⁵ Gengið var að tilboðinu og skrifað var undir afsal þann 19. september 1967 og þar var tekið fram að seljanda væri heimilt að dvelja í húsinu til 1. maí 1968.⁹⁶ Húsið og skúrarnir hafa verið rifin einhvern tímann eftir það og sjást ekki á loftmynd frá 1971.⁹⁷

Lýsing: Húsgrunnurinn er steinsteyptur og vel greinilegur þrátt fyrir mikinn gróður á honum og við hann, gras og tré. Var mældur upp eins og hann sást á yfirborði. Sunnan við hann er greinileg mosavaxin, hellulögð stétt. Sjá teikningu við skráningu (5-627).

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 57. Horft eftir hellulagðri stétt til norðvesturs sem er fyrir sunnan húsgrunn (5-628) á Fossvogsbletti 51 sem er til hægri á myndinni með trjágróðri, fjær má sjá garðlag (5-627).

⁹³ *Borgarskjalasafn.* Skjöl borgarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 51 (E/519). Borgarstjórinn í Reykjavík. Bréf dagsett 4. nóvember 1964.

⁹⁴ *Borgarskjalasafn.* Skjöl borgarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 51 (E/519). Bréf til Ellerts Schram dagsett 18. mars 1967.

⁹⁵ *Borgarskjalasafn.* Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 51 (E/519). Bréf til Borgarráðs Reykjavíkur, dagsett 12. maí 1967.

⁹⁶ *Borgarskjalasafn.* Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 51 (E/519). Afsal á erfðafestulöndinu Fossvogsbletti 51 ásamt mannvirkjum, undirritað 19. september 1967.

⁹⁷ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík 1971.



Mynd 58. Húsgrunnur (5-628) til vinstri og stétt fyrir framan, fyrir aftan sést í garðlag (5-627) sem var á lóðamörkum við gamla Bústaðavegin, horft til austurs að Neðstaleiti.

Reykjavík 5-629 Garðlag, lóðamörk

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-629	Fossvogsblettur 51	Girðing	Garðlag	●1936	358647	405940	86	2,7	Gott	Nei


Staðhættir: Garðlag um 62 m suðaustur af húsi Veðurstofunnar, Bústaðavegi 9, og um 38 m norður af núverandi Bústaðavegi. Garðlagið er á lóðamörkum norðan og vestan á erfðafestulandinu Fossvogsbletti 51.

Lýsing: Garðlagið er nánast U-laga, úr jarðvegi og stórgrýti. Vel greinilegt á norðurmörkum frá steinsteyptu horni, sem hefur tilheyrt Fossvogsbletti 52, meðfram gamla Bústaðaveginum um 17 m til suðausturs. Á vesturmörkum frá veginum við hornið og liggur um 31 m til suðvesturs þar sem það beygir inn á lóðina og liggur um 37 m til suðausturs og endar í smá sveigju. Á norðurhorni garðsins er mosavaxin grjóthrúga en annars er garðurinn grasivaxinn með nokkrum trjám.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 59. Garðlag, túngarður, (5-629) á Fossvogsbletti 51 liggur á lóðamörkum við blett nr. 52 að vestan, horft til suðvesturs að núverandi Bústaðavegi.



Mynd 60. Garðlag (5-629) á Fossvogsbletti 51, teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 61. Garðlag (5-629) á lóðamörkum Fossvogsbletts 51 að norðan með gamla Bústaðaveginum og á lóðamörkum við blett nr. 52 að vestan, horft til suðurs.

Reykjavík 5-630 Gamli Bústaðavegurinn

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Astand	Horfin
5-630	Bústaðavegur	Vegur	Vegur, heimild	●1932	358621	405957	140	7,2	Slæmt	Að hluta

Staðhættir: Gamli Bústaðavegurinn var upphaflega lagður 1932 og lá frá Útvarpsstöðvarvegi/ Breiðholtsvegi við Elliðaár í austri og vestur að gömlu Reykjanesbrautinni, Hafnarfjarðarvegi, sem nú er Skógarhlíð.⁹⁸ Vegurinn tók við af gömlu Þjóðleiðinni (5-77) sem lá sunnar.⁹⁹ Hann liggur eftir endilöngu deiliskipulagssvæðinu, frá Kringlumýrarbraut í austri að núverandi Bústaðavegi í vestri. Hann lagðist af á árunum 1965-1971 þegar Kringlumýrarbraut var gerð.¹⁰⁰ Nýr Bústaðavegur, eins og hann er nú, var gerður á árunum 1984-1990. Greina má veginn á nýlegum loftmyndum og á vettvangi austan við Veðurstofuhúsið, Bústaðaveg 9, frá bílastæðinu suðvestan við húsið um 140 m suðaustur að lúpinubreiðu fyrir norðan þar sem áður var erfðafestulandið Fossvogsblettur 51. Hluti af veginum

⁹⁸ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 13. Guðjón Friðriksson: *Alfræði Reykjavíkur*. Vefsíða. *Skjalaver Reykjavíkurborgar*. Teikning: 110200_9.tif. *Gölskálahað Skipulagstillaga*. Dagsett: Reykjavík 15. nóv. 1952. Þór Sandholt. Ekki í gildi.

⁹⁹ Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Íslandskort: Dönsku Herföngjaráðskortin: 27 NA. *Reykjavík*.

¹⁰⁰ *Þjóðviljinn*, 23. júlí 1969, bls. 7. Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík 1971.

hefur verið malbikaður og er núverandi aðkoma að Bústaðavegi 7, 7A og 9. Vestan við er vegurinn horfinn í gróður.

Lýsing: Horfinn að hluta. Vegurinn er greinilegur, grasi gróinn, frá bílastæði við Bústaðaveg 9 til suðausturs um 140 m að lúpínubreiðu, breidd um 7,2 m.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 62. Gamli Bústaðavegurinn (5-630) er bæði skráður eftir heimildum (græn punktalína) og þar sem hann er vel greinanlegur suðaustan við Veðurstofu (svört lína fyllt með grænu).



Mynd 63. Gamli Bústaðavegurinn (5-630) er vel greinanlegur suðaustan við Veðurstofu, horft til norðvesturs.




Mynd 64. Gamli Bústaðavegurinn (5-630) suðaustan við Veðurstofu, horft til suðausturs.

Reykjavík 5-631 Vegur að Golfskála

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-631		Vegur	Heimild	●1937	358398	406091	70	5	Ómetið	Já

Staðhættir: Vegur, afleggjari, lá frá gamla Bústaðaveginum að Golfskála Golfklúbbs Íslands á Minni-Öskjuhlíð. Lá nánast í norður-suður, vestan við vatnsgeyminn, Bústaðavegi 7A. Vegurinn er greinilegur á loftmyndum frá 1954 fram til ársins 2007.¹⁰¹ Staðsetning og lega vegarins var ákvörðuð út frá þeim.

Lýsing: Ummerki eftir veginn eru ekki greinileg á yfirborði vegna gróðurs. Steinaröð sem liggur með austurhlíð hans tilheyrir sennilega seinni tíma framkvæmdum. Mikið gras, lúpína og tré.



Mynd 65. Vegur (5-631) að golfskála, græn punktalína, teiknaður eftir hnitsettum loftmyndum.¹⁰²

¹⁰¹ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir 1954-2007.

¹⁰² Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir: Reykjavík árið 2021.



Mynd 66. Vegstæði vegar (5-631) að golfskála sem lá vestan við vatnsgeyminn, horft til suðvesturs að vatnsgeyminum, Bústaðavegi 7A.

Reykjavík 5-632 Vegur að golfvelli

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-632		Vegur	Heimild	●1938	358469	406108	297	3	Ómetið	Já

Staðhættir: Vegur lá frá golfskála Golfklúbbs Íslands á Minni-Öskjuhlíð að golfvelli í Mjóumýri, sjá ljósmynd við skráningu golfskálans (5-507). Golfvöllurinn var þar sem nú er Borgarleikhúsið og á svæðinu þar í kring. Vegurinn lá til suðausturs frá skálanum með hitaveitustokknum, norðanmegin, norðan við vatnsgeyminn, Bústaðavegi 7A, beygði síðan niður að golfvelli að sjöttu eða sjöundu braut eða þar sem nú er Stigahlíð 81. Vegurinn er greinilegur á loftmynd frá 1954 og lengur sá hluti sem lá með stokknum. Vegurinn er greinilegur á loft- og ljósmyndum.¹⁰³

Lýsing: Vegurinn er horfinn í gróður.



Mynd 67. Vegur (5-632) sem lá frá Golfskálanum að Öskjuhlíðarvelli á loftmynd frá 1954.¹⁰⁴

¹⁰³ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir 1954-1995.

¹⁰⁴ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík árið 1954.



Mynd 68. Vegur (5-632) lá frá golfskálanum að gólfvöllinum í Mjóumýri, teiknaður eftir hnitsettri loftmynd frá 1954.¹⁰⁵

Reykjavík 5-633 Lítil hús við Bústaðaveg

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-633		Óþekkt	Heimild	●1954	358414	406070			Ómetið	Já

Staðhættir: Fyrir norðan gamla Bústaðavegin, suðvestan við vatnsgeyminn, Bústaðavegi 7A, voru fimm lítil hús sem eru greinileg á loftmynd frá 1954.¹⁰⁶ Fjögur húsanna voru rétt norðan við Bústaðavegin en eitt um 20 m norðar, vestan við þar sem nú eru þrjú skilti. Húsin fjögur við veginn voru öll horfin þegar loftmynd var tekin 1965, en hús sem stóð norðar var uppistandandi þegar loftmynd var tekin 1984.¹⁰⁷ Gætu hafa verið kartöflukofar. Húsin eru öll skráð undir eitt númer (5-633) og voru teiknuð eftir hnitsettri loftmynd.

Lýsing: Húsin eru horfin.

Hættumat: Engin hættu.



Mynd 69. Fimm lítil hús (5-633), teiknuð eftir hnitsettri loftmynd, græn brotalína.¹⁰⁸

¹⁰⁵ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir: Reykjavík árið 1954 og 2018.

¹⁰⁶ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík árið 1954.

¹⁰⁷ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir 1965, 1984.


¹⁰⁸ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir: Reykjavík árið 1954 og 2021.

Reykjavík 5-634 Fossvogsblettur 55, erfðafestuland

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-634	Fossvogsblettur 55	Erfðafestuland	Heimild	1936-1964	358319	406068			Ómetið	Já

Staðhættir: Erfðafestulandið Fossvogsblettur 55 var sunnan við gamla Bústaðavegin og suðvestan við vatnsgeyminn, Bústaðavegi 7A. Spildan var þríhyrningslaga, 1,01 ha að stærð, og var úthlutað í maí 1936 til Sigurðar Kristjánssonar.¹⁰⁹ Þann 27. febrúar árið 1959 hafnaði bæjarráð forkaupsrétti og erfðafesturétturinn var framseldur til Ingibjargar Þorsteinsdóttur.¹¹⁰ Fossvogsblettur nr. 55 var tekinn úr erfðafestu 4. nóvember 1964 en heimilað var að hús á landinu mættu standa þar til annað yrði ákveðið og var Ingibjörg Þorsteinsdóttir eigandi þeirra.¹¹¹

Lýsing: Horfið. **Hættumat:** Engin hætta.



Mynd 70. Erfðafestulandið Fossvogsblettur 55 (5-634), íbúðarhús (5-635), hús (5-636) og afleggjari (5-652) frá gamla Bústaðaveginum á blettinum.¹¹²

¹⁰⁹ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55) (E/523). Leigusamningur um erfðafestuland til ræktunar, án bygginga, dagsettur 22. maí 1936.

¹¹⁰ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55) (E/523). Leigusamningur um erfðafestuland til ræktunar, án bygginga, dagsettur 22. maí 1936.

¹¹¹ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55) (E/523). Bréf borgarstjóra dagsett 1. nóvember 1964.

¹¹² Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Lágflugsloftmynd 17/7/2018. *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn. Kort af erfðafestublettum í Reykjavík, teiknað af Þorleifi Kristóferssyni 5. apríl 1955. Afrit.

Reykjavík 5-635 Fossvogsblettur 55, íbúðarhús

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-635	Fossvogsblettur 55	Íbúðarhús	Heimild	● 1936-1984	358363	406052	10,7	8,1	Ómetið	Já

Staðhættir: Íbúðarhúsið Fossvogsblettur 55 var sunnan við gamla Bústaðavegin og suðvestan við vatnsgeyminn, Bústaðavegi 7A. Húsið stóð á samnefndu erfðafestulandi sem Sigurður Kristjánsson fékk úthlutað 1936, sjá mynd við skráningu (5-634). Hann byggði nýjan sumarhúsið úr bindingi með járnþaki, 7,8 m að lengd og 3,3 m á breidd með risi, sem gert var brunabótamat á í október 1936.¹¹³ Bletturinn skipti nokkrum sinnum um eigendur og eftir að Reykjavíkurbær hafnaði forkaupsrétti sínum 26. október 1944 var erfðafesturétturinn framseldur til Sigurðar Bjarnasonar. Þar var tekið fram að ekki hafi verið veitt byggingarleyfi fyrir húsinu sem væri líka stærra að grunnfleti en heimilt var að byggja samkvæmt 8. gr. samningsins.¹¹⁴ Árið 1944 var gert brunabótamat á húsinu og þá var búið að byggja viðbyggingu með skápaki við norðurhlíð hússins, 5,6 m á lengd og 4,0 m á breidd með skúrþaki og húsið orðið 126,50 m².¹¹⁵ Ári síðar, í desember 1945, sótti Sigurður um leyfi til að byggja bílskúr og hænsnahús á Fossvogsbletti 55 en var synjað.¹¹⁶ Samræmismat var gert í apríl 1951 og var lýsing á húsinu sú sama og 1944.¹¹⁷ Þann 1. nóvember 1951 var Sigurði Bjarnasyni stefnt vegna meints brots á byggingarlöggjöfni á erfðafestulandinu Fossvogsbletti 55 þar sem var verið að hækka húsið og reisa viðbyggingu við það í óleyfi. Í skjali sakadóms kemur fram að kærði hafi fengið fjárfestingarleyfi til að byggja upp og þar sem gamla timburhúsið hafi verið lélegt og óhæft til íbúðar hafi hann rífið húsið að nokkru og hafið að byggja við það og utan um það. Hann steypti grunninn, um 70 m², og hlóð síðan holsteini ofan á. Taldi húsið fokhelt og ætlaði að forskala það og búa síðan í því.¹¹⁸ Í bréfi bæjarverkfræðings dagsettu 10. febrúar 1959 kemur fram að á blettinum sé ræktun lítil, girðing fremur léleg og hús sé, að nokkru leyti í óleyfi, hlaðið úr steini með háu risi 75,0 m² en leyfi hafði verið gefið fyrir 25 m² sumarhúsið 1936.¹¹⁹ Árið 1959, þann 27. febrúar, hafnaði bæjarráð forkaupsrétti og erfðafesturétturinn var framseldur til Ingibjargar Þorsteinsdóttur.¹²⁰ Fossvogsblettur nr. 55 var tekin úr erfðafestu 4. nóvember 1964 en heimilað var að hús á landinu mættu standa þar til annað yrði ákveðið og var Ingibjörg Þorsteinsdóttir enn eigandi.¹²¹ Tvær íbúðir voru í húsinu samkvæmt auglýsingu um húsnæði til leigu frá 1964 og það sama kemur fram í bréfi borgarverkfræðings frá 1966.¹²² Í yfirlýsingu varðandi kaupverð á Fossvogsbletti 55 dagsettri 24. október kemur fram að afhenda eigi húsið 1. janúar 1967.¹²³ Ekki er vitað nákvæmlega hvenær húsið

¹¹³ *Borgarskjalasafn*. Brunabótavirðingar. Bók 21-8-1933 til 21-05-1937. Aðfnr. 746. Hús Sigurðar Kristjánssonar við Bústaðaveg, Fossvogsblett 55, bls. 383.

¹¹⁴ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Bréf frá bæjarráði dagsett 20. október 1944. (E/523) Fossvogsblettur LV. Leigusamningur um erfðafestuland til ræktunar, án bygginga, dagsettur 22. maí 1936.

¹¹⁵ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55). Brunabótamat. Brunabóta nr. 3447. Bústaðavegur (Fossvogsbll. 55) 9/9/1944 og 1. apríl 1951.

¹¹⁶ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55) (E/523). Bréf bæjarráðs dagsett 8. des. 1945.

¹¹⁷ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55) (E/523). Brunabótamat: brbnr. 3447. Bústaðavegur (Fossvogsblettur 55.)

¹¹⁸ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55) (E/523). Endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur. Dagsett 1. nóvember 1951.

¹¹⁹ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55) (E/523). Bréf bæjarverkfræðings dagsett 10. febrúar 1959.

¹²⁰ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55) (E/523). Bréf borgarstjóra dagsett 1. nóvember 1964.

¹²¹ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV (55) (E/523). Bréf borgarstjóra dagsett 1. nóvember 1964.

¹²² Morgunblaðið, 16. maí 1964, bls. 20. Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV 55 (E/523). Bréf borgarverkfræðings dagsett 3. júní 1966.

¹²³ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LV 55 (E/523). Yfirlýsing dagsett 24. október 1966.

var rífið en það er sjáanlegt á loftmynd 1984 en var horfið á loftmynd 1991, sjá kort við skráningu (5-634).

Lýsing: Horfið, en ummerki gætu leynst undir yfirborði.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Framkvæmdir.



Mynd 71. Fossvogsblettur 55 á árunum 1970-1975, ljósmyndari Sveinn Þórðarson.¹²⁴

Reykjavík 5-636 Fossvogsblettur 55, hús

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-636		Óþekkt	Heimild	●1936-1964	358395	406030	17,7	5,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Hús sem stóð á erfðafestulandinu Fossvogsbletti 55. Stóð vestan við þar sem nú er bílastæði við Bústaðaveg 7. Ekki vitað til hvers það var notað eða hvenær það var fjarlægt, en það sést á loftmynd 1954 en er horfið þegar loftmynd var tekin 1964, sjá mynd við skráningu (5-634).¹²⁵

Lýsing: Horfið.

Hættumat: Engin hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.

¹²⁴ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. SPÓ ÁBS 1457. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson, um 1970-1975.

¹²⁵ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík árið 1954 og 1964.

Reykjavík 5-637 Fossvogsblettur 54, erfðafestuland

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-637	Fossvogsblettur 54	Erfðafestuland	Heimild	● 1936-1964	358414	406007			Ómetið	Já

Staðhættir: Erfðafestulandið Fossvogsblettur 54 var þar sem nú er Veðurstofa Íslands á Bústaðavegi 7. Landið var 0,95 ha að stærð og var úthlutað Magnúsi Brynjólfssyni í maí 1936.¹²⁶ Landið átti mörk á móti Fossvogsblettum nr. 52 að austan, nr. 53 að sunnan, nr. 55 að vestan en að norðan lá það að gamla Bústaðaveginum. Árið 1944 áformaði Magnús að selja Rudolf Hansen erfðafesturéttindi sín að Fossvogsbletti 54 ásamt húsi, girðingu, ræktun og mannvirkjum en ekkert virðist hafa orðið af því.¹²⁷ Árið 1947 keypti Björn Markússon erfðafestuna en seldi tveimur árum síðar, 1949, til Svavars Gíslasonar.¹²⁸ Fossvogsblettur 54 var tekinn úr erfðafestu í nóvember 1964 vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda en hús á landinu máttu standa þar til annað yrði ákveðið.¹²⁹ Árið 1970 var bærinn búinn að ganga frá kaupum á Fossvogsbletti 54, eign Svavars Gíslasonar, mannvirki ásamt erfðafestulandi og átti að rýma húsið í maí 1972 eða síðar.¹³⁰

Lýsing: Horfið. **Hættumat:** Engin hætta.



Mynd 72. Erfðafestulandið Fossvogsblettur 54 (5-637), íbúðarhúsið Hvassafell (5-368), tvö hús á sama númerinu (5-664) og afleggjari (5-665) frá gamla Bústaðaveginum á Fossvogsbletti 54.¹³¹

¹²⁶ Borgarskjalasafn. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LIV (54) (E/522). Leigusamningur um erfðafestuland til ræktunar, án bygginga. Dagsettur 11. maí 1936.

¹²⁷ Borgarskjalasafn. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LIV (54) (E/522). Bréf til bæjarstjórnar Reykjavíkur frá Magnúsi Brynjólfssyni dagsett 14. júní 1944.

¹²⁸ Borgarskjalasafn. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LIV (54) (E/522). Leigusamningur um erfðafestuland til ræktunar, án bygginga. Dagsettur 11. maí 1936. Viðhengi: Yfirlýsing Björns Markússonar undirrituð 29. mars 1949.

¹²⁹ Borgarskjalasafn. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LIV (54) (E/522). Bréf borgarstjórnans í Reykjavík dagsett 4. nóvember 1964.

¹³⁰ Borgarskjalasafn. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LIV (54) (E/522). Yfirlýsing frá Ellert B. Schram, dagsett 27. maí 1970.

¹³¹ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík árið 1954.

Reykjavík 5-638 Hvassafell, Fossvogsbletti 54

Safn. nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-638	Hvassafell	Íbúðarhús	Heimild	●1938-1976	358446	405996	11	8	Ómetið	Já

Staðhættir: Íbúðarhúsið Hvassafell var við gamla Bústaðavegin, á erfðafestulandinu Fossvogsbletti 54 sem var þar sem nú er vesturhluti hússins á Bústaðavegi 7, sjá mynd við skráningu (5-637). Magnús Brynjólfsson erfðafestuhafi sótti um leyfi til að byggja 24,96 m² sumarbústað úr timbri eftir teikningu Arinbjörns Þorkelssonar og fékk samþykkt 9. júlí 1936.¹³² Samkvæmt brunabótamati 21. desember 1937 hafði Magnús byggt sumarbústað það sama ár, 7,5 m á lengd og 5,4 m á breidd með skápaki. Bústaðurinn var á steinsteyptum grunni úr bindingi, klæddur utan með borðum, pappa, listum og járn á veggjum og þaki. Í húsinu voru fjögur íbúðarherbergi, eldhús og anddyri, allt þiljað innan, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað.¹³³ Árið 1941 fór hann þess á leit við bæjarráð að hann fengi að byggja við það eitt herbergi þar sem hann þyrfti að búa þar vegna húsnæðiseklu, en var sýnjað.¹³⁴ Þegar brunabótamat var gert í október 1943 á íbúðarhúsinu Fossvogsblett 54, Hvassafelli, hafði verið bætt við það. Í húsinu voru þá fimm íbúðarherbergi, eldhús, geymsluklefi og anddyri, allt þiljað innan, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Húsið var þá orðið 11 m á lengd og 5,8 m á breidd, útskot var 7,8 m á lengd og 1,0 m á breidd. Það var úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, vírneti og skeljasandi á múrhúð á veggjum, með járnþaki á pappa og borðsúð.¹³⁵ Samræmismat vegna brunabóta var gert í apríl 1951 og þá var stærð hússins samhljóða brunabótamati sem gert var 1943.¹³⁶ Húseignir á Fossvogsbletti 54 voru metnar í febrúar 1969. Þá stóðu á blettinum nokkur hús; íbúðarhús, bílskúr, jarðhús, hesthús og geymsluskúr. Íbúðarhúsið var úr timbri, ein hæð með valmaþaki. Forskalað að utan með járn á þaki. Klætt með þilplötum að innan, með timburgólfum. Húsið var um 72 m² með fimm herbergjum, eldhúsi, baðherbergi, miðstöðvarklefa, innri og ytri forstofu.¹³⁷

Fossvogsblettur 54 var tekinn úr erfðafestu í nóvember 1964 vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda, en hús á landinu máttu standa þar til annað yrði ákveðið.¹³⁸

Árið 1970 var bærinn búinn að ganga frá kaupum á Fossvogsbletti 54, eign Svavars Gíslasonar, mannvirkjum ásamt erfðafestulandi og átti að rýma húsið í maí 1972 eða síðar.¹³⁹ Ekki er vitað nákvæmlega hvenær íbúðarhúsið var fjarlæggt en það stóð árið 1976 þegar tekin var af ljósmynd af því en var horfið þegar loftmynd var tekin 1979.¹⁴⁰ Sjá mynd við skráningu 5-637.

Lýsing: Horfið.

Hættumat: Engin hættu.

¹³² *Borgarskjalasafn*. Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Fossvogsblett 54 (B/3249). Bréf Magnúsar Brynjólfssonar til byggingarnefndar Reykjavíkur samþykkt 9. júlí 1936.

¹³³ *Borgarskjalasafn*. Brunabótavirðingar. Bók 21-06-1937 til 21-04-1942 Aðfnr. 747. Hús Magnúsar Brynjólfssonar, Hvassafell við Bústaðaveg, brbnr. 3440. 21.12.1937, bls. 64.

¹³⁴ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Bréf til bæjarráðs Reykjavíkurbæjar frá Magnúsi Brynjólfssyni, dagsett 11. september 1941 (E/522).

¹³⁵ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LIV (54) (E/522). Brunabótanúmer: 3440. Brunabótamat 15/10/1943 og samræmismat 1. apríl 1951.

¹³⁶ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LIV (54) (E/522). Brunabótanúmer: 3440. Brunabótamat 15/10/1943 og samræmismat 1. apríl 1951.

¹³⁷ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LIV (54) (E/522). Bréf Ellerts Schram, dagsett 13. febrúar 1969.

¹³⁸ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LIV (54) (E/522). Bréf borgarstjórans í Reykjavík dagsett 4. nóvember 1964.

¹³⁹ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LIV (54) (E/522). Yfirlýsing frá Ellert B. Schram, dagsett 27. maí 1970.

¹⁴⁰ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. SPÓ ÁBS 1458. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson, 1976. Fossvogsblettur 54, við Bústaðaveg. Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík árið 1979.



Mynd 73. Hvassafell, íbúðarhús á Fossvogsbletti 54 við Bústaðaveg, 1976.¹⁴¹

Reykjavík 5-639 Fossvogsblettur 51, erfðafestuland

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-639	Fossvogsblettur 51	Erfðafestuland	Heimild	●1936-1964	358676	405857	156	154	Ómetið	Já

Staðhættir: Erfðafestulandið Fossvogsblettur 51 var suðaustan við Veðurstofuna, Bústaðaveg 9. Þegar því var fyrst úthlutað árið 1936 til Gests Gunnlaugssonar var það 4,15 ha spilda á milli þáverandi Bústaðavegs og Reykjanesbrautar, þar sem nú er Suðurhlíð.¹⁴² Árið 1938 urðu Guðni Bjarnason og Bjarni Ívarsson eigendur að erfðafestunni og fóru fram á að Fossvogsbletti 51 yrði skipt upp í tvo parta. Bæjarráð samþykkti beiðnina og var blettinum skipt upp í tvö álíka stór lönd, nyrðri parturinn hélt númerinu en sá syðri fékk númerið 56. Fossvogsblettur 51 varð eftir það 2,16 ha í eigu Guðna Bjarnasonar en Bjarni Ívarsson varð eigandi að nr. 56.¹⁴³

Landsvæðið sem Fossvogsblettur 51 náði yfir, eftir að það var minnkað, er þar sem nú er hluti af lóð Veðurstofu Íslands, hluti af núverandi Bústaðavegi og að götunni Birkihlíð þar sem nú eru íbúðarhúsalóðir nr. 18-46.¹⁴⁴ Þann 4. nóvember 1964 samþykkti borgarráð ályktun þess efnis að Fossvogsblettur nr. 51 yrði tekinn úr erfðafestu vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda en gaf leyfi til þess að hús mættu standa þar til annað yrði ákveðið.¹⁴⁵

¹⁴¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. SPÓ ÁBS 1458. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson, 1976.

¹⁴² Borgarskjalasafn. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LI (E/519). Leigusamningur um erfðafestuland til ræktunar, án bygginga, dagsettur 8. nóv. 1935. Samningurinn var ógiltur 7. des. 1938.

¹⁴³ Borgarskjalasafn. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur LI (E/519). Leigusamningur um erfðafestuland til ræktunar, án bygginga, dagsettur 29. júlí 1938. Bréf til bæjarsjóðs dagsett 12. júlí 1938 og bréf bæjarsjóðs dagsett 2. ágúst 1938.

¹⁴⁴ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd 17/7 2018. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Kortasafn. Kort af erfðafestublettum í Reykjavík, teiknað af Þorleifi Kristóferssyni 5. apríl 1955. Afrit.

¹⁴⁵ Borgarskjalasafn. Skjöl borgarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 51 (E/519). Borgarstjórnin í Reykjavík. Bréf dagsett 4. nóvember 1964.

Lýsing: Allnokkur ummerki er að finna eftir búsetu á erfðafestublettinum norðan við núverandi Bústaðaveg, s.s. grunn íbúðarhússins, garðlög og ræktunarreit. Sunnan Bústaðavegar hefur hins vegar allt horfið vegna gatnagerðar og byggingaframkvæmda.

Hættumat: Engin hætta.



Mynd 74. Erfðafestulandið Fossvogsblettur 51 (5-639), grunnur íbúðarhússins (5-628), garðlög (5-627 og 5-629), þúst (5-640), bílskúr og geymsla (5-663) og vegur (5-641) sem lá á milli Bústaðavegar og Reykjanesbrautar yfir Fossvogsbletti 51 og 56.¹⁴⁶

Reykjavík 5-640 Undirstaða

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-640	Fossvogsblettur 51	Undirstaða	Þúst	●1936	358714	405881	4,4	3,2	Gott	Nei

Staðhættir: Suðaustur af Veðurstofu, Bústaðavegi 9, um 150 m og 41 m norðan og ofan við Bústaðaveg er þúst, þar sem áður var erfðafestulandið Fossvogsblettur 51. Þústin er um 15 suðvestur af grunnu íbúðarhússins (5-628) sem þar stóð, sjá kort við skráningu (5-627).

Lýsing: Hringlaga grjóthlaðin þúst, um 50 cm á hæð, mosa og grasivaxin. Upp úr miðjunni eru tvö flatjárn, hvort með tveimur götum, sennilega festing fyrir flaggstöng.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.

¹⁴⁶ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Lágflugsmýnd 17/7/2018.



Mynd 75. Undirstaða (5-640), sennilega fyrir fánastöng, horft til norðausturs að grunnni íbúðarhússins á Fossvogsbletti 51, fjær er Neðstaleiti 6-8.

Reykjavík 5-641 Vegur

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-641		Vegur	Heimild	●1938-1984	358733	405836	388	2,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Vegur sem lá frá gamla Bústaðaveginum að gömlu Reykjanesbrautinni yfir erfðafestulöndin Fossvogsblett nr. 51 og nr. 56. Lá frá gamla Bústaðaveginum, austan við íbúðarhús á Fossvogsbletti 51, til suðurs um 100 m, beygði þá til vesturs á 95 m kafla en beygði svo til suðurs um 40 m að húsum nyrst á Fossvogsbletti 56 og síðan frá þeim um 147 m að gömlu Reykjanesbrautinni. Vegurinn er mjög greinilegur á loftmynd frá 1954.¹⁴⁷ Staðsetning og lega var fengin út frá loftmyndum.¹⁴⁸ Sjá mynd við skráningu (5-639).

Lýsing: Horfinn. Mögulegar leifar eða ummerki eru eftir veginn austan við húsgrunn (5-628) íbúðarhússins á Fossvogsbletti 51, en þar er allt á kafi í lúpínu.

Hættumat: Engin hætta.

Reykjavík 5-642 Hornstólpi á girðingu

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-642		Hornstólpi	Steinsteypa	●1936	358646	405942	2,3	0,4	Gott	Nei


Staðhættir: Suðaustur af Veðurstofunni, Bústaðavegi 9, um 58 m og um 70 m norður af Bústaðavegi, er steiptur hornstöpull. Hann er þar sem áður voru lóðamörk erfðafestulandana Fossvogsbletta nr. 51 og 52. Hefur greinilega tilheyrt bletti nr. 52 og verið „hornstaur“ á girðingu á erfðafestulandinu. Er við U-laga garðlag (5-629) á lóðamörkum nr. 51. Af gömlum loftmyndum að dæma hefur legið vegur frá horninu niður að útihúsum um miðbik landspildunnar Fossvogsbletts 52.

¹⁴⁷ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík árið 1954.

¹⁴⁸ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir: Reykjavík árið 1954, 1965.

Lýsing: Hornið er steinsteypt, mosavaxið með girðingarleifum á hvorum enda. Innan við það er mosavaxinn, kassalaga trérammi, helmingi hærri en steypa hornið.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.



Mynd 77. Teikning af steypu horni (5-642) á lóðamörkum, eftir uppmælingu.

Mynd 76. Steinsteypt horn (5-642) á girðingu á lóðamörkum Fossvogsbletts 52 við nr. 51, horft til austurs.

Reykjavík 5-643 Fossvogsblettur 52, erfðafestuland

Safn. nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Astand	Horfin
5-643	Fossvogsblettur 52	Erfðafestuland	Heimild	● 1936-1964	358561	405924			Ómetið	Já

Staðhættir: Erfðafestulandið Fossvogsblettur 52 var þar sem nú er autt svæði á lóð Veðurstofu Íslands, suðvestan við Bústaðaveg 9 og íbúðagöturnar Beykihlíð og Suðurhlíð. Landið lá á milli gamla Bústaðavegarins og gömlu Reykjanesbrautarinnar. Átti merki á móti öðrum Fossvogsblettum, við nr. 53 og 54 að norðvestan en á móti nr. 51 og 56 að suðaustan. Var um 3,6 ha samkvæmt korti af erfðafestulöndum.¹⁴⁹ Leigusamning um erfðafestulandið er ekki að finna í skjölum sem varða blettinn en því hefur sennilega verið úthlutað á árunum 1935 eða 1936 eins og öðrum blettum í kring, en ekki er vitað hverjum.

Tvö íbúðarhús voru á blettinum samkvæmt brunabótamati. Annað var metið 1947 og var 27 m² á einni hæð með *geirarisi*, með brunabótanúmerið: **4851**, (5-644).¹⁵⁰ Hitt var metið 1948 og var 35,2 m² á einni hæð með óinnréttaðu risi ásamt 15,2 m² inngönguskúr og tveimur hænsnahúsum, 60 og 54 m² með brunabótanúmerið: **4979**, (5-645).¹⁵¹ Hvorutveggja voru nr. 52 og er erfitt að átta sig á eignarhaldi og staðsetningu. Ályktað var út frá heimildum að húsið með geirarisinu (brnr: 4851) hafi staðið innar á blettinum, en hitt með *risinu* og hænsnahúsunum (brnr: 4979) hafi staðið við Gömlu Reykjanesbrautina.

Samkvæmt frétt í Þjóðviljanum 8. apríl 1948 um eggjaþjófnað, var Gísli Hannesson þá eigandi að hænsnabúinu á Fossvogsbletti 52.¹⁵² Hann seldi síðan Kristjáni Vilmundarsyni „húseignina

¹⁴⁹ *Skjalaver Reykjavíkurborgar*. Reykjavík 1947.

¹⁵⁰ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 52 (E/520). Brunabótanúmer 4851. Mat: 29/9/1947.

¹⁵¹ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 52 (E/520). Brunabótanúmer 4979. Mat: 29/9/1947.

¹⁵² *Þjóðviljinn*, 8. apríl 1948, bls. 8.

Fossvogsblett 52 í Fossvogi ásamt viðbyggingu og öllu öðru, ... án lóðarréttinda.“ í mars 1959.¹⁵³ Erfðafesta gæti hafa verið í eigu einhvers annars. Fossvogsblettur 52 var tekið úr erfðafestu 3. nóvember 1964.¹⁵⁴

Samkvæmt bréfi dagsettu 21. apríl 1970 var Geir Gunnlaugsson bóndi í Eskihlíð erfðafestuhafi Fossvogsblettis nr. 52.¹⁵⁵ Ekki eru aðrar heimildir sem varða erfðafestuhafa. Húseignir á blettinum voru seldar borgarsjóði, húsið sem stóð innar á blettinum 1970 og það sem stóð við Reykjanesbrautina 1971. Staðsetning og umfang er tekið eftir loftmynd 1954.¹⁵⁶

Lýsing: Horfið. **Hættumat:** Engin hætta.



Mynd 78. Erfðafestulandið Fossvogsblettur 52 (5-644), íbúðarhús (5-645) við gömlu Reykjanesbrautina, íbúðarhús innar á blettinum (1987-28), hænsnahús (5-646), afleggjari (5-647) frá Gömlu Reykjanesbrautinni. Afmörkun erfðafestulanda er fengin af erfðafestukorti frá 1955.¹⁵⁷

¹⁵³ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 52 (E/520). Afsal Gísla Hannessonar dagsett 26. mars 1959.

¹⁵⁴ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 52 (E/520). Tillaga að bréfi dagsettu 24. júní 1974.

¹⁵⁵ *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Fossvogsblettur 52 (E/520). Bréf borgarstjóra dagsett 21. apríl 1970.

¹⁵⁶ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík árið 1954.

¹⁵⁷ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Lágflugsloftmynd 17/7/2018. *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn. Kort af erfðafestublettum í Reykjavík, teiknað af Þorleifi Kristóferssyni 5. apríl 1955. Afrit.

Reykjavík 5-652 Vegur að Fossvogsbletti 55

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-652		Vegur	Heimild	●1936-1984	358339	406071	33	3	Ómetið	Já

Staðhættir: Afleggjari frá gamla Bústaðaveginum að Fossvogsbletti 55. Var skammt norðvestan við aðkomuveg að Bústaðavegi 7-9, sunnan og fyrir neðan steypu skotbyrgin.¹⁵⁸ Sjá mynd við skráningu nr. (5-634).

Lýsing: Horfinn. **Hættumat:** Engin hætta.

Reykjavík 5-653 Streymi tímans, umhverfislistaverk

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-653	Streymi tímans	Listaverk	Náttúruminjar	2012	358359	406152	22	11	Gott	Nei

Staðhættir: Efst á Minni-Öskjuhlíð, vestan við nýjan mælireit Veðurstofunnar og norðan við gangstíg, er umhverfislistaverkið *Streymi tímans* eftir Sólveigu Aðalsteinsdóttur frá árinu 2012. Verkið fólst í því „að fjarlægja gróðurhuluna af einstökum ísaldarminjum, hvalbökum, jökulsorfnum klöppum með rákum sem sýna stefnu jökulsins.“¹⁵⁹ Þaðan er einstakt útsýni yfir borgina og sjá má fjallahringinn án þess að færa sig úr stað. Þar er nú áningarstaður og upplýsingar um verkið.

Lýsing: Ávalar klappir, hvalbök, með greinilegum rákum sem liggja norðvestur-suðaustur og sýna stefnu jökulsins. Svæðið er sporöskjulaga og að því liggur gróður, gras og tré, en á milli klappanna lónar vatn. Á hæstu klöppinni eru fast- og hæðamerki.



Mynd 79. Hvalbök efst á Minni-Öskjuhlíð, umhverfislistaverkið „Streymi tímans“ eftir Sólveigu Aðalsteinsdóttur, horft til norðvesturs.

¹⁵⁸ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík árið 1954.

¹⁵⁹ Listasafn Reykjavíkur: Sólveig Aðalsteinsdóttir: *Streymi tímans*, 2012.


Reykjavík 5-654 Öskjuhlíðarvöllur

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-654	Öskjuhlíðarvöllur	Golfvöllur	Heimild	● 1937- 1970	358648	405993	770	480	Ómetið	Já

Staðhættir: Öskjuhlíðarvöllur var 9 holu golfvöllur í Mjóumýri syðst í Kringlumýri austan við Minni-Öskjuhlíð, norðan við gamla Bústaðavegin. Náði yfir svæði þar sem nú er íbúabyggð við Stigahlíð, til austurs yfir Kringlumýrarbraut og byggingar við Listabraut að götunni Hvassaleiti. Landið sem völlurinn var á lá undir tvær jarðir Reykjavík og Laugarnes og er skráður undir þær báðar (5-654 og 230-108).

Golfklúbbur Íslands fékk landinu úthlutað árið 1937 og ári síðar, þann 1. ágúst 1938, vígði Ingrid krónprinsessa Íslands og Danmerkur golfvöllinn og golfskála sem var skammt vestan við á Minni-Öskjuhlíð, og varð fyrsti heiðursfélagi klúbbsins.¹⁶⁰ Samkvæmt teikningu af golfvellinum dagsettri 28. október 1938 má sjá að gert var ráð fyrir teig, fyrstu holu, á austanverðu deiliskipulagssvæðinu, norðan við gamla Bústaðavegin og sunnan við hitaveitustokkinn, austan við vatnsgeyminn þar sem hús Veðurstofunnar við Bústaðaveg nr. 8 og 9 eru og eldri mælireitur Veðurstofunnar.¹⁶¹ Völlurinn tók við af fyrsta golfvellinum, *Austurhlíðarvelli* (230-180), sem var í Laugardalnum á tünnum býlisins Austurhlíðar þar sem Laugardalsvöllurinn er núna og bílastæði norðan við hann.¹⁶²

Lýsing: Horfin.



Mynd 80. Teikning af landi Golfklúbbs Íslands, golfvelli í Mjóumýri, dagsett 28. október 1938.¹⁶³

¹⁶⁰ *Alþýðublaðið*, 29. júlí 1938. *Kylfingur*, 1. september 1938, bls. 2-6.

¹⁶¹ Golfklúbbur Reykjavíkur. Ljósmyndavefur GR: Saga golfvalla og móta: Ýmis kort (safnmappa). Teikning: *Land Golfklúbbs Íslands*, plan no. 2. Walt Arneson. Dagsett Reykjavík 28.10.38. Undirskrifað S.J.

¹⁶² Sarpur: *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Fornleifar: 181165-180. Laugarnes.

¹⁶³ Golfklúbbur Reykjavíkur. Ljósmyndavefur GR: Saga golfvalla og móta: Ýmis kort (safnmappa). Teikning: *Land Golfklúbbs Íslands*. By Rube Arneson. Dagsett: Reykjavík 28.10.38. Undirskrifað S.J.

Reykjavík 5-663 Fossvogsblettur 51, skúrar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-663	Fossvogsblettur 51	Bílskúr, skúrar	Heimild	●1936-1968	358738	405877	16	4,2	Ómetið	Já

Staðhættir: Suðaustan við Bústaðaveg 9, um 166 m og um 53 m norður af núverandi Bústaðavegi og austan við grunn íbúðarhússins (5-663) sem stóð á Fossvogsbletti 51, stóðu bílskúr og tveir geymsluskúrar. Skráðir undir eitt númer.

Árið 1967 þegar lagt var mat á húseignina fylgdu með húsinu „bílskúr byggður úr bárujárni og tveir geymsluskúrar úr tré. Stærð þessara útihúsa er um 37 m²“.¹⁶⁴ Umfang og staðsetning þessara húsa sem sett er fram á kortum var skoðuð út frá loftmyndum 1951, 1954 og 1965.¹⁶⁵ Sjá mynd við skráningu nr. (5-639).

Lýsing: Engin ummerki eru greinanleg á yfirborði eftir skúrana en mikill gróður er á svæðinu, aðallega lúpína, svo leifar eftir þá gætu mögulega leynst í jörðu.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.

Reykjavík 5-664 Fossvogsblettur 54, skúr

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-664	Fossvogsblettur 54	Bílskúr, hesthús	Heimild	●1940	358462	405976			Ómetið	Já

Staðhættir: Tvö hús stóðu um 10-20 m suðaustan við íbúðarhúsið Hvassafell á Fossvogsbletti 54. Stóðu sunnan við Bústaðaveg 7, sjá mynd við skráningu 5-637. Eru greinileg á loftmynd frá 1954 en voru horfin þegar mynd var tekin 1975.¹⁶⁶ Ekki er vitað hvaða hlutverk húsin höfðu en þegar húseignir á erfðafestulandinu voru metnar 1969 voru þar bílskúr, jarðhús, hesthús og geymsluskúr auk íbúðarhússins. Þetta gætu hafa verið hesthús og bílskúr. Staðsetning og umfang húsanna á kortum er tekið eftir loftmynd 1954.¹⁶⁷ Húsin eru skráð undir eitt númer. Sjá mynd við skráningu 5-637.

Lýsing: Horfin. **Hættumat:** Engin hætta.

Reykjavík 5-665 Fossvogsblettur 54

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-665	Fossvogsblettur 54	Vegur	Heimild	●1936-1979	358462	406019	47	2,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Vegur frá gamla Bústaðaveginum í suður heim að húsunum á Fossvogsbletti 54, sjá mynd við skráningu nr. (5-637).

Lýsing: Horfinn. **Hættumat:** Engin hætta.

¹⁶⁴ Borgarskjalasafn. Skjöl borgarráðs um erfðafestulönd (E). Bréf til Ellerts Schram dagsett 18. mars 1967.

¹⁶⁵ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir: Reykjavík árið 1954 og 1965. Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 89.

¹⁶⁶ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir: Reykjavík árið 1954 og 1975.

¹⁶⁷ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd: Reykjavík árið 1954.

Reykjavík 5-733 Reykjaæð, hitaveitulögn

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-733	Reykjaæð	Hitaveitulögn	Heimild	●1939-1970	358131	406169			Ómetið	Já

Staðhættir: Reykjaæðin eða hitaveitustokkur liggur eftir endilöngu deiliskipulagssvæðinu, þessir hitaveitustokkar voru aðal samgöngustígar áður fyrr. Stokkurinn, sem er steinsteyptur, geymir aðalæð hitaveitunnar, Reykjaæð, sem var lögð á árunum 1939-1943 frá Reykjum í Mosfellssveit vestur í safngeymana á Öskjuhlíð.¹⁶⁸ Fyrsta Reykjaæðin, Reykjaæð I, var 350 mm sver stálleiðsla í steypum stokki, tvöföld, og aðalefnið til einangrunar var reiðingur, torf. Ný æð, Reykjaæð II, var lögð 1972 til 1973.¹⁶⁹ Steyptu lokin á stokknum á fyrstu æðinni voru bogalaga en urðu síðar flöt.

Lýsing: Horfinn. Ný lögn á sama stað.



Mynd 81. Stokkurinn/Reykjaæð (5-733), horft til suðausturs að Ofanleiti.

Reykjavík 5-738 Borhola

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-738		Borhola	Borhola	●1960	358437	406154	1	1	Gott	Nei

Staðhættir: Um 10 m austur af nýja mælisvæði Veðurstofunnar er borhola. Borholukassi og frárennisskurður.

Lýsing: Steinsteypur kassi með hringlaga járnplatta.



Mynd 82. Steyptur borholuplatti og afrennisskurður (5-738).

¹⁶⁸ Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*, bls. 30.

¹⁶⁹ Sveinn Þórðarson og Þorgils Jónasson: *Um hitaveitur á Íslandi*, bls. 19.

4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Minni-Öskjuhlíð var beitiland frá upphafi byggðar og elstu ummerki eftir fólk sem þar eru skráð eru fornar leiðir, en þær eru ekki innan deiliskipulagssvæðis Veðurstofuhæðar.

Á deiliskipulagssvæðinu eru skráðir 35 minjastaðir undir jörðina Reykjavík. Elst er skíðabrekka sem telst til fornleifa. Yngri minjar frá 1930 og síðar eru 26 talsins og varða samgöngur, erfðafestulönd, golfíþróttina, hitaveitu og einnig er skráð umhverfislistaverkið *Streymi tímans* (5-653) sem fólst í því að afhjúpa náttúruminjar. Skráðar minjar frá tímum hersetunnar eru átta.

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem áætlaður er út frá útliti og heimildum, sjá töflu 2.

Tafla 2. Aldursflokkun og fjöldi skráðra minja á skráningarsvæðinu.

Flokkur	Tegund minja	Litur flokks	Skráðar minjar
1	Fornleifar 100 ára og eldri	● Rauður	1
2	Minjar frá 1922-1930	● Gulur	0
3	Minjar frá 1930 og yngri	● Grænn	26
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	8

Fornleifar á skráningarsvæðinu

Einar fornleifar eru skráðar á deiliskipulagssvæðinu sem nú eru horfnar. Það er skíðabraut (5-215), sem Ungmennafélag Reykjavíkur og Ungmennafélagið Iðunn gerðu í byrjun 20. aldar í norðanverðri hlíðinni. Þetta var fyrsta skíðabrautin í Reykjavík en reyndist ekki vel.

Yngri minjar á skráningarsvæðinu

Minjar frá 1930 og yngri í grænum flokki eru 26 talsins og af þeim eru sjö sjáanlegar en nítján eru horfnar. Af þeim er gamli Bústaðavegurinn (5-630) elstur en hann var lagður um 1932 og tók við af elstu götunni sem lá töluvert sunnar. Greina má hluta af veginum fyrir austan Veðurstofuna en annað er horfið í gróður og undir yngri götu.

Átján minjar tengjast fjórum erfðafestubýlum, svokölluðum Fossvogsblettum, af 56 spildum sem lágu niður í Fossvogsdal á milli Reykjanesbrautar, Bústaðavegar og Réttarholtsvegar sem var úthlutað eftir að Reykjavíkurbær lét ræsa fram mýrarnar í Fossvogi árið 1935.¹⁷⁰ Af þeim eru fimm sjáanlegar, fjórar sem tilheyrðu Fossvogsbletti 51; grunnur (5-628) undan íbúðarhúsi, tvö garðlög (5-627 og 5-629) og undirstaða (5-640) fyrir flaggstöng og steipt horn (5-642) á lóðamörkum sem tilheyrði Fossvogsbletti 52, en þrettán eru skráðar eftir heimildum. Það eru erfðafestulöndin fjögur, blettur nr. 51 (5-639) og á honum skúrar (5-663) og vegur (5-641) sem lá yfir blettinn frá Bústaðavegi að Reykjanesbraut; blettur nr. 52 (5-643); blettur nr. 54 (5-637) og á honum íbúðarhúsið Hvassafell (5-638), hús (5-664) sem stóðu á blettinum og afleggjari (5-665); blettur nr. 55 (5-634) og á honum íbúðarhús (5-635), hús (5-636) og afleggjari (5-652); og lítil hús (5-633) norðan við Bústaðaveg sem talin eru hafa tilheyrt erfðafestubýlum.

Golfklúbbur Íslands fékk úthlutað nýju landi undir golfvöll í Mjóumýri syðst í Kringlumýri og var völlurinn vígður 1938 ásamt golfskála sem hafði verið byggður á Minni-Öskjuhlíð.¹⁷¹ Fjórar minjar tengjast golfíþróttinni, allar skráðar eftir heimildum, golfskálinn (5-624), afleggjari (5-631) að honum frá Bústaðavegi, Öskjuhlíðarvöllur (5-654) og vegur (5-632) sem lá frá skálanum að honum.

Á árunum 1939-1943 var lögð hitaveitulögn frá Elliðaáam að Öskjuhlíð og liggur stökkurinn eftir endilöngu svæðinu. Tvennar minjar eru skráðar á deiliskipulagssvæðinu; Reykjaæðin (5-733), skráð

¹⁷⁰ Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*, bls. 23.

¹⁷¹ *Skjalaver Reykjavíkurborgar*. Aðaluppdrættir: Leitarorð: Golfskáli. Teikning: *Golfskáli Golfklúbbs Íslands*. 1937-03-11. Bústaðavegur 7, 33/37. Hönnuður: Sigmundur Halldórsson, 6. mars 1937. Teikning var samþykkt á fundi byggingarnefnd 11. mars 1937.

eftir heimildum og borhola (5-738). Fyrsta Reykjaæðin var 350 mm sver stálleiðsla í steiptum stokki og tvöföld og aðalefnið til einangrunar var torf. Lögnin var endurnýjuð 1972 til 1973.

Herminjar á skráningarsvæðinu

Herinn hafði töluverð umsvif á Minni-Öskjuhlíð á tímum hersetunnar, rétt eins og á Öskjuhlíð. Átta herminjar eru skráðar á deiliskipulagssvæðinu, sjö eru sjáanlegar og einar horfnar. Á hernámsárunum voru reist tvö herskálaverfi þar sem nú eru mislæg gatnamót Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar. Annað þeirra, *Bytown Camp* (5-386), norðan við gamla Bústaðavegin, varð síðar Bústaðakampur og er hluti þess innan svæðisins en hitt var sunnan við veginn, *Bunker Hill Camp* (5-387) og er utan svæðis.¹⁷² Mannvirki sem tilheyrðu kampinum eru horfin en ummerki gætu komið í ljós við jarðrask. Sjáanlegar herminjar á svæðinu eru tvö steinsteipt skotbyrgi (5-216 og 5-217) sem nú er lagt til að verði hverfisverndaðar. Auk þess eru fjórar skotgrafir (5-621, 5-622, 5-623, 5-624) og byssustæði (5-620) vestast á svæðinu.

Niðurstöður/Samantekt

Mikilvægt er að má ekki út alla söguna á svæðinu með nýju skipulagi, heldur tengja það nýja við það sem fyrir er. Hér eru dregnir fram þættir sem skipta máli í því samhengi og gerðar tillögur að hverfisvernd og nýtingu minja á svæðinu. Af 35 minjum sem eru skráðar á deiliskipulagssvæðinu eru fimmtán sjáanlegar, yngri minjar og herminjar. Yngri minjar falla utan við aldursfriðun, njóta ekki verndar samkvæmt lögum en geta notið verndar af menningarsögulegum ástæðum. Því er mikilvægt að skrá þessar minjar eins og herminjar.


Elstur er gamli Bústaðavegurinn sem lá eftir svæðinu en hluti hans er greinilegur fyrir austan Veðurstofuna. Ef hægt er, væri gaman ef það yrði ný gata í nýju hverfi nefnd Gamli Bústaðavegur.

Yngri minjar tengjast flestar erfðafestublettum sem var úthlutað á svæðinu 1936, eða tuttugu og tvær talsins. Fimm eru sjáanlegar en sautján eru horfnar, skráðar eftir heimildum. Heildstæðustu minjarnar eru þar sem áður var Fossvogsblettur 51, en þar er að finna garðlög, húsgrunn og undirstöðu fyrir flaggstöng, merkar minjar um vöxt og þróun borgarinnar. *Þar mætti setja upp menningarmerkingar og áningastað.*

Fjórar minjar tengjast golfþróttinni eða sögu golfs á Íslandi. Ummerki eftir golfskála Golfklúbbs Íslands voru sjáanleg til skamms tíma þar til nýr mælireitur Veðurstofunnar var gerður 2020, en tveir vegir honum tengdir og Öskjuhlíðarvöllur eru skráðir eftir heimildum. *Þar mætti setja upp menningarmerkingar og áningastað um Golfskálann og golfvöllinn.*

Minjar frá hernámsárunum eru átta talsins á svæðinu. Herskálaverfið „Bytown Camp“, sem síðar varð Bústaðakampur, er skráð eftir heimildum en þar eru mögulega leifar eftir húsin undir sverði. Fjórar skotgrafir eru á svæðinu, flestar niðurgroftur undir klöppum með uppmokstri fyrir framan og eitt byssustæði. Tvö steinsteipt og hlaðin skotbyrgi eru á vestanverðu svæðinu, í góðu ásigkomulagi. Um einstök byrgi er að ræða og er aðgengi að þeim gott. *Lagt er til að þau verði hverfisvernduð, (5-216 og 5-217) þar sem þau eru einungis um 80 ára og teljast því ekki til fornleifa en eru samt sem áður mikilvægar minjar í menningar- og sögulegu samhengi og verðskulda því sérstakan sess í sögu þessa svæðis. Í nágrenni við þau væri hægt að koma fyrir upplýsingum um sögu hersins á svæðinu.*

¹⁷² Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25.



Mynd 83. Herminjar vestast á skipulagssvæðinu, rauðir hringir afmarka 15 m hverfisvernd um tvö steipt skotbyrgi 5-216 og 5-217.

Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram er það engin trygging fyrir því að ekki séu áður óþekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.

Menningarmerkingar, tillögur

Á svæðinu eru nokkrir staðir sem eru tilvaldir fyrir menningarmerkingar, þar sem rekja má þróunarsögu svæðisins, sögu Reykjavíkur.

- Segja sögu erfðafestubýlanna, sem eru hluti af byggðaþróun í Reykjavík. Merkar minjar um vöxt og þróun borgarinnar.
- Við stokkinn. Rekja sögu Reykjaæðarinnar og nýtingu stokksins sem gönguleiðar sem hefur haft áhrif á ferðir og útivist fólks.
- Við nýja mælireit Veðurstofunnar þar sem golfskálinn var. Kort sem sýnir staðsetningu golfvallarins og segir sögu hans.
- Við steiptu skotbyrgin. Upplýsingar um sögu hersins á svæðinu.
- Þar sem Bústaðakampur var. Segja frá því hvernig herskálaverfi nýttust í húsnaðisskorti og voru áfram notuð af Íslendingum.

5. Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir / Skjöl

Borgarskjalasafn Reykjavíkur:

Brunabótavirðingar 1937-1942 (aðfang 747)

Brunabótavirðingar 1943-1945 (aðfang 749)

Brunabótavirðingar 1947-1950 (aðfang 4340)

Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd:

Fossvogsblettir 51 (E/519), 52 (E/520), 54 (E/522) og 55 (E/523).

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsóknna (Árbæjarsafni).

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Kortasafn.

Ýmis kort og uppdættir.

Rafræn gögn.

Ljósmyndir teknar við vettvangskönnun.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósmyndir úr safneign.

Prentaðar / Útgefnar heimildir

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Sjómannaskólareitur (þ32), Veðurstofuhæð (þ35). Breytt landnotkun. Fjölgun íbúða. Verklýsing vegna breytinga á aðalskipulagi.

Alþýðublaðið, 29. júlí 1938.

Björn Gunnlaugsson: Kort af Reykjavík 1850. Hér tekið eftir dagatali útgefnu af Árbæjarsafni 1986.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lía Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir. (2014). *Byggðakönnun: Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Skýrsla nr. 164. Reykjavík. Minjasafn Reykjavíkur.

Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. Reykjavík. 2002.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók). Reykjavík 1989.

Fálkinn, 1. október 1938.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti. Reykjavík 1992.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar 1870-1940*. Síðari hluti. Reykjavík 1994.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: Erlend nöfn á Innnesjum. Arfur seinni heimstyrjaldar í örnefnum á höfuðborgarsvæðinu.

Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*. Reykjavík 1993.

Ísafold, 15. janúar 1910.

Íþróttablaðið, 8. árg. 1944, 1-2. tbl.

Kylfingur, 4. árg. 1938, 1. tbl.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lía Guðmundsdóttir: *Greinargerð um fornleifar á nýjum mælireit Veðurstofu Íslands og aðkomuvegi í Minni-Öskjuhlíð*. Dagsett 18. febrúar 2019.

Morgunblaðið, 16. maí 1914; 15. janúar 1915; 13. janúar 1916; 16. maí 1964; 14. janúar 2016.

Minjastofnun Íslands: *Skráningarstaðlar fornleifa*. Reykjavík 2013.

Tíminn, 16. júlí 1963.

Unga Ísland. 4. árg. 1908, 6. tbl.

Víkverji, 1. ágúst 1874.

Páll Línal: *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P). Reykjavík 1987.

Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö). Reykjavík 1991.

Þjóðviljinn, 8. apríl 1948, 23. júlí 1969.

Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*. Reykjavík 2002.

Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Borgarvefsjá. <https://reykjavik.is/thjonusta/borgarvefsja>

Golfklúbbur Reykjavíkur. Ljósmyndavefur GR: <https://www.golfmyndir.is/>

Golfklúbbur Reykjavíkur: <https://www.grgolf.is/um-gr>

Guðjón Friðriksson: *Alfræði Reykjavíkur*. Vefsíða. <https://archive.ph/Xzmet>

Listasafn Reykjavíkur: Ásmundur Sveinsson: *Vatnsberinn*, 1937.

<https://safneign.listasafnreykjavikur.is/is/verk/H-033>

Listasafn Reykjavíkur: Hafsteinn Austmann: *Spenna*, 1989.

<https://safneign.listasafnreykjavikur.is/is/verk/H-080>

Listasafn Reykjavíkur: Sólveig Aðalsteinsdóttir: *Streymi tímans*, 2012.

<https://safneign.listasafnreykjavikur.is/is/verk/H-135>

Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Íslandskort: Dönsku Herföngingjaráðskortin: 27 NA. *Reykjavík*.

<https://islandskort.is/is/map/show/666>

Landmælingar Íslands. Loftmyndasafn: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasofn>

[loftmyndasofn](https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasofn)

Landmælingar Íslands. Kortasafn: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/kortasafn>

Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>


Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn: <https://sarpur.is/>

Skjalaver Reykjavíkurborgar: <https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/>

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn Árnastofnunar. Örnefnalýsingar.

Sveinn Þórðarson og Þorgils Jónasson: Um hitaveitur á Íslandi. <https://samorka.is/wp-content/uploads/2016/06/Um-hitaveitur-%C3%A1-%C3%8Dslandi-1.pdf>

Viðauki 1, Minjakort



Viðauki 2, Minjatafla fyrir skráningarsvæðið

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-215		Skíðasvæði	Heimild	●1910	358342	406171	110	12	Ómetið	Já
5-216		Skotbyrgi	Steypa	●1940	358337	406105	2,8	2,4	Gott	Nei
5-217		Skotbyrgi	Steypa	●1940	358385	406089	2,8	2,6	Gott	Nei
5-386	Bytown Camp, Bústaðakampur	Herbækistöð	Heimild	●1940	358511	406016			Ómetið	Já
5-507	Golfskáli Golfklúbbs Íslands	Félagsheimili	Steypa	●1937-1976	358400	406148	17,4	17	Ómetið	Já
5-620		Byssustæði	Rutt svæði	●1940	358365	406090	23	23	Gott	Nei
5-621		Skotgröf	Skotgröf	●1940	358321	406108	8,6	7	Gott	Nei
5-622		Skotgröf	Skotgröf	●1940	358280	406197	16,5	6	Gott	Nei
5-623		Skotgröf	Skotgröf	●1940	358356	406203	10	7	Sæmilegt	Nei
5-624		Skotgröf	Skotgröf	●1940	358427	406164	19	6	Sæmilegt	Nei
5-627		Girðing	Garðlag	●1936	358712	405912	74	4	Gott	Nei
5-628	Fossvogsblettur 51.	Íbúðarhúss	Húsgrunnur	●1939-1968	358731	405893	10	5,7	Gott	Nei
5-629		Girðing	Garðlag	●1936	358647	405940	86	2,7	Gott	Nei
5-630	Gamli Bústaðavegurinn	Vegur	Heimild, vegur	●1932-1970	358621	405957	140	7,2	Slæmt	Að hluta
5-631		Vegur	Heimild	●1937	358398	406091	70	5	Ómetið	Já
5-632		Vegur	Heimild	●1938	358469	406108	297	3	Ómetið	Já
5-633		Hús	Heimild	●1954	358414	406070			Ómetið	Já
5-634	Fossvogsblettur 55	Erfðafestuland	Heimild	●1936-1964	358319	406068			Ómetið	Já
5-635	Fossvogsblettur 55	Íbúðarhús	Heimild	●1936	358363	406052	10,7	8,1	Ómetið	Já
5-636	Fossvogsblettur 55	Hús	Heimild	●1936	358395	406030	17,7	5,5	Ómetið	Já
5-637	Fossvogsblettur 54	Erfðafestuland	Heimild	●1936-1964	358414	406007			Ómetið	Já
5-638	Hvassafell	Íbúðarhús	Heimild	●1938-1976	358446	405996	11	8	Ómetið	Já
5-639	Fossvogsblettur 51	Erfðafestuland	Heimild	●1935-1964	358676	405857	156	154	Ómetið	Já
5-640		Undirstaða	Þúst	●1936	358714	405881	4,4	3,2	Gott	Nei
5-641		Vegur	Heimild	●1938-1984	358733	405836	388	2,5	Ómetið	Já
5-642		Hornstólpi	Steinsteypa	●1936	358646	405942	2,3	0,4	Gott	Nei
5-643	Fossvogsblettur 52	Erfðafestuland	Heimild	●1936-1964	358561	405924			Ómetið	
5-652	Fossvogsblettur 55	Vegur	Heimild	●1936-1964	358339	406071	33	3	Ómetið	Já
5-653	Streymi tímans	Listaverk	Náttúruminjar	●2012	358359	406152	22	11	Gott	Nei
5-654	Öskjuhlíðarvöllur	Golfvöllur	Heimild	●1937-1970	358648	405993	770	480	Ómetið	Já
5-663	Fossvogsblettur 51	Geymsla, skúr, bílskúr	Heimild	●1936	358738	405877	16	4,2	Ómetið	Já
5-664		Hesthús, bílskúr	Heimild	●1940	358462	405976			Ómetið	Já
5-665	Fossvogsblettur 54	Vegur	Heimild	●1936-1979	358462	406019	47	2,5	Ómetið	Já
5-733	Reykjaæð	Hitaveitulögn	Heimild	●1939-1970	358131	406169			Ómetið	Að mestu
5-738		Borhola	Steypa	●1960	358437	406154	1	1	Gott	Nei

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 160 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmyri, Seljamýri, Óskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Ámenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.
- 169 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
- 170 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.
- 173 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.
- 174 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.
- 175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð*. Rvk. 2016.
- 176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi*. Rvk. 2016.
- 177 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitir*. Rvk. 2016.
- 178 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*. Rvk. 2017.
- 180 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 181 María Gísladóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Ellidaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.
- 184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitir. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.
- 185 Anna María Bogadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 186 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.
- 187 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*. Rvk. 2017.
- 188 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Rvk. 2018.
- 189 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegjar frá Leirvogsa að Hvalfirði*. Rvk. 2018.
- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfssdóttir, Björn Ari Órvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Amundadóttir, Snædis Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellidaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 205 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Óskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 206 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 207 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegjar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2022.
- 210 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi*. Fornleifaskrá. Rvk. 2021.
- 211 Alma Sigurðardóttir og Drífa K. Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

Reykjavíkurborg
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2023
UST202303-318/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Veðurstofureitur – Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Veðurstofureit í Reykjavík.

Í erindinu kemur fram tillagan gengur út á að koma fyrir nýrri íbúabyggð ásamt þjónustu á Veðurstofuhæð. Auk þess segir að markmið með verkefninu sé að skilgreina heildstætt nýtt íbúðahverfi á miðsvæði ásamt þjónustu með sterkum vistvænum áherslum í sátt við núverandi umhverfi og að koma fyrir nýrri tengingu sem þjónar öllum virkum ferðamátum undir Bústaðaveg. Auk þess er hugmyndin að staðsetja sambýli fyrir fatlaða, bílastæði og að skilgreina útivistarsvæði fyrir íbúa reitsins og núverandi nágranna. Gert er ráð fyrir að byggingarmagn á reitnum skiptist á milli Græns húsnæðis framtíðarinnar á veðurhæðinni, Variat - hagkvæms húsnæðis og Bjargs íbúðafélags og gert er ráð fyrir að starfsemi þjónustustofnunar á Veðurstofureit (Veðurstofa Íslands) muni alfarið færast yfir á lóð nr. 7 við Bústaðaveg með nýbyggingarreit vestan við núverandi byggingu. Einnig verður byggingarreitur Veitna ohf. undir framtíðarstækkun kaldavatnsgeymis staðsettur sunnan við hlið núverandi geymis.

Náttúra og útivist

Í greinargerð segir að markmið verkefnisins sé að skilgreina útivistarsvæði fyrir íbúa reitsins og núverandi nágranna, en það kemur fram að óspjallaður birki- og holtagróður er að hluta á suðaustanverðri lóð sem er vinsælt meðal starfsfólks Veðurstofunnar í kaffihléum og meðal núverandi íbúa.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að á Veðurstofureitunum eru jökulsorfnar klappir. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að skoðað sé hvort að klappir sé að finna á skipulagssvæðinu sem hér er til umfjöllunar og svæðið hannað með þeim hætti að tekið sé tillit til náttúruminja og útivistarsvæðisins eins og kostur er.

Umhverfisstofnun vill benda á í þessu samhengi að Laugarás var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1982. Á svæðinu eru jarðminjar í formi jökulsrispaðs bergs og einnig má sjá ummerki um sjávarstöðu við lok Ísaldar. Náttúruvætti eru náttúrumyndanir sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Markmiðið með friðlýsingu Laugaráss er verndun fágætra jarðminja svæðisins og vilji

til að halda opnu svæði þar sem unnt væri að skoða þær merku jarðminjar sem eru á svæðinu.¹

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

¹ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/laugaras-reykjavik/>

Reykjavík, 1. maí 2023.

Ég, Bjarni V. Guðmundsson, mótmæli harðlega skipulagsstefnu borgarinnar sem hefur verið við lýði undanfarin ár. Engin græn svæði fá að vera í friði lengur, t.d. þarna á Veðurstofuhæð. Fyrir nokkrum árum stóð til hjá Reykjavíkurborg að byggja frekar þar sem ljót bílastæði væru og setja þá bílastæðin í bílageymslu. Væri t.d. ekki tilvalið að reisa byggð öðrum megin við verslunarmiðstöðina í Mjódd og setja upp bílastæðageymslu hinum megin? Stefna borgarinnar er að eyða ekki eingöngu grænum svæðum, heldur ósnortnum líka, t.d. við Fellin þar sem reisa á byggð ofan í Elliðaárdal (til móts við Möðrufell) og á hluta þessa svæðis á Veðurstofuhæð. Fleiri svæði eiga að fara undir malbik og steinsteypu, t.d. ósnortna svæðið þar sem lögreglan á m.a. að vera til húsa við Klepp. Afgangurinn fer svo undir forljóta hjólreiðastíga sem eru við það að fara að eyðileggja Elliðaárdal. Stígar eru vissulega mannvirki og ekki er fólk að fara í Elliðaárdal til að sjá malbik. Einu sinni sagði Samfylkingarmaður, Dofri að nafni, að eini raunverulegi umhverfisverndarflokkurinn væri Samfylkingin. Þetta hlýtur að hafa verið kaldhæðni því ef eitthvað er hefur Sjálfstæðisflokkurinn gert meira fyrir umhverfið en Samfylkingin. Er þetta stór orð hjá mér og má þar nefna í þessu sambandi t.d. stofnun Sorpu árið 1991 sem flokkurinn kom myndarlega að og er eitt stærsta skref sem stigið hefur verið í umhverfismálum á Íslandi, og mjög metnaðarfull markmið Sjálfstæðismanna í Hafnarfirði sem ætlunin er að fylgja á næstunni til að vernda náttúru og menningarminjar. Sjá umhverfis- og auðlindastefnu bæjarins hér:

[Umhverfis-og-audlindastefna-Hafnarfjardar.pdf \(hafnarfjordur.is\)](https://hafnarfjordur.is/Umhverfis-og-audlindastefna-Hafnarfjardar.pdf)

Svo ekki sé nú minnst á allt það sem Vinstri græn hafa gert á fyrri árum. Þegar ég kom til Akureyrar árið 2002 þá var allt rusl flokkað, t.d. gler og lífrænt hráefni. Nú fyrst á að gera þetta í Reykjavík 21 ári of seint.

Samfylkingin er öll í rusli en lítið sem ekkert er flokkað í rekstri borgarinnar og 70% fer í urðun. Sjá frétt á Mbl.is frá 18. apríl 2023 um það hér:

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/04/18/borgin_vill_retta_ur_rus_lrekstri/

Ég þurfti að berjast árum saman fyrir því að fá fyrsta glergáminn á grenndarstöð í Seljahverfi. Ég hef einnig barist fyrir gámum fyrir málma á grenndarstöðvum, sem nú eru aðeins í Árbæjarhverfi, og mér var tjáð að þeir kæmu ekki fyrr en árið 2024. Eftir hverju er verið að bíða?

Mér finnst að Reykjavíkurborg eigi að taka alvarlega náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs sem borgin fékk árið 2014, nánar tiltekið 29. okt. árið 2014. Sjá frétt um það hér:

<http://reykjavik.is/frettir/natturu-og-umhverfisverdlaun-mikill-heidur-fyrir-borgina>

Náttúrvernd hjá borginni er meira í orði en á borði.

Ég tel að borgin eigi að stuðla að náttúruvernd í Reykjavík, þar sem líðan fólks er mjög slæm hérlendis, ekki síst í borgarumhverfi. Rúm 60 þúsund Íslendingar eru á þunglyndislyfjum og nýjar byggingar eru nú yfirleitt drullubrúnar, ryðgaðar eða gráar og grámyglulegar. Frakkar eru góðir smekkmenn en franskur tískurisi sagði í minni bernsku að hann hataði gráan og brúnan lit og sagði að fólk ætti aldrei að klæðast þeim litum. Auk þunglyndis hér á Íslandi er lífsgæðakapphlaup, kaupfíkn og peningafíkn mikið vandamál. Belfast-búi sagði einu sinni við mig að Íslendingar og Þjóðverjar hefðu það sameiginlegt að þeir væru alltaf að spá í fermetrum. Mér finnst að Íslendingar ættu ekki endilega að hafa áhyggjur af loftmengun frá flugvélum þegar þeir ferðast, og vera með flugskömm, heldur ættu þeir frekar að skammast sín yfir að búa í allt of stóru húsnæði. Mikil mengun er af völdum byggingariðnaðar t.d. vegna

steypunotkunar og steypustyrktarjárns í veggjum, sem er nú meira af í stórum íbúðum og rað- og einbýlishúsum. Legg ég því til að þessar íbúðir sem nú á að byggja séu ekki of stórar og jafnframt fyrir efnaminni einstaklinga.

Borgin er hörmulega skipulögð og hef ég ferðast nokkuð til útlanda og finnst mér Reykjavík ein ljótasta höfuðborg heims sem ég hef séð hingað til, ekki vegna þess að hér séu götur og bílar eins og annars staðar heldur vegna þess að það vantar græn svæði og ef þau eru til staðar þá er byggt á þeim.

Ekki er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 að taka græn svæði undir byggð en þar stendur á bls. 130 í kaflanum *Níu málaflokkar umhverfis- og auðlindastefnunnar: Náttúruvernd og útivist* að markmið hennar sé að: „[I]ffræðilegur fjölbreytileiki verði leiðarljós við hönnun og viðhald grænna svæða“.

Ein af grundvallarreglum skipulags er að skipuleggja byggð og umhverfi mannsins þannig að það létti af honum streitu, sem hann verður fyrir, annars staðar. Það skiptir því miklu máli, að mannum líði vel, að hann hafi græn svæði í kringum sig og njóti sólar.

Rannsókn Gunnþóru Ólafsdóttur mannvistarlandfræðings og þrettán innlendra og erlendra vísindamanna frá árinu 2017 sýnir að hreyfing úti í borgarnáttúrunni er betri fyrir líkama og sál en hreyfing í líkamsræktarstöð. Sjá frétt hér á RÚV frá 4. janúar 2017:

<http://www.ruv.is/frett/betra-fyrir-heilsuna-ad-aefa-uti-en-innandyra>

En til þess þarf auðvitað að vera borgarnáttúra. Hún á hins vegar mjög undir högg að sækja og heilsa mín og þín í leiðinni.

Með virðingu,

Bjarni V.

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2023
Tilvísun: 202303119 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir gerð deiliskipulags Veðurstofureits, Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 28. mars 2023, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í umhverfis og skipulagsráði 22. mars 2023 og varðar tillögu að deiliskipulagi Veðurstofureits.

Lýsingin er dagsett 7. mars 2023 og fylgja henni eftirfarandi gögn: Fornleifaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur (skýrsla 209) frá 2022 og Húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur frá 2021.

Samkvæmt lýsingunni er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag sem felur m.a. í sér blandaða íbúðarbyggð með vistvænum áherslum á reitnum/lóðinni, sem m.a. felur í sér námsmannaíbúðir, sambýli og íbúðir á almennum markaði. Einnig er gert ráð fyrir útvistarsvæði, nýrri byggingu við Bústaðaveg 7 sem og byggingareit fyrir kaldvatnsgeymi auk tengingu fyrir virka ferðamáta sem tengir svæðið við nærliggjandi hverfi.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar.


Sigríður Björk Jónsdóttir





Garðabær, 27. 4. 2023
Tilvísun: [2020010033](#) /KaH

Puríður Guðmundsdóttir
Skrifstofufulltrúi
thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Efni: Veðurstofureitur, auglýsing

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Til umsagnar er tillaga að nýju deiliskipulagi Veðurstofureits. Veðurstofureitur er norðan við Bústaðaveg sem er í veghaldi Vegagerðarinnar. Svæðið er tengt með ljósastýrðum gatnamótum inn á Bústaðaveg. Fyrirhuguð byggð er vel tengd stofnstígakerfi höfuðborgarsvæðisins en stofnstígakerfið liggur norðan við Bústaðaveg, á milli Bústaðavegar og fyrirhugaðrar íbúðabyggðar. Vestan Kringlumýrarbrautar eru einnig stofnstígar. Þrátt fyrir að fyrirhuguð íbúðabyggð sé vel tengd stofnstígakerfi höfuðborgarsvæðisins þá mun uppbyggingin hafa staðbundin áhrif á umferð Bústaðavegar. Vegagerðin leggur til að lagt verði mat á hvaða áhrif íbúðabyggðin hefur á umferðarmagn Bústaðavegar. Vegagerðin leggur sérstaka áherslu á að metið verður hvort að núverandi gatnamót við tengingu hverfisins anni aukinni umferð. Vegagerðin vekur athygli á að gatnamótin er eina leiðin fyrir ökutæki að aka út úr hverfinu við Suðurhlíðar og allri þjónustu sem er t.d. við Öskjuhlíð og Fossvogskirkjugarð. Huga þarf vel að samspili umferðar sem kemur frá Suðurhlíðum við þá umferð sem að nýja hverfið skapar og mun nýta sömu gatnamót.

Virðingarfyllst,

Katrín Halldórsdóttir,
verkfræðingur á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. maí 2023
Tilvísun: 2023050045

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um skipulagslýsingu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi Veðurstofureits

Vísað er til tölvubréfs skrifstofu skipulagsfulltrúa dags. 28. mars 2023 þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi Veðurstofureits. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir gögn málsins og gerir eftirfarandi umsögn.

HER gerir athugasemdir við að loftgæði eru ekki ávörpuð í skipulagslýsingunni og telur að bæta þurfi slíkri umfjöllun inn í skipulagslýsingu. Tvær umferðarþungar götur, Bústaðarvegur og Kringlumýrarbraut, liggja að skipulagssvæðinu og fram kemur að hávaðamengun frá þeim götum verði áskorun sem bregðast þarf við með mótvægisáðgerðum. Einnig er mikilvægt að hafa áhrif loftmengunar að leiðarljósi þegar byggð á reitnum er skipulögð, sérstaklega er varðar nálægð húsa við götur og sérstaklega ef gert er ráð fyrir starfsemi fyrir viðkvæma hópa s.s. sambýli fyrir fatlaða og leikskóla. Eins þarf að horfa til mótvægisáðgerða til að draga úr áhrifum loftmengunar eins og unnt er.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12 - 1
105 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2023

Efni: Umsögn Veitna vegna skipulagslýsingar fyrir Veðurstofuhæð

Veitur hafa kynnt sér skipulagslýsingu vegna deiliskipulagsvinnu fyrir Veðurstofuhæð. Eitt helsta markmiðið við gerð skipulagsins á Veðurstofuhæð er að byggja undir heildstætt nýtt íbúðahverfi á miðsvæði ásamt þjónustu með sterkum vistvænum áherslum í sátt við núverandi umhverfi.

Vatnsgeymir kaldavatns sem þjónar stórum hluta höfuðborgarsvæðisins er staðsettur innan skipulagssvæðisins. Í lýsingunni er gert ráð fyrir að byggingarreitur undir framtíðarstækkun kaldavatnsgeymis verður staðsettur sunnan við hlið núverandi geymis.

Veitur hafa kynnt sér lýsinguna og vilja koma eftirfarandi á framfæri:

Hitaveita og vatnsveitan:

- Stórar flutningslagnir hitaveitu (600-700mm) liggja utan lóðar, norðan megin. Takmarka þarf jarðrask kringum lagnirnar.
- Á svæðinu liggja mikilvægar vatnsveitulagnir sem taka þarf sérstakt tillit til við frekari skipulagsvinnu. Takmarka þarf eins og kostur er allt jarðrask í nálægð við lagnirnar.
- Heppilegast væri ef núverandi vatnsveitulagnir kæmu ekki til með að lenda innan nýrra lóða á svæðinu.
- Vatnsveitulögn (350mm) og dreifilögn hitaveitu (125mm) sem liggja frá vatnstanki að Beykihlíð eru að hluta til í nálægð við fyrirhugað bílastæðahús. Heppilegast væri að tryggja fullnægjandi fjarlægð milli lagnar og bílastæðahúss þannig að lögnin lendi ekki í uppnámi.

Fráveita:

- Mikilvægt er að samstarfi við skipulagshönnuði sé strax á upphafsstigum skipulagsgerðar varðandi fráveitumál. Það er ekki augljóst við fyrstu skoðun hvernig þau mál verða útfærð fyrir skipulagssvæðið. Mögulega þarf að þvera umferðargötur til að koma lagnatengingum að lóðinni. Möguleikar/tækifæri fráveitu felast m.a. í því hvernig skipulagið verður útfært gagnvart hæðarsetningu lóðar og bygginga. Tryggja þarf sjálfrennsli. Mikilvægt er að skoða þetta í upphafi því skipulagið hefur mikil áhrif á þennan þátt. Einnig þarf að skoða vel meðhöndlun ofanvatns og rennislísiðir.

**Rafveita:**

- Mikilvægt er að staðsetning dreifistöðva verði unnin í góðu samstarfi.

Við skipulagningu nýrra svæða þarf að gæta þess að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi og að veitufyrirtæki komi að gerð skipulagsins framarlega í skipulagsferlinu. Við vinnslu deiliskipulags er mikilvægt að huga að lagnaleiðum veitulagna, þeim lögnum sem fyrir eru, aðgengi að lagnakerfinu eftir uppbyggingu auk lóða fyrir mannvirki sem tilheyra veitunum.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi þess að deiliskipulagið verði unnið í góðu samráði á öllum stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst,
f.h Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
b.t. skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

sent með tölvupósti á skipulag@reykjavik.is

Reykjavík, 4. maí 2023.

Efni: Athugasemdir við skipulagslýsingu v. Veðurstofureits

Til MAGNA Lögmannna hafa leitað eigendur fasteigna að Stigahlíð 87, 89, 91, 93, 95 og 97 og falið undirrituðum lögmanni að gæta hagsmuna sinna vegna auglýstrar skipulagslýsingar v. Veðurstofureits.

Á vormánuðum 2022 kom undirritaður á framfæri hugmyndum íbúa í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu á reitnum til skipulagsfulltrúa. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni skipulagsfulltrúa hefur þessum hugmyndum og sjónarmiðum íbúa verið komið á framfæri til teyma sem eru að vinna í hugmyndum fyrir skipulagsfulltrúa á útfærslu íbúðarbyggðarinnar og voru jafnframt kynntar fyrir kjörnum fulltrúum í skipulags- og samgönguráði.

Umbjóðendur mínir eru ánægðir með það samráð sem hefur verið haft við þá í aðdraganda skipulagslýsingarinnar og gera sér grein fyrir að ekki er búið að taka endanlegar ákvarðanir um hvernig uppbyggingu verður hagað innan reitsins. Jafnframt að þeim muni gefast kostur á að koma á framfæri frekari athugasemdum eftir því sem skipulagsvinnunni vindur áfram. Á þessu stigi málsins þykir umbjóðendum mínum þó rétt að áréttta og gera nánar grein fyrir þeirra hugmyndum varðandi uppbyggingu á reitnum.

I. Athugasemdir

a. Hagsmunir umbjóðenda minna

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 1. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er eitt af markmiðum laganna að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður af leidarljósi. Í þessu og öðrum ákvæðum skipulagslaga felst meðal annars að taka ber sanngjarnt tillit til hagsmuna borgarana við meðferð og samþykkt skipulagsáætlana.

Svo sem fyrr segir er ekki búið að taka endanlegar ákvarðanir um hvar fyrirhuguð íbúðarbyggð verður staðsett innan reitsins. Á fyrri stigum hafa á hinn bóginn verið uppi hugmyndir um að staðsetja hluta fyrirhugaðrar byggðar upp við göngu- og hjólastíg sem skilur Veðurstofureitinn frá íbúðarbyggðinni í Stigahlíð. Verði ákveðið að beina uppbyggingunni inn á þetta svæði er ljóst að hún mun hafa í för með sér stórfellda röskun á hagsmunum umbjóðenda minna.

MAGNA

Í framangreindu samhengi skiptir máli að einungis nokkrir metrar eru á milli hugsanlegs uppbyggingarsvæðis og fasteigna umbjóðenda minna eða rúmlega 20 metrar í tilviki Stigahlíðar 89 og 91 (sem liggja næst stígnum). Þá er gífurlegur landhalli á svæðinu þannig að fasteignirnar í Stigahlíðinni liggja mun lægra samanborið við hugsanlegt uppbyggingarsvæði. Ekki er hægt að draga úr áhrifum þessa landhalla þar sem landið í námunda við stíginn er staðsett á klöpp.

Í ljósi landhallans og nálægðar hugsanlegs uppbyggingarsvæðisins er ljóst að bygging 2-5 hæða fjölbýlishúsa í námunda við stíginn myndi hafa í för með sér stórfelld grenndaráhrif gagnvart umbjóðenda mínum. Þar á meðal er fyrir séð að nýjar fasteignir í námunda við göngustíginn myndu varpa miklum skugga á fyrirbyggjandi hús.

Löngu er viðurkennt að fullnægjandi birtuskilyrði innan fasteigna eru hluti af lífsgæðum íbúa. Fyrir séð grenndaráhrif af uppbyggingu í námunda við stíginn myndu þannig ekki aðeins hafa í för með sér skerðingu á verðmæti fasteigna umbjóðenda minna heldur einnig skerðingu á lífsgæðum þeirra. Verði ákveðið að byggja í námunda við göngustíginn, sem umbjóðendur mínir binda eindregið vonir við að verði ekki, er lögð áhersla á að skipulagsyfirvöld framkvæmi fullnægjandi rannsóknir á þessum grenndaráhrifum, þá sérstaklega hvernig skuggavarp mun verða á mismunandi tímum innan sólahringsins og yfir alla mánuði ársins.

b. Aðrar lausnir

Á fyrri stigum hafa umbjóðendur mínir bent á lausnir sem geta verið til þess fallnar að lágmarka framangreind áhrif án þess að stefna markmiðum skipulagsins í hættu. Ein af þessum lausnum er staðsetning græns svæðis innan reitsins. Samkvæmt upprunalegum hugmyndum var ráðgert að hafa grænt svæði alveg upp við Bústaðarveginn, sbr. „Grænt svæði. Náttúrulegur gróðurreit“ á skýringarmynd sem fylgdi með netkönnun á kynningarvef HverfisSKIPulags.

Fyrirhuguð uppbygging mun óhjákvæmilega leiða til þess að stór hluti þeirra svæða sem íbúar hverfisins nýta til leiks og útivistar munu hverfa. Er því mikilvægt fyrir umbjóðendur mína sem og aðra íbúa á svæðinu að skipulagsyfirvöld leiti leiða til þess að viðhalda og/eða skapa önnur græn svæði innan reitsins sem geta nýst bæði eldri og nýrri byggð og búið til tengingu á milli hverfanna.

Þrátt fyrir að umbjóðendur mínir hafi skilning á því að viðhalda þeim náttúrulegum gróðurreitum sem fyrirfinnast innan borgarinnar er vandséð að grænt svæði í jaðri byggðarinnar muni nýtast báðum hverfum eða skapa tengingu milli þeirra. Raunar telja umbjóðendur mínir ólíklegt að íbúar núverandi og fyrirhugaðrar byggðar muni sækja í þetta svæði til útivistar eða leiks enda er gróðurreiturinn staðsettur alveg upp við þunga umferðargötu með tilheyrandi hávaða og mengun. Þá þyrftu íbúar núverandi byggðar að þræða sig í gegnum fyrirhugaða byggð til að sækja svæðið. Í dag og allt frá því að fyrstu húsin voru reist, er áætlaður byggingareitur við göngustíg nýttur til útivistar af hálfu íbúa hverfisins.

MAGNA

Að mati umbjóðenda minna eru fyrir hendi ýmsir möguleikar varðandi önnur græn svæði innan reitsins. Hægt væri að beina uppbyggingunni inn á náttúrulega gróðurreitinn og skapa þess í stað grænt svæði í miðju reitsins, sbr. hugmyndir sem umbjóðendur mínir hafa komið á framfæri á fyrri stigum. Annar möguleiki væri að viðhalda hinum náttúrulega gróðurreit en skapa um leið grænt svæði í námunda og tengslum við fyrrnefndan hjóla- og göngustíg, það er á milli núverandi og fyrirhugaðrar byggðar. Væri það svæði í betri tengslum við flæði fólks um hverfin og gæti skapað skjólgóða og lífvænlega tengingu á milli núverandi og fyrirhugaðrar byggðar ásamt tækifærum fyrir fólk að staldra við og dveljast á svæðinu.

Græn svæði á þessum stöðum myndu einnig skapa andrými milli eldri byggðar og nýrrar. Aukin fjarlægð milli fasteigna fæli þannig meðal annars í sér tilheyrandi minnkun á líklegum grenndaráhrifum, svo sem skuggavarpi. Síðast en ekki síst myndi grænt svæði í hjarta íbúðarbyggðarinnar auka lífsgæði íbúa, bæði nýrra og núverandi, og skapa samfélagsleg verðmæti fyrir bæði hverfin og nærsamfélagið.

Auk framangreinds telja umbjóðendur mínir mikilvægt að aðlaga skala og hæð fyrirhugaðra húsa að því fallega og rótgróna hverfi sem fyrir er. Heildarútlit hverfisins einkennist af lágrestri byggð og myndi uppbygging margra hæða fjölbýlishúsa á hæsta punkti hverfisins og í námunda við núverandi byggð vera töluvert úr takti við heildarútlit hverfisins. Möguleiki til að vinna gegn þessum áhrifum og gæta að heildaryfirbragði hverfisins væri að hafa fyrirhugaða byggð meiri nær Bústadarvegi og trappa hana síðan niður að byggðinni í Stigahlíð. Með slíku fyrirkomulagi væri tryggð ákveðin samfella á milli núverandi og fyrirhugaðrar byggðar og heildaryfirbragð hverfanna yrði betra. Þá myndi fyrirkomulagið einnig draga úr fyrirséðum grenndaráhrifum og hugsanlegum óþægindum. Í þessu samhengi mætti hafa hliðsjón af útfærslu fyrirhugaðrar uppbyggingar í Skerjafirði en þar voru sköpuð skýr skil á milli nýrri og eldri byggðar og gætt að yfirbragði hverfisins í heild sinni.

c. Umferðarmál

Loks þykir umbjóðendum mínum rétt að benda á mikilvægi þess að bílastæðamál séu leyst með fullnægjandi hætti innan Veðurstofureitsins. Af skipulagslýsingunni má ráða að fyrirhuguð íbúðarbyggð eigi að byggja undir græna vistvæna lífshætti og bíllausan lífsstíll. Þá kemur fram að á meðal helstu viðfangsefna og áherslna við skipulagsgerðina sé að skoða bílastæðakröfur og bílastæðahús ásamt fyrirkomulagi á aðgengi ökutækja inn á íbúðareitinn en gert sé ráð fyrir mjög lágri bílastæðakröfu af nánar tilteknum ástæðum.

Að mati umbjóðenda minna er erfitt að ráða af skipulagslýsingunni hvernig bíla- og umferðarmál verða leyst innan reitsins og telja þeir að þörf sé á mun nákvæmari framsetningu í þessum efnunum. Hér er um að ræða mikilvægt atriði í fyrirhugaðri skipulagsvinnu enda telja umbjóðendur mínir líklegt að íbúar hins nýja hverfis muni leitast við að leggja bifreiðum sínum í Stigahlíðinni og öðrum nærliggjandi hverfum verði bílastæðamál ekki leyst með fullnægjandi hætti innan reitsins. Fyrirséð er að slíkt muni leiða til þess að umferðarþungi í nærliggjandi götum muni aukast til muna, meðal annars með tilheyrandi hættu fyrir börn að leik í hverfinu.

Í framangreindu samhengi skal á það bent að hverfið og götur þess eru hannaðar með þann fjölda íbúðarhúsnæðis sem fyrir er en að öllu óbreyttu telja umbjóðendur mínir að umferð um þessar götur, sem eru allar botnlangar, gætu tvöfaldast með tilheyrandi óhagræði fyrir íbúa. Útfærsla bílastæða- og umferðarmála er ekki aðeins hagsmunamál fyrir umbjóðendur mínir heldur alla íbúa á svæðinu og telja umbjóðendur mínir fyrirséð að uppbyggingaráformin muni mæta töluverðri andstöðu verði bílastæða- og umferðarmál ekki leyst með fullnægjandi hætti.


Loks skal á það bent að umbjóðendur mínir telja ekki nægjanlega skýrt hvað felst í því viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagsgerðar að koma fyrir nýrri 7 metra breiðri tengingu sem þjóni „öllum virkum ferðarmátum“ en gert er ráð fyrir að þau áform skýrist á síðari stigum.

II. Niðurlag

Umbjóðendur mínir hafa eðlilega áhyggjur af því að fyrirhuguð uppbygging muni rýra verðgildi fasteigna þeirra og hafa í för með sér skerðingu á lífsgæðum. Að sama skapi telja umbjóðendur mínir að mikil tækifæri felist í fyrirhugaðri uppbyggingu sé staðið rétt að henni. Í því samhengi leggja umbjóðendur mínir áherslu á mikilvægi þess að skapa andrými og líf á milli eldri og núverandi byggðar í stað þess að reisa vegg þar á milli með uppbyggingu í námunda við göngu- og hjólastíginn.

Umbjóðendur mínir binda vonir við að endanlegt deiliskipulag á Veðurstofureitnum verði gott dæmi um skipulagsáætlun sem er unnin í góðu samráði milli íbúa og skipulagsyfyrvalda. Þeir áskilja sér á hinn bóginn allan rétt til þess að beina kröfum á hendur skipulagsyfyrvöldum komi til þess að fyrirhugað deiliskipulag skerði verðmæti fasteigna þeirra.

Virðingarfyllst,



Jörgen Már Ágústsson, lögmaður

MAGNA
L Ö G M A Æ N N

Hjálagt skjal:

Tillaga frá íbúum sem var send skipulagsfulltrúa á fyrri stigum



Grænt svæði
Gróin grágrýnishló
nordan
Litlu Óskjuhlíðar

Nýr mælireitur
Vebústofunnar

Ný staðsetning
geislameiðingahúss
Geislavarna ríkisins

VEITUR ehf.
Stækkun
kaldavatnastanks

Nýtt skrifstofuhús
Vebústofunnar

Blástaðahús
sammytt með
Vebústofunni

Íbúðareitur
1 -
Hagkvæmt
húsnæði

Íbúðareitur
2 -
Nýnemur
markabær

Íbúðareitur
3 -
Grætt
húsnæði

Grænt svæði
Náttúrulegur
gróðurleitur



Umboð

Við undirrituð, eigendur fasteigna að Stigahlíð 87, 89, 91, 93, 95 og 97, veitum hér með umboð til Jörgens Más Ágústssonar, lögmanns á MAGNA Lögmonnum ehf., kt. 541268-0149, til að gæta hagsmuna okkar í tengslum við skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Veðurstofureit.

Umboðið nær til þess að setja fram athugasemdir í okkar nafni vegna umræddrar skipulagslýsingar. Þá nær umboðið til þess að afla allra nauðsynlegra gagna, móttaka gögn og framkvæma aðrar aðgerðir til að gæta hagsmuna okkar vegna málsins.

Allt sem er gert á grundvelli þessa umboðs verður sem við hefðum það sjálf gert.

f.h. Stigahlíðar 87




Nafn og kennitala




f.h. Stigahlíðar 89



Nafn og kennitala



f.h. Stigahlíðar 91




Nafn og kennitala



f.h. Stigahlíðar 93




Nafn og kennitala




f.h. Stigahlíðar 95



Nafn og kennitala



f.h. Stigahlíðar 97



Nafn og kennitala



USK Skipulag

Frá: Pétur Marteinn Tómasson [REDACTED]
Sent: fimmtudagur, 4. maí 2023 22:45
Til: USK Skipulag
Efni: Ábending vegna lýsingar Veðurstofureits

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggð

Heil og sæl,

Á fundi Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 27. apríl sl. var undirrituðum falið að koma á framfæri eftirfarandi ábendingu vegna lýsingar Veðurstofureits, sbr. liður 2 í fundargerð ráðsins.

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða bendir á að sérstaklega þurfi að huga að leik- og grunnskólamálum í nágrenni reitsins, svo sem með fjölgun plássna og aðstöðu í samræmi við það. Að öðru leyti hugnast ráðinu áformin vel.

F.h. Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða,

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson
[REDACTED]



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið – Skipulagsfulltrúi

Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2023
MÍ202304-0001/ 6.09

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Efni: Veðurstofureitur - skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags

Með tölvubréfi dagsett 28. mars 2023 óskaði skipulagsfulltrúinn í Reykjavík eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulagslýsingu *Veðurstofureitur - Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags á Veðurstofuhæð*, dagsett 07.03.2023. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Kringlumýrarbraut til austurs, Bústaðavegi til suðurs, núverandi íbúabyggð við Stigahlíð til norðurs og Háuhlíð til vesturs um opið svæði í Litlu Öskjuhlíð. Fyrirhugað er að byggja nýtt íbúðahverfi ásamt þjónustu með vistvænum áherslum. Í kaflanum *Fyrri undirbúningsvinna – önnur gögn*, kemur fram að fornleifa- og húsakönnun liggir fyrir og að hús Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9 hafi hátt varðveislugildi.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirlönd um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Eins og fram hefur komið liggur fyrir húsakönnun, *Veðurstofuhæð – húsakönnun*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2021, skýrsla nr. 208. Á skipulagssvæðinu eru 7 hús og mannvirki sem reist eru á bilinu 1965-2009 og falla því ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun tekur undir niðurstöðu húsakönnunar um að lagt verði til hverfisvernd í deiliskipulagi fyrir Bústaðaveg 9 (Skrifstofuhús Veðurstofu Íslands) og að sýna þurfi aðgát við hönnun og breytingar á Bústaðavegi 7 (stjórnstöðvarhúss Landsvirkjunar) og Bústaðaveg 7A (vatnsgeymi). Þessi hús hafa hátt byggingarlistar- og menningarsögulegt gildi.

Einnig liggur fyrir fornleifaskráning *Veðurstofuhæð – fornleifaskrá*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2022, skýrsla nr. 209. Samkvæmt

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslustulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Þeirri skráningu eru engar fornleifar skráðar á skipulagssvæðinu, en til fornleifa teljast minjar sem náð hafa 100 ára aldri, sbr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Á svæðinu eru hins vegar skráðar 20 minjar frá 1930 og yngri og þar ef eru 5 enn sjáanlegar á yfirborði austast á skipulagssvæðinu. Um er að ræða minjar sem tilheyrðu erfðafestulöndum Reykjavíkur sem eru mikilvægur hluti af þróunarsögu borgarinnar og hafa menningarsögulegt gildi. Gamli Bústaðavegurinn er einnig sjáanlegur að hluta til, næst öðrum sjáanlegum minjum. Austast á svæðinu er að auki skráð heimild um herbækistöð (Bytown Camp).

Þær minjar sem skráðar eru á skipulagssvæðinu hafa ekki náð þeim aldri að teljast til friðaðra fornleifa, en hafa engu að síður gildi sem vert er að huga að við skipulagsgerð. Markiðið með erfðafestulöndunum var að gefa bæjarbúum kost á landi til ræktunar og risu hús á flestum þeirra. Erfðafestulöndum fjölgaði hratt á fyrstu áratugum 20. aldar og um miðbik aldarinnar þöktu erfðafestulöndin mjög stóran hluta bæjarlands Reykjavíkur. Með sívaxandi byggð í Reykjavík fór þeim að fækka og féllu þau gjarnan inn í hina nýju byggð eftir því sem hún breiddi úr sér og árið 1975 var búið að segja upp öllum erfðafestulöndum í Reykjavík. Minjastofnun hvetur Reykjavíkurborg til að skoða hvort marka eigi stefnu um framtíð og verndun þeirra minja sem eftir eru um erfðafestulöndin. Þessi svæði hafa menningarsögulega skírskotun og gildi fyrir umhverfið. Stofnunin leggur til að kannað verið hvort hægt sé að vernda þær minjar sem sjáanlegar eru á yfirborði á ofangreindum deiliskipulagsreit og fella þær inn í skipulagsgerðina með einhverjum hætti þar sem saga svæðisins verði kynnt almenningi.

Minjastofnun Íslands staðfestir að fyrirliggjandi húsakönnun og fornleifaskráning fullnægir kröfum stofnunarinnar um skráningu vegna deiliskipulags skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Minjastofnun hefur ekki frekari athugasemdir við ofangreinda skipulagslýsingu, en deiliskipulagstillagan skal send stofnuninni til umsagnar þegar hún liggur fyrir.

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Borgarsögusafn (minjavarsla@reykjavik.is)